


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jólagjöfin hennar








# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
13. desember 2011
291. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Fékk ekki að kaupa hús

*Mugison selur plötur á færibandi en komst ekki í gegnum greiðslumat.*

**fólk 42**

## Bankarnir ráðandi

*Landsbanki, Íslandsbanki og Arion banki eiga hlut í öllum skráðum félögum landsins nema einu.*

**viðskipti 14**



## Eiga enn mikið inni

*Ágúst Jóhannsson, þjálfari stelpnanna okkar, fer yfir frábæran árangur liðsins á HM í Brasilíu.*

**sport 38**

### veðrið í dag




**ALLHVASST** á landinu í dag 10-20 m/s, hvassast NV-til og við SA-ströndina. Víða él en þurrt að mestu SV-lands. Kólnandi.

**VEÐUR 4**



**LJÓSTÝRA Í STRAUMROFI** Brunninn strengur í kyndistöð varð til þess að rafmagnslaust varð í Vestmannaeyjum í tæpan einn og hálfan klukkutíma í morgunrökkrinu í gær. Varaaflstöð hélt þó ljósunum í gangi á bæjarskrifstofunum í Ráðhúsinu og sendi litla týru til Eyjamanna. Einnig eru aflstöðvar í sjúkrahúsinu og í húsi Hitaveitunnar.

MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# Skattleggja hagnað en lækka skatt á laun

**Fjársýsluskattur verður lækkaður á laun samkvæmt tillögum þingnefndar. Í staðinn verður settur skattur á hagnað fjármálafyrirtækja yfir 1 milljarð. Fjársýsluskattur á lífeyrissjóði verður felldur niður og mörk skattþrepa hækkuð.**

**EFNAHAGSMÁL** Fjársýsluskattur á lífeyrissjóði verður felldur út úr frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum, bandorminum svokallaða. Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar sampykkti umfangsmiklar breytingar á frumvarpinu í gærkvöld. Það verður til umræðu á þingi í dag.

Þá verður fjársýsluskattur á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja lækkaður um tæpan helming, úr 10,5 prósentum í 5,45 prósent. Þess í stað verður lagður sérstakur sex prósenta tekjuskattur á hagnað fjármálastofnana umfram einn milljarð. Helgi Hjörvar, formaður nefndarinnar, segir að þetta lækki tekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni en hafi ekki áhrif á greiðslugrunn ársins 2012, en við hann miðast efnahagsáætlanir ríkisstjórnarinnar.

Mörkin á milli fyrsta og annars þreps í almennum tekjuskatti hækka um 9,8 prósent samkvæmt tillögunum, en ekki 3,5 prósent líkt og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Mörkin fyrir annað þrep verða 230 þúsund krónur. Mörk þriðja þreps verða óbreytt, 704 þúsund krónur.

Reiknað er með að þessi breyting skili ríkissjóði 300 milljóna króna lægri tekjum. Þá er gert ráð fyrir að framlengja um þrjá mánuði heimild til úttektar á séreignarsparnaði frá því sem frumvarpið kvað á um.

„Við gerum ráð fyrir því að viðbótartekjur af þeirri framlengingu muni skila svipuðum tekjum og tekjutapið vegna hækkunar neðra skattþrepsins," segir Helgi.

Gildistími auðlegðarskatts verður styttur til samræmis við gildistíma gjaldeyrishafta og rennur hann út í árslok 2013. Helgi segir að nefndin hafi talið skynsamlegt að skoða þetta tvennt í samhengi. Hann segir það mat fjármálaráðuneytisins að breytingarnar hafi ekki áhrif á greiðslugrunn fjárlaganna.

**- kóp / sjá síðu 6**

### Forða tvísköttun á séreignarsparnaði

Breyting verður gerð á útfærslu séreignarsparnaðar. Þeir sem hafa greitt meira en 2 prósent af launum sínum í séreignarsjóð verða færðir sjálfkrafa niður í 2 prósent óski þeir ekki sérstaklega eftir öðru. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skattafrádráttur vegna iðgjaldanna lækki úr fjórum prósentum í tvö. Helgi segir breytinguna gerða með tilvísan til neytendaréttarsjónarmiða. Viss tvísköttunarhætta hafi verið fyrir hendi og því verði þessi leið farin yfir það þriggja ára tímabil sem aðgerðin stendur. „Jafnframt vinnst það að sparnaður eykst á ný að þessum tímabundnu aðgerðum loknum. Þannig eru langtímahagsmunir um sparnaðarstig tryggðir." Ekki verður fallið frá skattlagningu á lífeyrissjóði vegna vaxtaniðurgreiðslu fyrir skuldug heimili.

Berglind sigraði í dansþætti:

## Var næstum hætt að dansa

**FÓLK** Berglind Ýr Karlsdóttir, sem fór með sigur af hólmi í þættinum Dans dans dans, íhugaði í vor að hætta í dansi vegna veikinda. Berglind hefur þjáðst af gollurshúsbólgu, eða bólgu í bandvefshulstri kringum hjartað, síðan hún var ellefu ára gömul. „Lyfin hafa slæm áhrif á líkamann, til dæmis á beinin og vöðvana," segir Berglind Ýr.



BERGLIND ÝR KARLSDÓTTIR

**- áp / sjá síðu 30**










## SPURNING DAGSINS



*Birna, er þetta skinnhandrit?*

„Þessi bók er tímanna tákn og því eingöngu prentuð á pappír úr sjálfdauðum trjám.“

Birna Lárusdóttir er ritstjóri og aðalhöfundur bókarinnar Mannvistar – sýnisbókar íslenskra fornleifa sem nýverið kom út.

Lögreglumenn í sérsveit RLS handtóku tvo menn á stolnum bíl:

# Með dóp og bjúghníf á jólahlaðborði

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn úr sérsveit ríkislögreglustjóra veittu á laugardagskvöld athygli tveimur karlmönnum sem sátu í stolnum bíl fyrir utan klúbbhús Vítisengla í Hafnarfirði. Mennirnir voru handteknir og samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kvaðst annar þeirra hafa verið á jólahlaðborði sem Vítisenglar stóðu fyrir þá um kvöldið í höfuðstöðvum sínum.

Við nánari athugun reyndust mennirnir vera með fíkniefni á sér auk þýfis og bjúghnífs sem falinn var vandlega innan klæða. Þá voru mennirnir með tölvuvog sem á stóð „Ég styð Hells Angels“. Þeir voru handteknir og færðir til yfirheyrslu hjá lögreglu en sleppt að henni lokinni.

Vítisenglarnir höfðu kynnt jólahlaðborðið í fjölmiðlum sem fjölskylduskemmtun þar sem börnin þeirra myndu mæta með þeim, svo og pabbi og mamma og afi og amma. Vinir og vandamenn væru velkomnir og frítt inn fyrir börn yngri en tólf ára.




**VÍTISENGLAR** Efndu til jólahlaðborðs fyrir vini og vandamenn í klúbbhúsi sínu í Hafnarfirði síðastliðið laugardagskvöld.

Ráðherra frá Palestínu:

# Utanríkisráðherra til Íslands

**UTANRÍKISMÁL Dr. Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, kemur til Íslands á morgun í boði Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.**

**Malki verður hér á landi fram á föstudag. Hann mun eiga fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Þá mun hann heimsækja Alþingi og hitta Jón Gnarr borgarstjóra. Hann mun einnig halda opinn fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í Norræna húsinu á fimmtudag klukkan 14.45.** - þeb

Össur fundaði með Füle:

# Fjórum köflum var lokað í gær

**EVRÓPUMÁL Fimm kaflar í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins voru opnaðir á þriðju ríkjaráðstefnu sambandsins vegna viðræðnanna í gær. Fjórum kaflanna var lokað á sama tíma.**

**Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra mætti á fund Stefans Füle, stækkunarstjóra sambandsins, þar sem Ísland tók skref fram á við í viðræðunum, að því er segir í tilkynningu frá Evrópusambandinu.**

**Kaflarnir sem lokað var í gær vörðuðu fyrirtækjalög, atvinnu- og iðnstefnu, evrópsk samgönguneti og réttarvörslu og grundvallarréttindi. Kafli um fjárhags- og framlagsmál var opnaður. Alls hafa ellefu kaflar af 35 nú verið opnaðir og átta þeirra hefur þegar verið lokað.** - sh

Minnislaus eftir sveppaát:

# Var allsnakinn í ókunnugri íbúð

**DÓMSMÁL** Lögregla var kölluð að íbúðarhúsi á Selfossi aðfaranótt sunnudags vegna gruns um að þar væri maður sem ekki ætti þar að vera.

Þegar lögreglumenn komu inn í íbúðina sáu þeir allsnakinn karlmann sem lá sofandi í sófa inni í stofu. Af ummerkjum að dæma hafði maðurinn dvalið um tíma í íbúðinni, allt að hálfan sólarhring. Hann reyndist undir áhrifum fíkniefna og gat ekki gert grein fyrir veru sinni en bar við minnisleysi af völdum sveppaneyslu. Eigendur íbúðarinnar eru á ferðalagi erlendis. Maðurinn verður kærður fyrir húsbrot og fyrir brot á lögum um meðferð fíkniefna, en hjá honum fundust sveppir sem sendir verða til efnagreiningar. - jss

# Krydda tómatarækt með hestasýningum

**Fimm þúsund ferðamenn heimsóttu hjónin á Friðheimum í Reykholti í ár til að njóta hestasýningar og skoða tómatarækt upp á íslenskan máta. Gróðurhúsin hafa verið stækkuð til að svara sívaxandi eftirspurn eftir íslensku grænmeti.**

**LANDBÚNAÐUR** „Nýja gróðurhúsið er hugsað fyrir stóraukna tómatarækt en einnig móttöku fyrir ferðamenn,“ segir Knútur Rafn Ármann, garðyrkjubóndi á Friðheimum í Reykholti, sem er að ganga frá nýju 2.200 fermetra gróðurhúsi. Eftir stækkun er rafmagnsnotkun býlisins á við þrjú þúsund manna bæjarfélag.

Knútur og eiginkona hans, Helena Hermundardóttir, keyptu Friðheima árið 1995 og sameinuðu þar garðyrkju og hrossabúskap. Upphaflega ræktuðu þau tómata, paprikur og agúrkur en árið 2002 settu þau upp lýsingu og sneru sér eingöngu að tómatarækt, og þá heilsársrækt.

Aðalbúgreinin er garðyrkjan en Friðheimar eru í senn hestamiðstöð þar sem þau hjónin stunda hestarækt, halda hestasýningar og sinna reiðkennslu.

„Við tókum á móti fimm þúsund gestum í ár til að sjá hestasýninguna okkar. Rúmlega helmingur þeirra skoðar hjá okkur gróðurhúsin. Nú er talað um ferðamannaátak undir merkjum Ísland allt árið og við sjáum fyrir okkur að ferðamenn sem hafa skoðað vatnsauðlindina okkar úti í náttúrunni komi til okkar þar sem matur er framleiddur í Miðjarðarhafsloftslagi. Síðan geta menn sest niður og fengið sér tómatasúpu í notalegheitum á meðan frostið bítur úti,“ segir Knútur, sem framleiðir þrjár tegundir tómata. Hann segir átta tegundir í ræktun á Íslandi, sem sé mikil breyting frá því sem áður var þegar Íslendingar ræktuðu og borðuðu „þessa einu sönnu tegund“.



**KNÚTUR RAFN ÁRMANN** Ræktar á 5.200 fermetrum eftir stækkun. Ferðamenn eru mjög forvitnir um ræktun grænmetis á „sólarlausu“ Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ræktun þeirra hjóna er vistvæn, gróðurhúsin hituð með jarðhita og lífrænar varnir notaðar gegn meindýrum. Lýsing tryggir að ræktun er möguleg allt árið, sem erlendum gestum þeirra finnst heillandi.

Knútur og Helena eru með samninga við ferðaskrifstofur sem færa hópa erlendra ferðamanna heim að dyrum til að njóta hestasýningar. „Sýningin okkar hefur þróast á síðustu fjórum árum og er hugsuð til að kynna sérstöðu íslenska hestsins. Saga hestsins er kynnt og við getum nú sagt fólki þessa sögu á fjórtán tungumálum, þannig að það skiptir okkur litlu máli hvort hópurinn kemur frá Danmörku eða Kína,“ segir Knútur.

Spurður um hag garðyrkjubænda segir Knútur það vera stærsta hagsmunamál garðyrkjubænda að fá orku á sanngjarnari taxta. „Við notum orku eins og þrjú þúsund manna bæjarfélag og það er stærsti kostnaðarhlutinn í okkar framleiðslu.“ svavar@frettabladid.is



**TÓMATAR** Þau hjón rækta þrjár tegundir tómata allt árið um kring. Ræktun tómata hefur breyst mikið, því áður var ræktuð ein tegund á Íslandi en nú eru ræktaðar átta tegundir alls. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KOSNINGAR Í SÝRLANDI** Sveitarstjórnarkosningar eru sagðar marklausar. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningum mótmælt:

# Fyrirtæki lokuð og skólar tómir

**SÝRLAND, AP** Sýrlendingar sýndu andstöðu sína gegn stjórnvöldum víða um land í gær með því að loka fyrirtækjum og senda börn sín ekki í skóla.

Þessar aðgerðir voru gerðar sama dag og sveitarstjórnarkosningar voru haldnar í landinu, þótt mótmælendahreyfingin telji þær marklausar og krefjist sem fyrr afsagnar Bashars al-Assad forseta.

Átök halda áfram víða í landinu og brást stjórnarherinn við af sömu hörkunni og fyrr. - gb

Góð vika hjá Pressunni:

# Flettingar ekki fleiri í 30 vikur

**FJÖLMIÐLAR Aðsókn að fréttavefnum pressan.is jókst um 8,2 prósent í síðustu viku, samkvæmt samræmdri vefmælingu fyrirtækisins Modernus. Mun það vera mesta aðsókn að síðunni í 30 vikur.**

**Það sem sker sig úr í fréttaflutningi Pressunnar í liðinni viku er umfjöllun um mál Egils Einarssonar og nauðgunarkæru á hendur honum. Birti Pressan mynd af unnustu Egils og kærandanum í málinu. Eftir harða gagnrýni var myndin og fréttin sem fylgdi fjarlægð og báðust forsvarsmenn síðunnar ítrekað afsökunar á birtingunni.** - shá

Ostakarfa frá Ostahúsinu

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.




Nánari upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is
Einnig á netfangið: ostakorfur@ostahusid.is og í síma 5653940
Allar körfur eru pakkaðar í sellófan með fallegri slaufu

Cameron sat fyrir svörum á breska þinginu og varði ákvörðun sína:

# Segist ekki hafa átt annan kost

**BRETLAND, AP** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segist hafa verið að verja hagsmuni Breta þegar hann ákvað, einn leiðtoga Evrópusambandsins, að Bretland yrði ekki með í nýja fjármálabandalaginu sem flest ef ekki öll hin aðildarríkin ætla að stofna í vor.

Hann hefur verið gagnrýndur fyrir að einangra Bretland með ákvörðun sinni en varði sig í gær á breska þinginu þar sem hann las upp yfirlýsingu.

Hann segist hafa farið á leiðtogafund ESB fyrir helgi í góðri trú með það eitt fyrir augum að ná samkomulagi um þátttöku Breta í aðgerðum ESB. Hins vegar hafi hann sett nokkrar ófrávíkjanlegar kröfur, sem væru hófsamar og mikilvægar. Þegar þeim fékkst ekki framgengt hafi ekki verið um annað að ræða en neita þátttöku.

Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði Cameron hins vegar aðeins hafa neitað vegna þess að hann hefði ekki getað fengið samþykki sinna eigin flokksmanna. Frekar en að bæta stöðu Breta hefði hann skilið Breta eftir utan við ákvörðunartökuvald Evrópusambandsríkjanna.

Andstæðingar Camerons í Verkamannaflokknum spurðu einnig hvers vegna Nick Clegg, aðstoðarforsætisráðherra Camerons, væri ekki viðstaddur eins og venjulega.



**DAVID CAMERON** Fjarvera Nicks Clegg, aðstoðarforsætisráðherra Camerons, vakti athygli í umræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engin svör fengust við því, en Clegg hefur gagnrýnt ákvörðun Camerons í breskum fjölmiðlum. - gb




*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

**GENGIÐ 12.12.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,29 | 119,85 |
| Sterlingspund | 186,30 | 187,20 |
| Evra | 158,38 | 159,26 |
| Dönsk króna | 21,294 | 21,418 |
| Norsk króna | 20,560 | 20,682 |
| Sænsk króna | 17,502 | 17,604 |
| Japanskt jen | 1,5324 | 1,5414 |
| SDR | 184,87 | 185,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,6893

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Í lok nóvember höfðu 4.549 verið atvinnulausir í meira en eitt ár:

# Atvinnuleysið í nóvember 7,1%

**VINNUMARKAÐUR** Skráð atvinnuleysi í nóvember 2011 var 7,1 prósent, en að meðaltali voru 11.348 atvinnulausir í mánuðinum og fjölgaði um 430 að meðaltali frá október, eða um 0,3 prósentustig.

Atvinnuleysið var 7,9 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 5,7 prósent á landsbyggðinni. Mest var það á Suðurnesjum, 12,3 prósent, en minnst á Norðurlandi vestra, 2,6 prósent. Atvinnuleysið var 6,9 prósent meðal karla og 7,3 prósent meðal kvenna.

Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði er nú 6.734 og fjölgaði um 68 frá lokum október. Þeim sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár fjölgar úr 4.491 í lok október í 4.549 í lok nóvember. Alls voru 2.002 á aldrinum 16-24 ára atvinnulausir í lok nóvember en 1.884 í lok október og fjölgar þeim um 118 frá októberlokum og eru um 16,2 prósent allra atvinnulausra. Í lok nóvember 2010 var fjöldi atvinnulausra ungmenna 2.329. Alls var 2.021 erlendur ríkisborgari án atvinnu í lok nóvember, þar af 1.186 Pólverjar, sem eru um 59% þeirra útlendinga sem voru á skrá í lok mánaðarins. Flestir atvinnulausra erlendra ríkisborgara voru starfandi í byggingariðnaði, 405. - shá



**VIÐ STÖRF** Atvinnuleysið hefur lagst hvað þyngst á starfsmenn í byggingariðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

240 ökumenn stöðvaðir:

# Nokkrir ölvaðir og án skírteinis

**LÖGREGLUMÁL Tvö hundruð og fjörutíu ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um helgina í sérstöku umferðareftirliti lögreglunnar.**

**Þrír ökumenn reyndust ölvaðir og eiga þeir ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Þremur til viðbótar var gert að hætta akstri sökum þess að þeir höfðu neytt áfengis en voru þó undir leyfilegum mörkum. Margir ökumenn höfðu ekki ökuskírteini meðferðis, en slíkt kæruleysi kostar viðkomandi fimm þúsund krónur.** - jss

Konungur tekur af skarið:

# Tengdasonur útilokaður

**SPÁNN, AP** Jóhann Karl Spánarkonungur hefur ákveðið að útiloka tengdason sinn, Iñaki Urdangarin, frá öllum opinberum athöfnum konungsfjölskyldunnar meðan rannsókn stendur yfir á hugsanlegu misferli hans.



**INAKI URDANGARIN**

Urdangarin er grunaður um að hafa dregið sér fé á árunum 2004 til 2006. Hann segist saklaus en viðurkennir að málið valdi konungsfjölskyldunni skaða.

Urdangarin og eiginkona hans, Kristína prinsessa, búa í Bandaríkjunum þar sem hann starfar fyrir spænska sjónvarpsstöð. - gb

# Víðtæk áhrif af banni við mismunun kynja

**Tryggingafélög í Evrópu óttast neikvæð áhrif þess að mega ekki lengur nota kyn sem breytu við útreikning trygginga. Sú niðurstaða Evrópudómstólsins færi iðgjöld frá fólki sem metið sé í mikilli áhættu á hina sem séu í lítilli áhættu.**

**VIÐSKIPTI** Bann við mismunun kynja við tryggingaútreikninga mun hafa margvísleg neikvæð áhrif á neytendur, tryggingamarkaðinn og samfélagið í heild sinni. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Evrópusamtök vátryggjenda hafa látið vinna fyrir sig.

Samkvæmt skýrslunni, sem unnin var af greiningarfyrirtækinu Oxera og kynnt í síðustu viku, er fyrirséð að breytingin muni valda því að lífeyrisgreiðslur skerðist um fimm prósent, líftryggingariðgjöld kvenna hækki um þrjátíu prósent og iðgjöld bílatrygginga ungra kvenna hækki um ellefu prósent.

Evrópudómstóllinn kvað upp úr með það í vor að tryggingafélögum yrði frá og með 21. desember óheimilt að innheimta mishá iðgjöld af körlum og konum. Það jafngilti mismunun að meta áhættu í tryggingasamningum ólíka milli kynja.

Kyn er nú næstalgengasta breytan við gerð tryggingasamninga í Evrópu, á eftir aldri, þótt í skýrslunni segi að ekki sé horft til kyns við ákvörðun verðs nema þegar það hafi veruleg áhrif á áhættumat.

Sem dæmi má nefna að í öllum löndum sem skoðuð voru greiða konur nú lægri iðgjöld af líftryggingum en karlar, vegna þess að þær hafa betri lífslíkur á þeim tíma sem tryggingin nær til.

Konur fá jafnan lægri mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá tryggingafélögum en karlar.



**ÓLÍK IÐGJÖLD** Ungar konur greiða víðast hvar minna í iðgjöld af bílatryggingum en ungir karlmenn, enda eru þeir gjarnari á að lenda í óhöppum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hins vegar njóta þær þeirra í lengri tíma, þökk sé hærri meðalaldri, og samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar koma heildargreiðslur til karla og kvenna af þessum sökum nokkurn veginn út á sléttu.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að með banninu muni iðgjöld að einhverju leyti flytjast af fólki sem metið sé í mikilli áhættu yfir á fólk í lítilli áhættu. Þetta kunni að hafa keðjuverkandi áhrif og letja fólk til að spara til elliáranna.

„Evrópski tryggingaiðnaðurinn mun auðvitað virða niðurstöðu dómstólsins en menn verða að átta sig á afleiðingunum fyrir neytendur og vátryggjendur,“ segir Michaela Koller, forstjóri Evrópusamtaka vátryggjenda.

Dómurinn frá því í vor hefur vakið upp umræðu um hvort eins geti farið með mismunun á grundvelli örorku og aldurs. Samtökin leggja mikla áherslu á að geta enn byggt útreikninga sína á þessum þáttum og telja að bann við því muni grafa undan allri tryggingastarfsemi.

Dómur Evrópudómstólsins mun hafa fordæmisgildi hér á landi þar sem tilskipunin sem hann byggist á hefur verið innleidd í íslenskan rétt, að sögn Vigdísar Halldórsdóttur, lögfræðings hjá Samtökum fjármálafyrirtækja.

**stigur@frettabladid.is**



**KOMINN TIL PANAMA** Manuel Noriega í hjólastólnum. NORDICPHOTOS/AFP

Noriega til Panama:

# Situr í fangelsi næstu áratugi

**PANAMA, AP** Manuel Noriega, fyrrverandi forseti Panama, var fluttur heim til Panama í gær eftir 22 ára fjarveru.

Bandarískir hermenn handtóku Noriega, sem orðinn er 77 ára, í innrás árið 1989 og fluttu hann til Bandaríkjanna. Hann sat síðan sautján ár í fangelsi í Bandaríkjunum fyrir aðild að fíkniefnasmygli. Hann var síðan framseldur til Frakklands, þar sem hann sat tvö ár í fangelsi fyrir peningaþvætti. Hann er nú að hefja afplánun tuttugu ára fangelsisdóms í Panama fyrir morð á pólitískum andstæðingum sínum á níunda áratug síðustu aldar. - gb

Mikið um innbrot í bíla:

# Jólagjöfum stolið úr bílum

**LÖGREGLUMÁL Nokkuð hefur verið um innbrot í bíla á höfuðborgarsvæðinu, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Þjófunum er ekkert heilagt og þeir stela jafnvel jólagjöfum ef því er að skipta. Annars eru það einkum GPS-tæki, myndavélar og tölvur sem freista þjófa en þetta verða eigendur eða umráðamenn ökutækja að hafa hugfast og muna að skilja ekki nein verðmæti eftir í bílum. Sé það óumflýjanlegt er mikilvægt að slíkir hlutir séu ekki í augsýn. Sömuleiðis er rétt að benda á mikilvægi þess að skilja bíla frekar eftir á upplýstum bílastæðum ef þess er nokkur kostur.** - jss

## SUÐURLAND

### Lokað að Gullfossi

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að loka tímabundið gönguleið sem liggur frá neðra bílastæði að fossbrún Gullfoss. Að vetrarlagi geta skapast hættulegar aðstæður vegna hálku og er stígnum lokað í öryggisskyni. Skilti á fjórum tungumálum hafa verið sett upp til upplýsinga um lokunina.

### Með kort á válista

Maður sem tók leigubíl frá Grímsnesi á Selfoss og til baka reyndi að greiða með greiðslukorti sem var á válista. Leigubílstjórinn kærði manninn.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR Á NÝ**
Leiðindaveður sums staðar á landinu í dag, einkum norðan og austan til þar sem verður nokkuð úrkomusamt. Dregur heldur úr vindi og kólnar til morguns.




Á MORGUN 8-13 m/s.

FIMMTUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 9° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 3° |
| París | 12° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




**MEMORY FOAM**
**DREAMZONE**

**Upplýsingar**
- Bólstruð umgjörð
- Rafmagnsbotn + fætur
- GOLD E70 springdýna
- GOLD E70 yfirdýna
- COMFORT ZONE pokagormar

| | |
|---|---|
| 90 x 200 sm. | **169.950** |
| 2 x 90 x 200 sm. | **339.900** |

**GOLD E70 rafmagnsrúm**
Einstaklega vandað rafmagnsrúm með góðri springdýnu með 500 pokagormum pr. m². Dýnan er með 5 þægindasvæðum. Yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi, 8 sm. þykk. Áklæði á yfirdýnu er hægt að taka af og þvo við 40°C. Stillingar fyrir bak og fætur. Falleg, bólstruð rúmumgjörð. Þráðlaus fjarstýring fylgir. Fætur fylgja. Einstök gæði á góðu rúmi!

# SOFÐU RÓTT UM JÓLIN




**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONNELL gormar pr. m². Fætur fylgja með.

**SERTA BLU ANGEL amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er innbyggð þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru 520 BONELL gormar pr. m². Grind fylgir ekki.




**MEMORY FOAM**

**Heilsudýna úr MEMORY FOAM**
Góð heilsudýna úr MEMORY FOAM svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Svampurinn er sérhannaður með þrýstijafnandi eiginleika og veitir líkamanum góðan stuðning. Þykkt: 15,2 sm. Fæst í 3 stærðum.

| | |
|---|---|
| 90 x 200 sm. | **29.950** |
| 120 x 200 sm. | **39.950** |
| 140 x 200 sm. | **44.950** |
| 152 x 203 sm. | **49.950** |







| | |
|---|---|
| 90 x 200 sm. | **7.995** |
| 120 x 200 sm. | **9.995** |
| 152 x 203 sm. | **12.950** |

**Eggjabakkalöguð yfirdýna úr MEMORY FOAM**
Eggjabakkalöguð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi sem eykur þægindi og vellíðan. Svampurinn er sérhannaður með þrýstijafnandi eiginleika og veitir líkamanum góðan stuðning. Þykkt: 5 sm. Fæst í 4 stærðum.

**VELOUR COMFORT gestarúm**
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu. Taska fylgir. Stærð: B157 x L203 x H47 sm.




**FOCUS gestarúm**
Góð lausn er gest ber að garði. 13 sm. þykk dýna með BONELL gormum. Stærð: B80 x L190 sm.




TILBOÐIN GILDA 13.12 - 15.12

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## KJÖRKASSINN



*Eru skór settir út í glugga á þínu heimili fyrir jólin?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 41,1% |
| NEI | 58,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgdist þú með íslenska kvennalandsliðinu í handbolta á heimsmeistaramótinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is. Vísir

Kanna á hvort skattlagning á lífeyrissjóði felur í sér ójöfnuð á milli opinbera og almenna lífeyriskerfisins:

# Segir skatt vegna skuldamála styrkja lífeyrissjóði

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir lífeyrissjóðina njóta góðs af skattlagningu á sjóðina. Hún sé hluti af aðgerðum til styrktar skuldugum heimilum og sjóðirnir muni njóta góðs af betri stöðu heimilanna.

„Það er fráleitt að tala um þetta sem tapað fé lífeyrissjóðanna. Þeir njóta góðs af samlegðaráhrifum, það dregur úr afskriftum og þetta bætir eignasafn sjóðanna. Þá styrkir þetta greiðslugetu skuldunauta sjóðanna. Þetta er fráleitt skattlagning út í loftið og allra síst sett á vegna halla ríkissjóðs.“

Steingrímur segir skattinn hluta af samkomulagi stjórnvalda, banka og lífeyrissjóða til að koma til móts við skuldug heimili. Fjármunir nýtist til vaxtaniðurgreiðslu. Um tímabundna aðgerð til tveggja ára sé að ræða. Ríkissjóður leggi 2,5 milljarða í verkefnið, bankarnir 2,1 og lífeyrissjóðir 1,4 milljarða hvort árið.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



HELGI HJÖRVAR

„Það gera sér allir grein fyrir mikilvægi lífeyrissjóða og það eru engin áform um þetta sem framtíðarskatta. Þetta er algjörlega bundið við þessa aðgerð.“

Steingrímur dregur mjög í efa að þetta hafi áhrif á lífeyrisréttindi og getu sjóðanna til útgreiðslu. Staða sjóðanna hefði síst orðið betri hefði ekkert samkomulag náðst um málið.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að málið sé enn til umfjöllunar hjá nefndinni og verði tekið fyrir síðar í vikunni. Skatturinn á lífeyrissjóðina sé einskiptisaðgerð og hlutur lífeyrissjóðanna í 12 milljarða greiðslu til skuldugra heimila í landinu. Hann segir ekki áform uppi um að hrófla við skattinum.

„Við höfum ekki uppi áform um það en til athugunar er hvort þetta auki ójafnað á milli þeirra sem eru í opinbera kerfinu annars vegar og almenna kerfinu hins vegar.“ **- kóp**




# Ofbeldisvarnaráði verði komið á fót

**Enginn ber ábyrgð á forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum hér á landi. Þó er það ein mesta ógn sem steðjar að börnum. UNICEF leggur til að stofnað verði ofbeldisvarnaráð eða forvörnum verði fundinn staður í kerfinu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi eru í engu samræmi við það hversu mikil ógn ofbeldið er við heilsu og réttindi barna á Íslandi. Þetta segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. Stofnunin hefur gert ráðamönnum grein fyrir hugmyndum sínum um að stofnað verði ofbeldisvarnaráð hér á landi sem myndi sinna forvörnum gegn ofbeldi með áherslu á kynferðislegt ofbeldi, eða að forvörnum verði fundinn staður hjá viðeigandi stofnun.

UNICEF gaf út skýrslu um stöðu barna á Íslandi í vor þar sem fram kemur að enginn á vegum hins opinbera beri ábyrgð á forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Þá sé vandinn ekki markvisst kortlagður með reglubundnum rannsóknum og greiningu. „Opinberir aðilar verða að vinna markvisst gegn kynferðislegu ofbeldi. Skýrt verður að vera hverjir bera ábyrgð á forvörnum og fjármagn verður að vera tryggt til þess starfs,“ segir meðal annars í skýrslunni. Í fyrra komu 430 tilkynningar um kynferðislegt ofbeldi til barnaverndarnefnda, eða meira en ein tilkynning á dag.

„Ríkið hefur á undanförnum áratugum tekið málefni fyrir sem eru metin sem samfélagsleg ógn og barist gegn þeim með kjafti og klóm,“ segir Stefán. „Á hverju ári fara 120 milljónir í það sem kallað er áróður hjá Umferðarstofu. Enda eru auglýsingarnar mjög flottar og hafa áhrif. Í vímuvörnum hefur það sama verið gert.“ Þessar aðgerðir hafa skilað miklum árangri, að sögn Stefáns.

Enginn beri þó ábyrgð á því að koma í veg fyrir eða minnka kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og nánast engum opinberum peningum sé eytt í það, þrátt fyrir að kynferðislegt ofbeldi sé einhver sú mesta ógn sem steðji að börnum á Íslandi.

Heilsugæslan hefur þróað forvarnaverkefni í þessum málaflokki sem sett var af stað í byrjun árs, og segir Stefán að þar hafi verið unnið mjög gott frumkvöðlastarf. Einnig vinni félagasamtök eins og Stígamót, Blátt áfram og Drekaslóð í þessum málaflokki. Sérfræðingarnir séu því til staðar. Þá sé unnið í þessum málaflokki hjá Barnahúsi, Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndum, „það vantar bara viljann og kraftinn frá hinu opinbera.“

**thorunn@frettabladid.is**



**MIKIL ÓGN** Ofbeldi er mikil ógn við heilsu og réttindi barna hér á landi. 430 tilkynningar komu til barnaverndarnefnda um kynferðislegt ofbeldi á börnum í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

### Hvernig myndi ráðið virka?

Markmið ofbeldisvarnaráðs yrði að styrkja áróður og fræðslu gegn ofbeldi, með sérstakri áherslu á kynferðislegt ofbeldi. Áhersla yrði einnig lögð á fræðslu og áróður gagnvart hugsanlegum gerendum. Þá yrði stutt við og hvatt til nýrra rannsókna á ofbeldi á Íslandi, sérstaklega hvað varðar kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Ráðið myndi jafnframt styðja aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir klámi og til að auka fræðslu um skýra tengingu ofbeldis og kláms.

Hugmyndin er að ráðið yrði skipað með formlegum hætti af stjórnvöldum. Sérfræðingar myndu skipa ráðið, sem myndi vinna að verkefnum á grundvelli rannsókna og reynslu í samvinnu við félagasamtök, menntastofnanir og aðra sem að málaflokknum koma. Möguleg fjármögnun á ráðinu gæti verið að láta alla þá sem brjóti lög greiða fasta fjárhæð í sjóðinn. Sú leið hafi gefist vel í Svíþjóð. ÚR GREINARGERÐ UM OFBELDISVARNARÁÐ




Þjóðminjasafnið býður jólasveinana velkomna alveg fram að jólum:

# Jólasveinarnir mæta á safnið

**JÓL** Stekkjarstaur mætti í heimsókn á Þjóðminjasafnið í gærmorgun, en hann er fyrsti jólasveinninn og kom til byggða í fyrrinótt. Fjöldinn allur af börnum tók á móti Stekkjarstaur.

Jólasveinarnir munu koma hver á eftir öðrum í safnið klukkan ellefu á morgnana fram að jólum eins og undanfarin ár. Giljagaur mætir því í safnið í dag.

Jólasveinarnir mæta í þjóðlegu fötunum sínum á Þjóðminjasafnið, enda fékk safnið íslenska hönnuði og handverksfólk til þess að gera ný föt handa þeim fyrir nokkrum árum. Hægt er að fræðast um íslensku jólasveinana og jólasiði á heimasíðu Þjóðminjasafnsins. **- þeb**



**STEKKJARSTAUR** Fyrsti jólasveinninn kom til byggða í fyrrinótt og kom við í Þjóðminjasafninu við góðar undirtektir barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SUZUKI

SUZUKI Way of Life!

## Skynsamlegur kostur

### NÝR SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús. Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km



### SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**

**Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél**

Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km

FULL FRAME 4x4





### SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur



### Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki

**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**

2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km



### Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash

Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.

### Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.



FULL FRAME 4x4



### Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur

Verð frá kr. 3.250 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Okt 2011

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu margir íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja Reykjavíkurflugvöll burt úr Vatnsmýrinni samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2?*
2. *Hversu mörg mörk skoraði íslenska landsliðið í handbolta kvenna gegn Rússum?*
3. *Hvaða tungumál er leikarinn Ingvar E. Sigurðsson að læra um þessar mundir?*

**SVÖR**

*1. 15 prósent. 2. 19. 3. Norsku.*

Þriðji auðugasti maður Rússlands býður sig fram gegn Pútín:

# Segir almenning vera að vakna

**RÚSSLAND, AP** „Samfélagið er að vakna," sagði Mikhaíl Prokhorov, þriðji auðugasti maður Rússlands, þegar hann tilkynnti um framboð sitt til forsetakosninga í vor.

Prokhorov getur, ekki síst í krafti auðæfa sinna, torveldað sigur Pútíns, sem allt fram á síðustu daga hefur þótt harla öruggur. Hann ætti að eiga auðvelt með að höfða til óánægju fólks sem hefur gagnrýnt Pútín fyrir bæði kosningasvindl og valdamisnotkun. Hann segist þó ekki ætla að byggja kosningabaráttu sína á gagnrýni á Pútín, og svaraði engu þegar hann var spurður hvort hann ætlaði að taka þátt í mótmælum gegn Pútín.

Pútín hefur fyrir sitt leyti fullyrt að meint kosningasvindl í þingkosningunum fyrr í mánuðinum myndi ekki breyta neinu um gildi kosninganna eða úrslit þeirra, jafnvel þótt í ljós kæmi að það hefði í raun átt sér stað. Það væri það lítið umfangs. Fjölmenn mótmæli gegn Pútín sýna hins vegar að andstæðingar hans hafa styrkst í kjölfar kosninganna og ímynd Pútíns er ekki lengur jafn örugg og áður var. Prokharov er hins vegar í hópi auðkýfinganna sem rökuðu til sín fé á ólgutímanum eftir hrun Sovétríkjanna og á engan veginn stuðning almennings vísan. **- gb**



**MIKHAÍL PROKHOROV** Auðkýfingurinn hefur boðið sig fram. NORDICPHOTOS/AFP

Sérlega hættuleg árás:

# Henti 18 kílóa borði í konu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á sextugsaldri fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 8. apríl, á þáverandi heimili sínu í Reykjanesbæ, hent átján kílóa borðstofuborði í konu. Hún hlaut stóran og djúpan skurð á hægri handlegg sem sauma þurfti með 21 spori. Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar. **- jss**

Breytingar hjá leikskólum:

# Allir með sama matseðil í boði

**AKUREYRI** Matseðlum á leikskólum Akureyrar verður breytt frá og með áramótum.

Í morgunmat og hressingu verður börnum boðið upp á tvær til fimm tegundir af ávöxtum og grænmeti, vatn og mjólk, í stað kornmetis sem áður var. Í tilkynningu frá bænum segir að þetta sé meðal annars gert með tilvísun til leiðbeininga frá Lýðheilsustöð.

Ákveðið hefur verið að hafa sama matseðil í öllum leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar. Bærinn hefur gert samning við birgja er annast sölu á kjötvörum, fiski og ávöxtum og grænmeti. Samið hefur verið við sérfræðinga um eftirlit með gæðum hráefnisins. **- sv**

Fáir ætla að eyða meira fé til jólagjafakaupa í ár samanborið við í fyrra:

# Flestir ætla að eyða svipað miklu í jólagjafir og í fyrra

**KÖNNUN** Landsmenn ætla ýmist að eyða svipuðum upphæðum og í fyrra til jólagjafakaupa, eða eyða lægri upphæðum en fyrir síðustu jól, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 58,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni ætla að eyða svipuðum upphæðum og í fyrra í jólagjafirnar. Um 33,5 prósent ætla að eyða minni peningum en á síðasta ári. Aðeins 7,8 prósent segjast reikna með að eyða hærri fjárhæðum í jólagjafakaupin.

Karlar virðast örlítið líklegri en konur til að ætla að auka við útgjöldin eða halda þeim óbreyttum. Um 31,7 prósent karla segjast ætla að eyða minna fé, 60,1 prósent svipuðu og í fyrra, og 8,2 prósent hærri fjárhæðum. Um 35,4 prósent kvenna ætla að draga úr útgjöldum, 57,3 prósent halda þeim óbreyttum en 7,4 prósent eyða meiru.

Þeir sem eldri eru virðast aðhaldssamari í jólagjafakaupunum en yngra fólk. Um 10,6 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára ætla að eyða meiru í jólagjafirnar í ár, en 4,1 prósent fólks 50 ára og eldri.

Hringt var í 800 manns dagana 7. og 8. desember. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Ætlar þú að eyða minni eða meiri peningum í jólagjafir í ár samanborið við síðustu jól? Alls tóku 97,3 prósent afstöðu. **- bj**

**Jólagjafakaup**

**Ætlar þú að eyða minni eða meiri peningum í jólagjafir í ár samanborið við síðustu jól?**




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

Óttast skerta heilsugæslu:

# Köld excel-skjöl segja ekkert

**SVEITARSTJÓRNIR „Kaldir meðaltalsútreikningar í excel-skjölum segja ekkert til um aðstæður á einstökum stöðum," segir bæjarstjórn Grundarfjarðar, sem hvetur Heilbrigðisstofnun Vesturlands til að skera niður í öðru en heilsugæslunni.**

**Bæjarstjórnin segir Grundfirðinga hafa búið við stöðuga læknisþjónustu í áratugi. Boðuð sameining vaktsvæða á Snæfellsnesi geti sett það í uppnám. „Einnig er vandséð að fyrirhugaðar breytingar leiði til sparnaðar þegar upp er staðið, til dæmis vegna aukins kostnaðar við sjúkraflutninga," segir bæjarstjórnin, sem kveður válynd vetrarveður á norðanverðu Snæfellsnesi hafa áhrif á samgöngur. Tryggja þurfi sólarhringsviðveru læknis í Grundarfirði. - gar**





1 **Símtæki Gigaset**
AS180
Langur taltími, mikil hljómgæði.
**Jólaverð: 5.930 kr. stgr.**

2 **Vendela borðlampar**
**Jólaverð: 8.500 kr. stgr.**

3 **Þvottavél**
WM 10A163DN
Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1000 sn./mín.
**Jólaverð: 84.900 kr. stgr.**

4 **Þurrkari**
WT 44E103DN
Tekur mest 7 kg. Gufuþétting, enginn barki.
**Jólaverð: 119.900 kr. stgr.**

5 **Skaftryksuga**
MOVE 4
Ein sú allra öflugasta, 18 V.
**Jólaverð: 23.900 kr. stgr.**

6 **Eldhúsvogir**
AD3138W / AD3138B
Vigta allt að 5 kg með 1 g nákvæmni.
**Jólaverð: 2.200 kr. stgr.**

7 **Expressó-kaffivél**
TK 52001
Sjálfvirk kaffivél, 15 bara þrýstingur.
**Jólaverð: 79.900 kr. stgr.**

Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

Komdu í heimsókn til okkar á aðventunni og gerðu góð kaup.

Fjöldi tækja á sérstöku jólaverði.

Sjón er sögu ríkari.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

HYUNDAI

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

**ATH!**
**EIGUM NOKKRA BÍLA FYRIRLIGGJANDI MEÐ LÆGRI VÖRUGJÖLDUM FYRIR ÁRAMÓT.**

# NÝR SANTA FE
## DÍSIL, 197 HESTÖFL



ENNEMM / SÍA / NM49424

## Santa Fe

Fjölmargar nýjungar er að finna í nýjum Hyundai Santa Fe en þær merkustu leynast undir vélarhlífinni. Þar situr splunkuný, 197 hestafla dísilvél, sem eyðir ekki nema tæpum sjö lítrum á hverja hundrað km! Útlit bílsins hefur allt verið uppfært en sem fyrr er Santa Fe rúmgóður og öruggur fjölskyldubíll sem þekktur er fyrir áreiðanleika og gæði. Líttu til okkar og kynntu þér glæsilegan jeppa á góðu verði.

**Verð 6.890.000 kr.**

Eyðsla í langkeyrslu 6,2 l/100 km

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

**Komdu og reynsluaktu nýjum Santa Fe í dag!**



*ix35*

ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.
**Verð 5.590.000 kr.**
Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000





Ísland, Noregur, Færeyjar og Evrópusambandið ná ekki saman um makrílveiðar:

# Segja „óraunhæfa“ tillögu vonbrigði

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** „Tillagan var algjörlega óraunhæf, fól í sér skref aftur á bak frá undanförnum fundum og olli íslenskum stjórnvöldum því miklum vonbrigðum,“ segir Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslendinga í viðræðum um makrílveiðar, um tillögu ESB og Noregs varðandi veiðarnar.


TÓMAS Á. HEIÐAR

Fulltrúar Íslands funduðu með fulltrúum ESB, Noregs og Færeyja í Clonakilty á Írlandi 6.-9. desember. Þar lögðu ESB og Noregur fram tillögu um skiptingu aflaheimilda milli strandríkjanna fjögurra.

„Í ljósi þess að ekki virtist mögulegt að ná samkomulagi um framtíðarstjórnun makrílveiðanna lagði Ísland til bráðabirgðalausn í því skyni að tryggja verndun stofnsins. Fólst hún í því að aðilar myndu virða ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um leyfilegan heildarafla ársins 2012, 639.000 tonn, og halda núverandi hlutdeild sinni í veiðunum,“ segir Tómas sem kveður hinar þjóðirnar ekki hafa fallist á þetta.

Þetta segir Tómas þýða að hlutdeild Íslands í makrílveiðunum á næsta ári verði óbreytt, um 16 prósent. Íslensk stjórnvöld leggi áfram ríka áherslu á að ná samkomulagi um stjórnun makrílveiðanna til að tryggja sjálfbærar veiðar og koma í veg fyrir frekari ofveiði úr stofninum. „Náist samkomulag aðila á næstunni verður framangreind ákvörðun að sjálfsögðu tekin til endurskoðunar.“ **- gar**


**HELLE THORNING-SCHMIDT OG STEPHEN KINNOCK** Stephen, eiginmaður forsætisráðherra Danmerkur, er sonur Neils Kinnock, fyrrverandi leiðtoga breska Verkamannaflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

# Skattamálið reynist Venstre harla erfitt

**Lars Løkke Rasmussen situr nú undir ásökunum um óeðlileg afskipti af skattamálum Helle Thorning-Schmidt, arftaka hans á forsætisráðherrastóli. Rannsóknarnefnd hefur tekið til starfa og málið gæti endað fyrir landsdómi.**

**DANMÖRK** Grunur um óréttmæt afskipti stjórnar Lars Løkke Rasmussen, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, af skattamálum núverandi forsætisráðherra eru óðum að snúast upp í martröð fyrir flokk Rasmussens, hægriflokkinn Venstre sem nú er í stjórnarandstöðu.

Rannsóknarnefnd fær nú það verkefni að kalla bæði Rasmussen og Troels Lund Poulsen, sem var skattaráðherra í stjórn Rasmussens, í yfirheyrslur sem hugsanlega verður sjónvarpað beint.

Sérfræðingar telja líkur á að málið geti endað fyrir landsdómi, komi í ljós að skattaráðuneytið hafi misnotað völd sín til að klekkja á pólitískum andstæðingi.

Forsagan er sú að sumarið 2010 birtust í dönskum fjölmiðlum upplýsingar um persónuleg skattamál Helle Thorning-Schmidt, leiðtoga danska Jafnaðarmannaflokksins, sem nú er orðin forsætisráðherra landsins. Grunsemdir vöknuðu um að hún og eiginmaður hennar, Stephen Kinnock, hefðu svikið undan skatti.

Þau voru hreinsuð af þeim grun fáeinum vikum síðar, en undanfarið hefur athyglin beinst að því hver lak þessum persónuupplýsingum í fjölmiðla sumarið 2010. Vaxandi grunur beinist að Peter Arnfeldt, sem var fjölmiðlafulltrúi Poulsens, þáverandi skattamálaráðherra.

Alvarlegast væri ef Poulsen eða starfsmenn hans í ráðuneytinu yrðu uppvísir að því að hafa reynt að hafa bein eða óbein afskipti af skattamálum þeirra hjóna.

Sjálfur neitar Poulsen þessu og Rasmussen segist ekkert vita.

„Við erum öll mjög spennt að sjá hve stór skaðinn verður,“ hefur danska dagblaðið Politiken eftir ónefndum talsmanni Venstre.

Dönsku dagblöðin B.T. og Ekstra Bladet sitja einnig undir gagnrýni fyrir að hafa birt upplýsingarnar sem lekið var til þeirra.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Þrjár konur tóku við friðarverðlaunum Nóbels í Ósló um helgina:

# Konur láti í sér heyra fyrir frelsi

**NOREGUR** Ellen Johnson Sirleaf, Leymah Gbowee og Tawakkul Karman fengu friðarverðlaun Nóbels afhent í Ósló á laugardag. Konurnar þrjár hafa barist gegn misrétti, einræðisherrum og kynferðislegu ofbeldi í Líberíu og Jemen. Í ræðum sínum hvöttu þær kúgaðar konur heimsins til þess að rísa upp gegn yfirráðum karla.

„Systur, dætur, vinkonur – finnið raddir ykkar. Finnið röddina, látið í ykkur heyra, látið rödd ykkar vera rödd frelsis,“ sagði Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu. Hún er fyrsti kvenforseti landsins sem kosinn er lýðræðislegri kosningu. Hún sagðist taka við viðurkenningunni fyrir hönd allra kvenna sem barist hefðu fyrir friði.

Leymah Gbowee, friðarfrömuður frá Líberíu, barðist einnig fyrir friði í borgarastyrjöld í landinu. Hún hefur barist fyrir réttindum kvenna og gegn nauðgunum. Hún sagði friðarverðlaunin viðurkenningu á baráttu fyrir kvenréttindum alls staðar þar sem konur eru kúgaðar. „Það má ekki hvílast fyrr en heimurinn verður heill og stöðugur, þar sem allir karlar og konur eru jafningjar og frjáls.“


**VERÐLAUNAHAFARNIR ÞRÍR** Konurnar þrjár sem tóku við verðlaunum sínum í Ósló á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tawakkul Karman er meðal ötulustu mótmælenda í Jemen. Hún er bæði fyrsta íslamska konan til að taka við friðarverðlaununum og yngsti verðlaunahafinn. Hún sagðist taka við verðlaununum fyrir hönd ungs fólks sem berðist fyrir friði. **- þeb**


BOURJOIS
PARIS
CLARINS
CLINIQUE
DEBENHAMS
snyrtivörur
EGF
HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR
HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME
PARIS
O·P·I
nails inc.
LONDON
SENSAI
Kanebo
SHISEIDO
MAC
Þriðjudagstilboð
20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum
Aðeins í dag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
fókus

**FRÉTTASKÝRING:** Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna

# Pólitíkusar heykjast á samkomulagi

**Ekki tókst að ná lagalega bindandi samkomulagi allra þjóða um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda í Durban. Engu að síður skuldbundu ríki sig til að ná saman um samning sem tæki gildi 2020. Umhverfissinnar hafa áhyggjur af því að það verði of seint. Kýótó-bókunin rennur út á næsta ári.**

Þróuð ríki taka á sig lagalega bindandi skuldbindingu um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda eftir 2012. Þetta er niðurstaða loftslagsráðstefnunnar í Durban sem lauk um helgina. Ekki náðist samkomulag sem næði til allra þjóða og eru það nokkur vonbrigði. Ríkin sammæltust þó um að ná lagalega bindandi samningi sem nást skyldi 2015, en tæki ekki gildi fyrr en 2020.

Sömu átakalínur voru á ráðstefnunni í Durban og hafa verið í þessum málaflokki síðustu ár. Evrópusambandið vill ganga lengst og minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 20 prósent miðað við árið 1990. Bandaríkin vilja miða við árið 2005, sem þýðir mun minni samdrátt. Stríðið stendur síðan á milli Bandaríkjanna og þróunarríkja, en þau fyrrnefndu vilja að eitt samkomulag gildi fyrir alla.

Því hafa þróunarríkin mótmælt og bent á að iðnríkin hafi notið hagsældar iðnvæðingarinnar áratugum ef ekki öldum saman með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Kínverjar hafa til að mynda viljað miða bókhaldið við 1. janúar 1900 og telja sig eiga nokkuð inni í útblæstri miðað við vestrænar þjóðir.

> Þess vegna er niðurstaðan í Durban uppgjöf að mínu mati sem mannkynið mun þurfa að greiða dýru verði, til dæmis með auknum veðurofsa.
>
> GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON
> FORMAÐUR LANDVERNDAR

### Kyoto fellur úr gildi

Samkomulag um samdrátt náðist í Kýótó árið 1997 og er kennt við þá borg. Samkvæmt því tóku nær 40 þróuð ríki á sig tölulegar skuldbindingar um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2008 til 2012. Bókunin rennur því út á næsta ári.

Reynt hefur verið að ná saman um nýjan samning síðustu fimm árin en ekkert hefur gengið, ekki síst vegna fyrrnefnds ágreinings. Japan, Rússland og Kanada hafa sagt sig frá bókuninni. Á móti hefur Evrópusambandið, Ísland, Noregur, Sviss, Ástralía, Nýja-Sjáland og fleiri ríki lýst sig reiðubúin til að taka á sig nýjar skuldbindingar innan bókunarinnar.

Ríkin innan Kýótó-bókunarinnar eru ábyrg fyrir 16 prósentum af losun gróðurhúsalofttegunda, en upphaflega markmiðið var að bókunin næði til meira en helmings losunar.

### Endurheimt votlendis

Niðurstaðan í Durban gerir ráð fyrir að á næsta ári verði gengið frá fastri tölu fyrir einstök ríki um hve mikið skuli dregið úr útblæstri. Þá verður stefnt að því að framlög þróaðra ríkja til þróunarlanda á sviði loftslagsmála verði 100 milljarðar Bandaríkjadala árlega árið 2020.

Ísland hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í 2. skuldbindingartímabili Kýótó, en landið verður ekki með sérstaka tölulega skuldbindingu heldur undir sameiginlegum hatti flestra Evrópuríkja. Ísland verður hluti af evrópsku viðskiptakerfi með losunarheimildir eftir áramótin 2012 til 2013 og mun það ná til meira en 40 prósenta losunar hér á landi, einkum frá stóriðju.

Samkomulag náðist um aðgerðir til endurheimtar votlendis, til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Sú tillaga kemur upphaflega frá Íslendingum og var efni hennar að mestu samþykkt í fyrra.

### Fjármagn vantar

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir íslenska stjórnmálamenn þurfa að gera það upp við sig hvort þeir ætli að bíða með aðgerðir í næstum áratug eða að Ísland gangi á undan með góðu fordæmi. „Því miður virðist fáir tilbúnir í þá vegferð.

„Hér virðist árangur stjórnmálanna t.d. enn metinn út frá einkaneyslu og sölutölum bílaumboðanna. Þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið við samkomulag sem það undirritaði í september um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með framlagi upp á einn milljarð króna. Nú er ljóst að þetta framlag verður einungis 350 milljónir, þrátt fyrir stórauknar tekjur ríkissjóðs af mengunarsköttum. Þetta eru mikil vonbrigði í ljósi þess að það er einmitt á sviði samgangna sem við eigum mesta möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Guðmundur segir bagalegt að ekkert sé fjallað um mengunarskatt í lögum um skattlagningu á olíuvinnslu þrátt fyrir að ábendingar um slíkan skatt hafi komið fram í drögum að umhverfisskýrslu um verkefnið.




**MÓTMÆLT** Kumi Naidoo, framkvæmdastjóri Greenpeace, reyndi ásamt fjölda annarra að brýna stjórnmálamenn til dáða í Durban. Ekki tókst að ná samkomulagi um töluleg markmið um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is




## Fé vantar í loftslagsmálin



ÁRNI FINNSSON

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að nýr samningur taki allt of seint gildi. Áhrifa hans á ekki að gæta fyrr en árið 2020. Hann segir fáa hafa búist við því að samkomulag næðist í Durban. Árni segir bagalegt að hlé komist á frá lokum fyrsta tímabils Kýótó-bókunarinnar, 2012, til 2020, þegar annað tímabilið á að taka gildi.

„Það er stefnt að því að ná samningi sem nær til allra og koma á einföldu kerfi. Kýótó heldur því áfram í fimm ár, en eftir á að setja niður tölur fyrir skuldbindingar einstakra ríkja.“ Það megi þó teljast góður árangur að semja um að ná lagalega bindandi samkomulagi.

Árni segir Ísland lítið hafa aðhafst í loftslagsmálum, enda hafi lítið fé verið sett í málaflokkinn. Hann bendir á að einungis lítill hluti fyrirhugaðs kolefnisgjalds, sem nú hefur verið sett á ís, hafi átt að fara í málaflokkinn. Þá gagnrýnir hann skort á upplýsingagjöf. Hluta af kolefnisgjaldinu hefði til dæmis mátt nota til fræðslu fyrir almenning.

„Þessi tengsl skortir hér. Ég veit ekki hvort gagnrýna má umhverfisráðherra fyrir að vera ekki á staðnum. Umhverfisráðherrar Evrópuríkja voru þarna yfirleitt og töluðu heim og upplýstu fólk. Hér er náttúrulega lítill peningur til og kannski hefur þessi eins atkvæðis meirihluti á þinginu áhrif á þetta.“

## Uppgjöf sem verður okkur dýr



GUÐMUNDUR H. GUÐMUNDSSON

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, segir það orðið reglu að ljúka loftslagsráðstefnum með samkomulagi um að fresta samkomulagi. Stjórnmálamenn hafi gefist upp á verkinu. Allir hafi sammælst um það fyrir ráðstefnuna í Kaupmannahöfn árið 2009 að nauðsynlegt væri að ná samkomulagi þar, til að koma í veg fyrir áhrif loftslagsbreytinga. Nú teljist það góður árangur að fresta samkomulagi til ársins 2015.

„Miðað við alvarleika málsins er það algjörlega óviðunandi að fresta gildistöku bindandi samkomulags til 2020. Í skýrslu Alþjóða orkumálastofnunarinnar segir að ef ekki verði gerðar miklar breytingar á orkukerfi heimsins á næstu fimm árum verði engin leið að koma í veg fyrir hörmulegar afleiðingar loftslagsbreytinga.

Þess vegna er niðurstaðan í Durban uppgjöf að mínu mati sem mannkynið mun þurfa að greiða dýru verði, til dæmis með auknum veðurofsa, eyðileggingu ræktarlands og súrnun hafsins. Sú efnahagskreppa sem núlifandi kynslóðir standa frammi fyrir er barnaleikur miðað við þá vistkreppu sem við höfum dæmt börn okkar og barnabörn til að takast á við í framtíðinni.“

# Sparið vinnu og fyrirhöfn

Veisluþjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veislurétta fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir jólaveislurnar og...

# við erum rosalega spennt fyrir vinnustaðaveislum




## Veisluþjónusta NINGS

Skoðið úrval veisluhugmynda á www.nings.is



**Veislur eru okkar fag**

Verð frá **1795 kr.** pr. mann

**Panta þarf veislur með minnst dags fyrirvara**

**Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833**

**2.037** **ER FJÖLDI** háskólamenntaðra sem var atvinnulaus við síðustu mánaðamót.

# Bankarnir ráðandi á hlutabréfamarkaði

**Landsbanki, Íslandsbanki og Arion banki eiga hlut í öllum skráðum félögum landsins nema einu. Samanlagt markaðsvirði þessara hluta er rúmlega 36 milljarðar króna. Hlutur Landsbankans í Marel er talinn 14,8 milljarða virði.**

Stóru viðskiptabankarnir þrír eru, beint eða óbeint, á meðal stærstu eigenda í öllum skráðum félögum á Íslandi nema Nýherja. Samtals eru þekktir eignarhlutir bankanna þriggja í HB Granda, Össuri, Icelandair, Marel Food Systems og Högum rúmlega 36 milljarða króna virði.

Arion banki eignaðist 33,02% hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu HB Granda í október síðastliðnum eftir skuldauppgjör bankans við Kjalar, félag í meirihlutaeigu Ólafs Ólafssonar. Alls er virði hlutarins um 6,8 milljarðar króna. HB Grandi er skráð á First North markaðinn.

Íslandsbanki er stærsti einstaki eigandi flugfélagsins Icelandair með 21,13% eignarhlut. Virði hans er 5,5 milljarðar króna. Íslandsbanki leysti til sín um 42% hlut í félaginu í mars 2009 og átti fyrir um 5% hlut. Í júní 2010 minnkaði hlutur bankans í Icelandair töluvert þegar Framtakssjóður Íslands (FSÍ) lagði flugfélaginu til nýtt eigið fé og eignaðist við það um 30% hlut. Síðan hafa báðir aðilarnir selt hluta af eign sinni. FSÍ á í dag 19,01% hlut sem metinn er á 4,9 milljarða króna.

**36** milljarðar króna er markaðsvirði hluta stóru viðskiptabankanna þriggja í skráðum félögum.

Stærsti eigandi FSÍ er Landsbanki Íslands með 27,6% eignarhlut. Óbein eign Landsbankans í Icelandair er því 1,4 milljarða króna virði.

Stærsti eigandi Marel Food Systems, sem skráð er í Kauphöllina, er Eyrir Invest með 35,6% eignarhlut. Stærstu eigendur Eyris eru Landsbankinn og dótturfélag hans, Horn fjárfestingarfélag, með samtals 27,5% hlut. Virði hans er um níu milljarðar króna. Auk þess á Landsbankinn 6,3% beinan hlut í Marel sem metinn er á 5,8 milljarða króna miðað við síðasta skráða gengi félagsins. Samtals nemur eign Landsbankans og dótturfélags hans í Marel því 14,8 milljörðum króna.

Össur hf. afskráði sig úr íslensku kauphöllinni í nóvember 2010 og flutti öll viðskipti með hlutabréfin í kauphöllina í Kaupmannahöfn. Íslenska kauphöllin ákvað hins vegar, að eigin frumkvæði og án samráðs við félagið, að taka upp viðskipti með hlutabréfin að nýju frá og með 28. mars 2011. Landsbankinn á 4,8% hlut í Össuri hf. Markaðsvirði hlutarins er um 4,2 milljarðar króna.

Fyrsta nýskráða félag í Kauphöllina eftir bankahrun er Hagar, sem lauk útboði í síðustu viku. Búist er við því að viðskipti með bréf í félaginu hefjist næstkomandi fimmtudag. Stærsti einstaki eigandi Haga er Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, með 21,7% eignarhlut. Miðað við útboðsgengið, sem var 13,5 krónur á hlut, er virði hans tæplega 3,6 milljarðar króna. Arion banki þarf að selja eignarhlutinn fyrir 1. mars næstkomandi vegna skilyrða sem Fjármálaeftirlitið hefur sett.

Eina félagið sem skráð er í Kauphöllinni sem stóru viðskiptabankarnir þrír eru ekki á meðal 20 stærstu hluthafa í er Nýherji. Auk þess eiga fjölmargir sjóðir sem stýrt er af rekstrarfélögum í eigu bankanna eignarhluti í skráðum félögum.

thordur@frettabladid.is




**KAUPHÖLLIN** Bjöllu Kauphallarinnar var hringt á fimmtudag í fyrsta sinn frá hruni. Ástæðan var skráning skuldabréfaflokks Íslandsbanka. Bjöllunni verður hringt aftur á fimmtudag þegar viðskipti hefjast með bréf í Högum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Eignarhald Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka í skráðum fyrirtækjum**

| | EIGNARHLUTUR | MARKAÐSGENGI | VIRÐI HLUTAR |
|---|---|---|---|
| **Össur** | | | |
| Landsbanki | 4,80% | 192 | 4,2 milljarðar kr. |
| **Marel** | | | |
| Landsbanki* | 16,10% | 125,5 | 14,8 milljarðar kr. |
| **HB Grandi** | | | |
| Arion banki | 33,02% | 12,1 | 6,8 milljarðar kr. |
| **Icelandair** | | | |
| Íslandsbanki | 21,13% | 5,2 | 5,5 milljarðar kr. |
| Landsbanki** | 5,20% | 5,2 | 1,4 milljarðar kr. |
| **Hagar** | | | |
| Arion banki | 21,70% | 13,5 | 3,6 milljarðar kr. |

* Landsbankinn á 6,3% beint í félaginu. Auk þess á bankinn og dótturfélag hans 27,5% hlut í Eyri Invest, sem er stærsti einstaki eigandi Marel með 35,6% hlut.

** Framtakssjóður Íslands á 19,01% hlut í Icelandair sem metin er á 4,9 milljarða króna. Landsbankinn á 27,6% hlut í Framtakssjóðnum.






**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** OR á í viðræðum við hollenskan banka um áhættuvarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orkuveita Reykjavíkur í viðræðum við ING:

## Semja um áhættuvarnir

Orkuveita Reykjavíkur (OR) á í viðræðum við hollenska bankann ING um áhættuvarnasamning. Hyggst fyrirtækið verja sig fyrir sveiflum í álverði og vaxtabreytingum.

Á fundi stjórnar OR 23. september síðastliðinn samþykkti stjórnin að heimila forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála að gera framvirkan álverðssamning og vaxtaskiptasamning. Mánuði síðar samþykkti stjórnin svo samningsdrög sem gerð höfðu verið við ING. Nú er viðræðum við bankann næstum lokið og verið að ganga frá síðustu ákvæðum samningsins.

Fréttablaðið greindi frá því 1. september að lækkun á álverði hefði kostað OR 4,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Um fimmtungur tekna OR kemur frá sölu á raforku samkvæmt samningum þar sem orkuverðið sveiflast með álverði. Kemur fram í níu mánaða uppgjöri OR að tíu prósenta sveifla í álverði myndi auka eða minnka tekjur fyrirtækisins um 7 milljarða. Með samningnum við ING er fyrirtækið að verja sig fyrir óvissri þróun álverðs.

Þá stendur OR einnig frammi fyrir talsverði óvissu þegar kemur að þróun vaxtastigs. Í lok þriðja ársfjórðungs voru skuldir OR tæpir 230 milljarðar króna og greiddi fyrirtækið 3,4 milljarða í vaxtagjöld á tímabilinu. Breytingar á vaxtastigi geta þannig kostað fyrirtækið talsverða peninga en með samningnum vonast OR til að verjast þeirri áhættu. - mþl

**Ótrúlegt verð á gegnheillri eik, frá aðeins 3.450 kr fm.**
**Parketslípun fra 2.950 kr fm.**



**www.parketsliparinn.is.**
**sími 772 8100**
**Vertu vinur á Facebokk**
**Parketslípun parketsliparinn**

# Góðar gjafir í Múrbúðinni




***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vandaðar greinar forystumanna ASÍ:

## Kostnaðurinn við krónuna

Tveir af forystumönnum Alþýðusambandsins, Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Ólafur Darri Andrason hagfræðingur, hafa skrifað afar vandaðar og vel rökstuddar greinar um vaxtamál, gjaldmiðil og húsnæðismál í tvö síðustu helgarblöð Fréttablaðsins.

Af þessum skrifum má draga ýmsar ályktanir. Í fyrsta lagi sýna tvímenningarnir fram á að tal um að banna verðtryggð lán eða afnema verðtryggingu er ekki lausn á skuldavanda heimila eða stökkbreytingu lána þegar verðbólguskot koma. Til lengri tíma litið hafa raunvextir óverðtryggðra lána á Íslandi verið óhagstæðari lántakendum en vextir á verðtryggðu lánunum af því að fjármálastofnanir reikna áhættu af verðbólgu inn í vextina. Greiðslubyrði óverðtryggðra lána getur að auki orðið óviðráðanleg til skemmri tíma í verðbólguskotum, en með verðtryggðu lánunum er henni frestað, sem leiðir af sér hægari eignamyndun.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í öðru lagi draga Gylfi og Ólafur Darri skýrt fram að fylgni er á milli verðbólguskota og falls krónunnar. Það útskýrist af því að hlutdeild innfluttra vara í neyzlu Íslendinga er um 40%. Þegar krónan fellur, sem gerist reglulega, hækkar verð. Tilraunir til að halda genginu föstu hafa misheppnazt. Það er þannig gjaldmiðillinn, sem er vandinn. Þegar stjórnmálamenn segja að verðtryggingin sé ekki vandinn heldur verðbólgan, horfa þeir of stutt. Meginundirrót verðbólgunnar er óstöðug og sífellt rýrnandi króna.

Í þriðja lagi sýna ASÍ-mennirnir fram á gríðarlegan vaxtamun á milli Íslands og evrusvæðisins. Undanfarin tólf ár hefur munur á vöxtum á óverðtryggðum ríkisbréfum verið 7,7% að meðaltali. Munurinn á vöxtum húsnæðislána hefur lengi verið á bilinu 4-5% og rýkur upp þegar verðbólgan nær sér á strik. Gylfi og Ólafur Darri vitna til gagna sem sýna að húsnæðisvextir í ýmsum smærri löndum Evrópu lækkuðu verulega þegar þau gengu í ESB. Hefði Ísland gengið inn og vaxtalækkunin orðið svipuð hér, hefði það jafngilt um 29% launahækkun fyrir skatt, miðað við dæmi sem þeir taka af hjónum með meðaltekjur sem tóku lán fyrir þriggja herbergja íbúð. Það er kjarabót sem fæstir myndu afþakka, en tvímenningarnir segja að hún sé ekki raunhæf. Nær sé að reyna að lækka vaxtamuninn á milli Íslands og evruríkjanna. Það gerist hins vegar ekki á grundvelli sjálfstæðs gjaldmiðils.

Þetta eru röksemdir sem þeir, sem vilja verja krónuna sem framtíðargjaldmiðil landsins, hafa ekki svarað með sannfærandi hætti. Evrusvæðið glímir nú við mikla erfiðleika. Engu að síður hefur evran ekki hrunið, verðbólgan hefur ekki ætt af stað og greiðslubyrði venjulegs fólks ekki rokið upp úr öllu valdi. Og enn eru góðar líkur á að evrusvæðið komist á sléttan sjó.

Meðal annars vegna þess gífurlega langtímaávinnings fyrir íslenzk heimili sem felst í því að taka upp annan gjaldmiðil, væri ábyrgðarlaust að kasta nú frá sér tækifærinu til að taka upp evruna. Þvert á móti á að klára samninga, sem opna Íslendingum þann möguleika. Það tekur tíma og að þeim tíma loknum er hægt að skoða hver staðan er á evrusvæðinu – samanborið við krónusvæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afneitun Eyjapeyjans

„Þetta er vitlaus útreikningur og einhver misskilningur. Þetta getur bara ekki verið rétt.“ Svo mælir Árni Johnsen um forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær, en þar kom fram að glæpatíðni væri langhæst í Eyjum. Fréttin byggði á afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra og einn viðmælenda var sýslumaðurinn í Eyjum, sem sagði að glæpatíðnin hefði alltaf verið hæst í Vestmannaeyjum. Árni Johnsen veit hins vegar betur, enda hefur hann staðgóða þekkingu á glæpamálum í Vestmannaeyjum. Einhver skyldi þó ætla að sýslumaðurinn í Eyjum og tölur Ríkislögreglustjóra hefðu meira vægi en tilfinning Eyjapeyjans. Við vonum bara að þingmaðurinn taki meira mark á gögnum þegar kemur að störfum hans á Alþingi.



### Helvítis utanbæjarfólkið

Árni opnar þó á mögulega skýringu, þó að hann trúi henni ekki. Það er nefnilega töluvert af aðkomufólki sem kemur til Eyja. Þó vill hann ekki kenna Þjóðhátíð um, þar sé yfirleitt alltaf rólegt. Þarna eimir af hinni lífseigu trú að allt illt sé utanbæjarfólki að kenna. Sannir Eyjapeyjar, eins og Árni, gera náttúrulega aldrei neitt af sér.



### Fortíðinni afneitað

Guðmundur Steingrímsson er að fara að stofna nýjan flokk. Hann var einu sinni í Samfylkingunni og einu sinni í Framsókn. Það er staðreynd. Illa gekk honum að sverja það af sér í Harmageddon í gær, sagðist aldrei hafa starfað á þingi fyrir Samfylkinguna. Guðmundur samþykkti reyndar neyðarlögin sem þingmaður flokksins og hefði einhver álitið það ærinn starfa.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju

Orkumál



Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda

Á árabilinu 2001 til 2008 liðlega fjórfaldaðist eigið fé Landsvirkjunar, óx úr 37 milljörðum króna í 166 milljarða. Á sama tíma helmingaðist eigið fé íslenskra fyrirtækja, annarra en fjármálafyrirtækja, veitufyrirtækja og stóriðju. Árið 2010 nam eigið fé Landsvirkjunar liðlega 190 milljörðum króna en ekki liggja fyrir samanburðartölur fyrir annað atvinnulíf það ár.

Í nýlegri skýrslu Sjónarrandar, sem unnin var fyrir Fjármálaráðuneytið, komast tveir hagfræðingar að því að arðsemi raforkusölu til stóriðju hafi reynst umtalsvert lakari en arðsemi annarra atvinnuvega en stóriðju, veitustarfsemi og fjármálafyrirtækja. Muni þar 2-3% á árlegri heildararðsemi. Höfundar kjósa hins vegar að líta framhjá arðsemi eigin fjár, þ.e. þess fjármagns sem kemur í hlut eiganda viðkomandi fyrirtækis.

Í ljósi ofangreinds samanburðar má spyrja hvers vegna sé litið framhjá þeirri augljósu staðreynd að arðsemi Landsvirkjunar hefur verið með besta móti í




samanburði við almennt atvinnulíf hér á landi á undanförnum árum, á sama tíma og atvinnulífið hefur almennt glímt við einar þær mestu hremmingar sem það hefur gengið í gegnum á liðnum áratugum.

Í skýrslu Sjónarrandar kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fáni Palestínu dreginn að húni í Unesco í dag

Palestína

Valdimar Tr. Hafstein
formaður íslensku Unesco-nefndarinnar



Í dag, 13. desember, bætist nýr fáni við fánaborg alþjóðasamfélagsins í höfuðstöðvum Unesco í París: Fáni Palestínumanna. Fyrir sex vikum samþykktu ríki heims með yfirgnæfandi meirihluta umsókn Palestínu um að gerast fullgildur meðlimur Unesco, mennta-, vísinda-, fjölmiðla- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Palestína hefur átt áheyrnarfulltrúa á fundum stofnunarinnar frá 1974 en aðildin nú markar þáttaskil í baráttu palestínsku þjóðarinnar fyrir eigin ríki og fullveldi í eigin málum. Alþjóðasamfélagið í Unesco viðurkennir Palestínumenn sem þjóð meðal þjóða, með sömu réttindi og skyldur og önnur ríki á fundum stofnunarinnar.

Undirritaður var í íslensku sendinefndinni. Það lá spenna í loftinu vegna atkvæðagreiðslunnar alla vikuna frá því að aðalráðstefna Unesco hófst, en mánudaginn 31. október er óhætt að segja að loft hafi verið lævi blandið. Af öllu mátti ráða að mikið var í húfi. Klukkustund fyrir atkvæðagreiðslu var drjúgur hluti fulltrúa ekki enn kominn með fyrirmæli að heiman. Fulltrúar Íslands voru hins vegar nestaðir með skýra afstöðu: Ísland styður sjálfstætt ríki Palestínumanna og fulla aðild þeirra að Unesco og Sameinuðu þjóðunum.

### Með og á móti aðild

Ísland var eitt af 107 ríkjum sem greiddu aðild Palestínu að Unesco atkvæði sitt. 14 ríki greiddu atkvæði gegn aðild Palestínu og 52 ríki sátu hjá. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þurfti til að samþykkja aðildina, eða 81 atkvæði (hjáseta telst ekki með greiddum atkvæðum), svo niðurstaðan var afgerandi.

Bak við tjöldin hafði verið gerð ítrekuð tilraun til að fá Palestínumenn til að draga umsóknina til baka og sættast á málamiðlun, en sennilega var alltaf langsótt að ætla að ná lendingu einhvers staðar á milli þess að fá fulla aðild eða fá hana ekki. Ríki Evrópusambandsins reyndu hvað þau gátu að ná samstöðu í sínum röðum um að sitja hjá, en svo fór að lokum að ellefu Evrópusambandsríki greiddu aðild Palestínu atkvæði (Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Grikkland, Írland, Kýpur, Lúxemborg, Malta, Slóvenía og Spánn) og fimm greiddu atkvæði gegn henni (Holland, Litháen, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland). Hin ellefu ríki sambandsins sátu hjá.

Norðurlandaríkin voru þríklofin í afstöðu sinni, en það er fáheyrt: Íslendingar, Norðmenn og Finnar sögðu já, Svíar sögðu nei og Danir sátu hjá. Afstaða Dana og Svía olli mörgum vonbrigðum, sérstaklega þó að Svíþjóð skyldi greiða atkvæði gegn aðild Palestínu. Afstaða Svíþjóðar markaði brotthvarf frá pólitískri arfleifð Olofs Palme og Stens Andersson og arftaka þeirra sem hafa löngum talað máli Palestínumanna á alþjóðavettvangi.

### Utanríkisráðherra Palestínu snortinn

Þegar fundarstjóri lýsti niðurstöðunni kvað við dynjandi lófatak svo undir tók í salnum. Fundarmenn risu úr sætum, fögnuðu og buðu Palestínumenn velkomna. Utanríkisráðherra Palestínu var snortinn. Hann færði alþjóðasamfélaginu þakkir fyrir hönd þjóðar sinnar og fullvissaði þá sem ekki greiddu atkvæði með aðild Palestínu um að það yrði ekki erft.

Ísraelski sendiherrann var sessunautur Íslendinga. Hann var búinn undir þessa niðurstöðu og fordæmdi hana: Unesco ætti að fást við vísindi, sagði hann, en „með því að hleypa ríki sem ekki er til inn í Unesco hafa aðildarríkin gengist vísindaskáldskapnum á hönd“.

Áður en gengið var til atkvæða lagði sendiherra Bandaríkjanna áherslu á að friðarsamningar við Ísrael væru eina færa leiðin að sjálfstæði Palestínumanna. Hann reyndi að sannfæra fulltrúa annarra þjóða um að ótímabært væri að greiða atkvæði um aðild Palestínu og það ynni í reynd gegn friði fyrir botni Miðjarðarhafs. Hann minnti á að samkvæmt stofnskrá samtakanna frá 1945 væri höfuðskylda Unesco einmitt „að byggja varnir friðarins í hugum manna og kvenna, enda hefjist stríðin þar“. Fáir fulltrúar reyndust deila túlkun Bandaríkjamanna. Því skyldu tvö ríki með sömu réttarstöðu eiga óhægara um vik að semja um frið sín á milli en fullvalda ríki annars vegar og flóttafólk í eigin landi hins vegar? Og hversu lengi er hægt að bíða og sjá?

### Áfall fyrir Bandaríkjaforseta

Fimmtán ára gömul bandarísk lög kveða á um að ríkisstjórninni sé óheimilt að greiða framlög til þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem Palestína er fullgildur aðili að. Framlag Bandaríkjanna nemur 22% af heildarframlögum til Unesco. Niðurstaðan er áfall fyrir Bandaríkjaforseta og ríkisstjórnina, en Obama hefur lagt áherslu á að vinna innan og með Sameinuðu þjóðunum. Bandaríkjaþing hefur á valdi sínu að breyta lögunum en lítill vilji virðist vera til þess í fulltrúadeildinni, þar sem repúblíkanar ráða ferðinni.

Eftir að niðurstaðan var tilkynnt tók bandaríski sendiherrann aftur til máls. Að þessu sinni lagði hann áherslu á mikilvægi þess starfs sem Unesco ynni og ítrekaði að Bandaríkin ættu samleið með alþjóðasamfélaginu í þessu starfi. Hann fullyrti að bandarísk stjórnvöld myndu leita allra leiða til að halda áfram að styðja við og styrkja starfsemi Unesco, þótt vissulega yrði á brattann að sækja. Fréttir herma nú að Obama sé að leita sátta við þingið en að það sækist seint.



**FÁNABORG** Nýr fáni bætist við í dag.

### 22% niðurskurður fram undan

Undirritaður upplifði þessa atkvæðagreiðslu sem sögulega stund og þótti forréttindi að taka þátt. Haft var á orði í íslensku sendinefndinni að þennan síðasta dag í október hefði arabíska vorið borist til Parísar. Sérstaklega var ljúft að mega ljá Palestínumönnum stuðning Íslendinga á vegferðinni til sjálfstæðis.

Því er hins vegar við að bæta að mikill niðurskurður blasir við, greiði Bandaríkin ekki reglubundið framlag til Unesco. Niðurskurðurinn mun bitna á öllu starfi stofnunarinnar, hvort sem horft er til uppbyggingar á menntun fyrir ungar stúlkur í Afganistan, baráttunnar fyrir öryggi blaðamanna, varðveislu menningararfs í útrýmingarhættu, þróunarstarfs fyrir flóðbylgjuviðvörunarkerfi eða annarra verkefna sem Unesco leiðir og heimsbyggðin á mikið undir að vel takist til með.

Niðurskurðurinn veikir möguleika Unesco á að styðja við stöðugleika í heiminum, við frjálsa hugsun og tjáningarfrelsi, við menntun, mannréttindi og jafnrétti, við varðveislu menningararfsins og við opin og lýðræðisleg samfélög. 22% niðurskurður á heildarútgjöldum verður ekki sársaukalaus og hann næst ekki með hagræðingu einni saman.

Um þetta voru þátttakendur á aðalráðstefnunni meðvitaðir, en það er einu sinni svo að Bandaríkjamenn eru ekki með neitunarvald í þessari stofnun og almenna viðhorfið var að þeir gætu ekki tekið sér slíkt vald í krafti hótunar um að draga til baka fjárframlög sín, hvernig svo sem háttar til um bandaríska löggjöf og innanríkispólitík.

Við lok aðalráðstefnunnar var tilkynnt um stofnun neyðarsjóðs sem tekur á móti frjálsum framlögum frá aðildarríkjum, styrktarsjóðum og einstaklingum – öllum sem vilja leggja eitthvað af mörkum til að tryggja að Unesco haldi óhindrað áfram uppbyggingarstarfinu í þágu friðar á jörðu, frelsis, jafnréttis og bræðralags.

> Niðurskurðurinn veikir möguleika Unesco á að styðja við stöðugleika í heiminum, við frjálsa hugsun og tjáningarfrelsi, við menntun, mannréttindi og jafnrétti, við varðveislu menningararfsins og við opin og lýðræðisleg samfélög.

**AF NETINU**

### Guðmundasti flokkurinn

Besti flokkurinn var frábært framtak sem veitti fjórflokknum ærlega ráðningu í borginni, og sýndi að gömlu valdaklíkurnar höfðu nákvæmlega enga sérstaka þekkingu á því hvernig eigi að reka borg, enda eru þær drifnar áfram af öðrum hagsmunum, nefnilega að sanka að sér sem mestum völdum.

Guðmundasti flokkurinn er hins vegar, því miður, skilgetið afkvæmi fjórflokksins, í marga ættliði.

http://blog.eyjan.is/einar/

Einar Steingrímsson

20 - 25% afsláttur
af skrifborðum, bókahillum og stólum
(gildir til jóla)


beyki/hvítt
Tilboð 15.500,-
Fullt verð 20.300,-


beyki/hvítt/kirsuber/hlynur
CD - og bókahillur
í úrvali


beyki/hvítt/svart/
hlynur/hnota
Tilboð 30.320,-
Fullt verð 37.900,-




beyki/hvítt/hlynur/
hnota
Tilboð 20.320,-
Fullt verð 25.400,-


Home Chair
Tilboð 12.900,-
Fullt verð 17.900,-


Support
Tilboð 21.600,-
Fullt verð 28.900,-


Tilboð 15.040,-
Fullt verð 18.800,-


hvítt/hnota
Tilboð 26.320,-
Fullt verð 32.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

NÝTT! hjá ORMSSON




*Borðið er nærri því tilbúið. Aðeins nokkur lokahandtök og það verður fullkomið – einmitt rétta útlitið og handbragðið fyrir ykkar sérstaka vinahóf.*



AUKAHLUTIR
Breið lína fallega hannaðra hluta – allt, sem þú þarft til að fullkomna lokahandtökin.



BORÐBÚNAÐUR
Litasamræmdur borðbúnaður, diskar, skálar o.fl., fæst í þremur litum: Hvítt, grátt og fjólublátt.



TEXTÍLL
Nútíma eldhús textíll fyllir *"Get Together"* vörulínuna í litum og útliti.
Frá borðdúkum og servíettum yfir í svuntur og ofnhanska.



HNÍFAR OG SKEIÐAR
Fullkomið sett (24 hlutir) í burstuðu stáli með úrvali af spöðum og skeiðum.



www.gettogether-brabantia.com

*Frá snillingunum í*
brabantia solid company

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
*Verslanir og umboðsmenn um land allt*


# Gangið hægt um gleðinnar dyr

**Erlendar fjárfestingar**



Ágúst Valfells
verkfræðingur

Umræðan um kaup kínversks ferðamálafrömuðar á 300 ferkílómetra svæði á Íslandi er kunnari en frá þurfi að segja. Einn þáttur þessa máls hefur þó lítt verið í umræðunni af Íslendinga hálfu, en það er hvaða þýðingu hernaðarleg staða Íslands í miðju Atlantshafi gæti haft á þróun mála í framtíðinni. Kanadamenn virðast íhuga þetta meir en við (sbr. grein í The Globe and Mail 4. des. sl.). Enn fremur gæti aðstaða á Íslandi haft mikla efnahagslega þýðingu fyrir stóran landeiganda ef Norður-Íshafið hættir að vera íshaf.

Greinarhöfundur, sem eitt sinn var forstöðumaður almannavarna á kaldastríðstímunum, hefur reynt að fylgjast með þróun hermála í heiminum eftir því sem kostur er og veit að á skömmum tíma geta skipast veður í lofti á þeim vettvangi. Herveldi, sérstaklega ef þau eru ekki lýðræðisríki, nýta sér þá kosti sem völ er á.

Kína er vaxandi hernaðarveldi (1) og efnahagsveldi sem haslar sér völl með fjárfestingum víða um heim, í Afríku, Evrópu, Suður-Ameríku og víðar (2). Nú er ekki verið að ýja að því að annað en fjárfestingaráhugi sé hvati ferðamálafrömuðarins, en aðstæður gætu breyst og selt land væri ekki í íslenskri eigu. Hins vegar hefur hann tengst kínverskri stjórnsýslu beint og leyfi kínverskra yfirvalda þarf til landakaupa hér (3). Það er vitað að kínverski herinn er meðeigandi í mörgum hlutafélögum (4) og gæti þess vegna hugsanlega orðið hluthafi í félagi því er hér kemur við sögu.

Lífskjör okkar byggjast á þekkingu og skynsamlegri hagnýtingu auðlinda landsins, þá fyrst og fremst landinu sjálfu, sjávarmiðum og orkulindum. Ekki er gott að missa forræði að hluta neins þeirra. Svo bætast við ýmsir kostir sem áður voru ekki til í dæminu, svo sem möguleikar á verulegum vatnsútflutningi vegna vaxandi skorts á ferskvatni víða. Aðrir möguleikar kunna að myndast í framtíðinni með aukinni tækniþróun og Ísland sem hluti hefur lítt verið kannað með tilliti til einstakra jarðefna. Því er ekki að vita nema ýmsum landsvæðum, t.d. gömlum útdauðum jarðhitasvæðum, fylgi nýtingarmöguleiki í framtíðinni.

> Það þarf ekki 0,3% af flatarmáli landsins undir hótel. Hótelgestir geta notið landsins þó að það sé í eigu Íslendinga.

Ferðamannaiðnaðurinn er orðinn allstór þáttur í íslenskum efnahag. Við skulum samt ekki gleyma því að þetta er þjónustugrein sem getur skyndilega tekið miklum breytingum vegna óvæntra aðstæðna eins og í bæði Grikklandi og Egyptalandi í dag. Það þarf ekki 0,3% af flatarmáli landsins undir hótel. Hótelgestir geta notið landsins þó að það sé í eigu Íslendinga.

Svo vaknar sú spurning hvort ekki muni þurfa starfsfólk sem talar kínversku á hóteli þar sem kínverskir ferðamenn fjölmenna. Finnast nógu margir Íslendingar í þær stöður? Önnur spurning sem sem ýmsir hafa spurt er hvort útlendingum sé frjálst að kaupa land í Kína, hvað þá ef um 0,3% landsins væri að ræða?

Í viðtali sem birtist í China Daily við Xu Hong, varaformann Zhongkun-fyrirtækisins sem hér kemur við sögu, segir hann að frumkvæðið að landakaupum á Íslandi hafi komið frá Íslendingum. Ef svo er og án þess að vilja ýja að einu né neinu, vekur þetta samt spurningu í huga greinarhöfundar hvort einhverjir íslenskir sérhagsmunir tengist málinu.

**Tilvitnanir:**
1) Kína er vaxandi kjarnorkuveldi sem áætlað er að eigi tugi langdrægra flauga sem geta borið kjarnavopn meir en 8.000 km og a.m.k. álíka fjölda meðaldrægra flauga (3.000-5.500 km). (www.nti.org/db/china/wbmdat.htm)
2) The Globe and Mail 28/11/2011
3) China Daily 1/09/2011; 7/12/2011
4) www.jstor.org/pss/2645058

# Yfirlýsing vegna kæru á hendur stundakennara HÍ

Undanfarna daga hefur hart verið tekist á um mál Bjarna Randvers Sigurvinssonar, stundakennara við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Þótt útilokað sé að greiða úr öllum flækjum í svo stuttri umfjöllun er rétt að rekja hér mikilvægustu ágreiningsatriði málsins.

Deilan er flókin vegna þess hve umfangsmikil hún er, en rökræðurnar á síðustu dögum hafa ekki síður snúist um aukaatriði en aðalatriði og stundum falið í sér hreinar rangfærslur.

Meginatriði málsins eru þó einföld. Strax í upphafi kæruferlisins, snemma árs 2010, braut Siðanefnd Háskóla Íslands á rétti stundakennara við HÍ með svo alvarlegum hætti að hún spillti málinu öllu. Siðanefnd lagði fram sáttatillögu þar sem fallast átti á sekt kennarans án samþykkis hans. Þetta gerðist áður en siðanefndin hafði aflað sér gagna í málinu og var kennaranum með öllu haldið utan við málsmeðferðina.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að kennarinn hafi á neinn hátt gerst brotlegur við siðareglur HÍ. Fyrir liggja yfirlýsingar frá sjö nemendum er sátu námskeið Bjarna um nýtrúarhreyfingar og segja þau öll kennsluna hafa verið til fyrirmyndar, hvergi hafi verið hallað á Vantrú eða aðrar trúleysishreyfingar. Þessar yfirlýsingar eru studdar af greinargerðum tíu sérfræðinga í túlkunarvísindum sem allir lýsa því yfir að ekkert sé út á kennsluglærur Bjarna Randvers að setja. Margir þessara sérfræðinga þekktu ekkert til Bjarna áður en þeir skrifuðu greinargerðir sínar.

Síðast en ekki síst fóru svo fjörutíu háskólakennarar yfir þau málsgögn sem lágu fyrir og komust að þeirri niðurstöðu að Bjarni hefði ekki á neinn hátt gerst brotlegur við siðareglur og að ekkert tilefni væri til að gagnrýna kennslugögn hans í námskeiðinu.

Skýrsla rannsóknarnefndar þeirrar sem háskólaráð skipaði er alvarlegur áfellisdómur um vinnubrögð siðanefndarinnar, sem því miður tók afstöðu gegn Bjarna Randveri með sáttatillögu þar sem Guðfræði- og trúarbragðafræðideild átti að „viðurkenna og harma, að kennsluefnið feli ekki í sér hlutlæga og sanngjarna umfjöllun um félagið Vantrú, málstað þess og einstaka félagsmenn". Kærandinn fékk sáttatillöguna í hendur og hefur beitt henni í opinberum málflutningi sínum enda þótt tillögunni væri með öllu hafnað á kennarafundi Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar.

Af máli ýmissa Vantrúarfélaga má ráða að gagnrýni háskólamanna á meðferð kærumálsins beinist gegn Vantrú og einstaklingum sem styðja þau samtök. Það er rangt. Gagnrýnin beinist að vinnuaðferðum siðanefndar í málinu. Einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum hlýtur að vera frjálst að gagnrýna það sem fram fer innan veggja HÍ, en að sama skapi ber skólanum sem akademískri stofnun að standa vörð um það mikilvæga starf sem þar fer fram og vernda starfsmenn sína fyrir óréttmætum ásökunum og óeðlilegum þrýstingi.

Eða eiga stjórnmálaflokkar, hagsmunasamtök, þrýstihópar og aðrir utanaðkomandi aðilar að geta stýrt því hvernig fjallað er um þá í háskólakennslu? Ættu til dæmis bankamenn að athuga allar glærur sem notaðar eru til að ræða um siðfræði í tengslum við bankahrunið?

Að þessu sögðu er rétt að benda á að kennsluglærur Bjarna Randvers reyna á engan hátt á mörk akademísks frelsis þótt slíkt hafi verið gefið í skyn. Að sögn nemenda í námskeiði Bjarna var kennslan á engan hátt ögrandi og tilvitnanir á glærum voru í eðlilegu fræðilegu samhengi. Gagnrýni formanns siðanefndar HÍ í Morgunblaðinu 8. des. sl. er sorglegur vitnisburður um þekkingarleysi á því hvað felst í kennslu á sviðum hug- og félagsvísinda.

Ef siðanefnd HÍ telur að í kennsluglærum Bjarna sé að finna ámælisverð atriði má allt eins hætta að nota glærur í kennslu við Háskóla Íslands, kennarar geta látið vera að setja glærur sínar á vefsíður námskeiða, og hverfa má frá að taka upp kennslustundir fyrir fjarnema. Því þá er sýnt að í framtíðinni verður enginn kennari lengur óhultur fyrir kærum utan úr bæ, enda líklega hægt að finna eitthvað sem einhver er ósammála í glærupökkum flestallra kennara á Íslandi, hvort sem þeir kenna við HÍ eða aðra skóla landsins.

Slíkt ástand væri ekki aðeins gríðarleg afturför í allri kennslu heldur hreinlega aðför að öllu skólastarfi í landinu.

Undir þessa yfirlýsingu skrifa á annað hundrað starfsmenn við íslenska háskóla, en undirskriftirnar má finna með yfirlýsingunni á Vísi.

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN

## AUGLÝSIR GÓÐAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI

**PROLOGIC SKOTVEIÐIGALLI**
Jakki og smekkbuxur í felulitum. Vatnshelt og vindhelt með útöndun.
AÐEINS 29.900,-

**PROLOGIC SKOTVEIÐIVÖÐLUR**
Nælonvöðlur í MAX4 felulitum.
VERÐ AÐEINS 15.995,-

**BL BYSSUSKÁPAR Á JÓLATILBOÐI**
Læsanlegt innra hólf, kólfalæsing og innfeldar lamir. 3mm stál.
FYRIR 5 BYSSUR AÐEINS 26.995,-
FYRIR 7 BYSSUR AÐEINS 33.995,-

**NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR**
Mælir allt að 800 metra. +/- 1 metra nákvæmni.
Fullt verð 26.980,-
JÓLATILBOÐ AÐEINS 22.980,-

**BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF**
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri.
Frábært verð.
AÐEINS 10.995,-

**FAULKS GÆSA- OG ANDAFLAUTUR**
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri.
Vinsælustu flauturnar. Frábært verð.
AÐEINS FRÁ 2.995,-

**GERVIGÆSIR**
Skeljar. 12 í kassa. Lausir hausar. Festijárn fylgja.
Fullt verð 18.995,-
JÓLATILBOÐ 14.995,-

**GERVIENDUR**
Blandaður hópur; steggir og kollur. Poki, blý og bönd fylgja.
AÐEINS 12.995,-

**NORCONIA HANDSJÓNAUKAR**
Vandaðir sjónaukar í veiðina, ferðalögin og sumarbústaðinn.
25% AFSLÁTTUR til jóla

**LAMBHÚSHETTUR**
Hlýjar og góðar hettur með felugrímu.
VERÐ AÐEINS FRÁ 3.595,-

**BERETTA SKOTVEIÐIBAKPOKI**
Sérhannaður bakpoki fyrir skotveiðimanninn. Byssufesting á hliðð pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Vandaður poki á góðu verði.
AÐEINS 18.995,-

**SPÚNAR**
Gott úrval af spúnum í lax- og silungsveiðina.
VERÐ FRÁ 299,-

**OKUMA OG DAM KASTHJÓL**
Mjög gott úrval.
VERÐ FRÁ 2.995,-

**RON THOMPSON KASTSTANGIR**
Margar gerðir og lengdir.
VERÐ FRÁ 4.995,-

**RON THOMPSON VEIÐITÖSKUR**
Gott úrval af veiðitöskum.
VERÐ FRÁ 2.595,-

**DAM VÖÐLUTÖSKUR**
Sérhönnuð taska fyrir vöðlurnar. Loftun og harður, vatnsheldur botn. Burðarhandfang. Gott verð.
AÐEINS 5.995,-

**SCIERRA FLUGUVEIÐISETT**
Vandað sett fyrir byrjendur. Fjögurra hluta stöng ásamt hjóli og uppsettri flotlínu. DVD diskur fylgir.
VERÐ AÐEINS FRÁ 19.995,-

**ONTARIO VÖÐLUJAKKI**
Vatns- og vindheldur jakki.
Hægt að renna af ermum og breyta í vesti. Fjölmargir vasar fyrir allt veiðidótið.
VERÐ AÐEINS 12.995,-

**HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR**
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
VERÐ AÐEINS 3.895,-

**RON THOMPSON LAXAHÁFAR**
Stór og góður háfur fyrir lax og vænan silung.
Hægt að brjóta saman og lengja skaft.
JÓLATILBOÐ AÐEINS 6.995,-

**RON THOMPSON BARNAVÖÐLUR**
Nælonvöðlur með áföstum stígvélum í stærðum frá 30 til 37.
VERÐ AÐEINS 7.995,-

**DAM HNÍFASETT**
3 góðir hnífar ásamt skurðarbretti og stáli. Kemur í plasttösku.
VERÐ AÐEINS 5.995,-

**BONNAND BEITUFÖTUR**
7 lítra fötur undir beituna í veiðiferðina.
VERÐ AÐEINS 3.295,-

**DAM LETINGJAR**
Samanbrjótanlegir letingjar.
VERÐ FRÁ 895,-

TROUT AND SALMON BEST IN TEST

**RON THOMPSON FLUGULÍNUR**
Flotlínur og sökklínur frá Ron Thompson hafa fengið góða dóma og eru á frábæru verði.
AÐEINS 5.995,-

**OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL - PAKKI**
"Large arbour" fluguhjól úr grafít. Vönduð lega og góð diskabremsa. 3 auka spólur fylgja (samtals 4 spólur) og taska utan um allt.
Hjólið er fyrir línu 7 til 9.
AÐEINS 12.995,-

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Er þér boðið ódýrasta lyfið í þínu apóteki?

Lyf
Regína Hallgrímsdóttir
skrifstofustjóri LYFIS



Undanfarin ár hefur reglulega sprottið upp umræða um hátt lyfjaverð á Íslandi og hvað er til ráða til að draga úr lyfjakostnaði ríkisins. Ætlunin er í þessari grein að skýra frá þeirri reynslu sem nýtt samheitalyfjafyrirtæki á íslenskum markaði, LYFIS ehf., hefur upplifað við það að koma samheitalyfjum á markað og reynt að leggja sitt að mörkum við að lækka lyfjaverð í landinu, neytendum og ríkinu til góða.

**Lyfjaskráningar**
Oft hefur verið rætt um há skráningargjöld á lyfjum á Íslandi og hefur fyrirtækið ekki farið varhluta af þeim kostnaði. Þegar starfsemi fyrirtækisins hófst og sótt var um fyrstu skráningar lyfja árið 2008 var grunngjald landsskráningar 115.000 kr. á lyf. Fyrirtækið var þá búið að gera samning um kaup á fjölda lyfja til skráninga og enn fleiri í vinnslu og rekstraráætlanir fyrirtækisins unnar út frá því gjaldi. Árið 2009/10 var svo gjaldskrá Lyfjastofnunar hækkuð úr 115.000 kr. fyrir landsskráningu lyfs í 1.820.000 kr. fyrir samskonar skráningu, eða tæplega 1.600% hækkun. Var það gert á grundvelli mælinga á þeirri vinnu sem liggur á bak við slíkar skráningar og engin ástæða til að rengja þær forsendur en fyrir fyrirtæki sem er að hefja rekstur hafa slíkar hækkanir þær áhrif að allar forsendur rekstraráætlana bresta og gott betur. Velta verður fyrir sér rekstrarumhverfi lyfjafyrirtækja á Íslandi. Sífellt er verið að auka kröfur til m.a. skráninga lyfja sem kalla á aukinn kostnað fyrirtækjanna og er fullur skilningur fyrir því að slíkt er gert sem neytendavernd. Það að hið opinbera geti leyft sér að hækka gjaldskrár í einu skrefi um tæplega 1.600% án nokkurra takmarkana og algjörlega kippt fótunum undan rekstrargrundvelli fyrirtækja er minni skilningur fyrir. Það eru einhliða ákvarðanir sem fyrirtækin standa berskjölduð fyrir. Er líklegt að slíkt stuðli að auknu framboði lyfja á markaði og þar með lækkun lyfjaverðs?

**Lyfjaverðskráin og viðmiðunarverðskráin**
Verðlag lyfja er ekki frjálst heldur er hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum ákveðið af Lyfjagreiðslunefnd eftir umsókn þar um. Einnig ákvarðar nefndin hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja. Lyfjagreiðslunefnd gefur út lyfjaverðskrá þar sem fram kemur viðmiðunarverðskrá, greiðsluþátttaka almannatrygginga hvers lyfs, hámarksverð og greiðsluþátttökuverð allra lyfseðilsskyldra lyfja. Viðmiðunarverðskráin var þannig uppbyggð að hún bar saman verð milli sömu pakkningastærða en ekki út frá því hvaða lyf var í raun ódýrast, óháð pakkningastærð. Þegar verið er að kaupa lyf erlendis frá er ekki alltaf hægt að velja þær pakkningastærðir sem eru í boði og þegar markaðurinn er eins lítill og hérlendis verða fyrirtækin oft að taka því sem býðst m.t.t. pakkningastærða. LYFIS er með tvö lyf á markaði sem svona var ástatt um. Lyfin frá fyrirtækinu voru ódýrustu lyfin á markaði en voru ekki afgreidd í apótekunum vegna pakkningastærðarinnar og Sjúkratryggingar (SÍ) greiddu í dýrari lyfjunum eins og hin ódýru væru ekki til, þ.e. ríkið var að borga meira fyrir lyfin en þurfti.

Strax í apríl síðastliðnum var ljóst að uppsetning lyfjaverðskrárinnar var ekki að vinna með lyfjum fyrirtækisins þó svo þau væru með lægsta verðið á markaði. Í framhaldi af samskiptum við Lyfjagreiðslunefnd hefur verið gerð breyting á uppsetningu Lyfjaverðskrárinnar á þann hátt að nú eru fleiri (ekki allar) pakkningastærðir bornar saman m.t.t. hvað gefur lægsta verðið. Sú breyting tók gildi nú 1. nóvember, þ.e. átta mánuðum eftir að gerð var athugasemd við kerfið. Á þessum átta mánuðum er búið að afgreiða og SÍ borga í mun dýrari lyfjum en hefði þurft ef viðmiðunarverðskráin hefði virkað eins og nú strax í upphafi. Lyfjagreiðslunefnd fær þó lof fyrir að hafa farið í þá vinnu að láta breyta uppsetningu Lyfjaverðskrárinnar og fyrir að sýna áhuga á að vilja breyta kerfinu og leggja eitthvað á sig til þess.

**Sjúkratryggingar (SÍ)**
Greiðsla sjúkratrygginga fyrir hverja lyfjaávísun skal skv. lögum miðast við hagkvæmustu pakkningu lyfs samkvæmt lyfjaverðskrá. Strax í apríl var einnig ljóst að það var ekki reyndin vegna uppsetningar Lyfjaverðskrárinnar og hefði

> LYFIS hefur unnið markvisst að því að lækka verð lyfja á Íslandi, lyf fyrirtækisins eru oftast með lægsta verðið á markaði en fær samt ekki sölu í hlutfalli við það.

kallað á aukna vinnu hjá stofnuninni að fylgja því eftir. Síðan í apríl er SÍ búið að greiða í pakkningum sem ekki eru þær hagkvæmustu samkvæmt lyfjaverðskrá, upphæðir sem nema milljónum króna aukalega. Því miður er það upplifun fyrirtækisins að mikið áhugaleysi var hjá SÍ með að leysa þessi mál þar og meiri áhugi á að vinna með apótekunum með afgreiðslu dýrari pakkninga en að fylgja eftir hlutverki sínu og gera allt sem hægt var til að hagkvæmustu pakkningar lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá væru afgreiddar.

**Afgreiðsla apótekanna**
Apótekum er skylt skv. lögum að bjóða sjúklingum þau lyf sem eru ódýrust hverju sinni, innan 5% marka. Er það reynsla fyrirtækisins að mörg apótek fylgjast vel með verðbreytingum og kaupa strax ódýrustu lyfin til að eiga handa sínum viðskiptavinum. En þó svo fyrirtækið sé búið að vera með ódýrustu lyfin á markaði í marga mánuði er lítil sem engin sala til ákveðinna apóteka. Einnig hefur fyrirtækið reynslu af því að viðskiptavinur var afgreiddur með dýrara lyf en stóð á lyfseðlinum (LYFIS lyf) og þegar viðkomandi spurði hvort lyfið á lyfseðlinum væri ekki ódýrara en lyfið sem hann var afgreiddur með var honum boðinn afsláttur sem munaði verðmuni á gjaldi einstaklingsins á lyfjunum en ekki var boðist til að útvega viðkomandi lyf. Áhugavert er að velta fyrir sér hvað veldur því að sum apótek eru ekki með ódýrustu lyfin í boði fyrir viðskiptavini og bjóða þau ekki þó svo þeim sé það skylt. Er einhver formgalli í kerfinu sem vinnur gegn hugmyndafræðinni og/eða eru einhverjir faldir samningar til staðar sem hafa áhrif á virkni kerfisins? Tekið skal fram að frá árinu 2008 hefur verið óheimilt að selja lyfseðilsskyld lyf á mismunandi verði til apóteka, þ.e. óheimilt er að gefa afslátt af lyfseðilsskyldum lyfjum til apóteka.

**Hvað með þig neytandi góður – er þér boðið ódýrasta lyfið í þínu apóteki?**
Frá því LYFIS markaðssetti sín fyrstu lyf í júlí 2010 hefur aukin samkeppni þeirra lyfja leitt til lækkunar á markaði um 20-80%. LYFIS hefur unnið markvisst að því að lækka verð lyfja á Íslandi, lyf fyrirtækisins eru oftast með lægsta verðið á markaði en fær samt ekki sölu í hlutfalli við það. Velta þarf fyrir sér hvað veldur og hver er þá hvatinn í kerfinu fyrir ný fyrirtæki.

Að öllu framansögðu er það mat nýs samheitalyfjafyrirtækis á markaði að það sem mest hefur unnið gegn fyrirtækinu er hið opinbera sjálft. Því væri kannski ekki úr vegi að yfirvöld tækju sér smá tíma í að taka til í eigin ranni og fá þau kerfi sem fyrir eru til að vinna að auknu framboði ódýrari lyfja á markaði áður en farið er að leita skýringa út fyrir kerfið.









# Feðraveldi/frjálslyndi – Raunveruleg átakalína stjórnmálanna

Stjórnmál
Arnar Guðmundsson
formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna



Hvernig eru hagsmunir almennings best tryggðir? Er það með gagnsæju og skilvirku regluverki og eftirliti án mismununar eða er mikilvægast að tryggja að eignarhald og völd liggi hjá „réttum“ aðilum? Þessi virka átakalína í íslenskum stjórnmálum litar afstöðu til mála allt frá erlendum fjárfestingum og auðlindastefnu til aðildar að ESB og skýrir hvers vegna hefðbundnir pólitískir andstæðingar ná saman um afstöðu til helstu álitamála samtímans.

Þarna takast á frjálslyndari sjónarmið um réttarríkið sem stendur vörð um réttindi og hagsmuni hvers einstaklings og einhvers konar feðraveldishugsun um samfélagið sem fjölskyldu þar sem velviljaðir patríarkar tryggja hagsmuni heildarinnar.

Fortíðarþráin er sterkur þráður hjá talsmönnum feðraveldisins. Gullöld þeirra var þegar völd á sviði viðskipta, stjórnmála og stjórnsýslu fóru saman í höndum aðila sem greiddu sína tíund til sömu stjórnmálaflokkanna, héldu við hóflegri samkeppni og handvöldu þá sem fengu að njóta úthlutana á takmörkuðum sameiginlegum gæðum. Á yfirborðinu ríkti sæmilegur friður enda kapítalistarnir að sögn bæði þjóðhollir og velviljaðir. Þessi viðhorf birtast mjög skýrt í þeirri furðusögu sem reynt er að halda á lofti sem meginskýringu á bankahruninu hér á landi. Bönkunum var vissulega komið í hendur útvalinna eins og feðraveldisfyrirkomulagið gerir ráð fyrir og það skapaði hagsæld framan af enda hinum útvöldu sleppt lausum eins og kúm að vori. En svo ku vondir menn hafa komist yfir hluta bankanna með skelfilegum afleiðingum.

Með þessu ævintýri er horft framhjá þeirri staðreynd að regluverkið sem tryggja átti hagsmuni almennings óháð eignarhaldi bankanna brást. Sú stefna að byggja risavaxið alþjóðlegt bankakerfi á fljótandi örmynt bar feigðina með sér. Andspænis alþjóðavæddum viðskiptum og fjármálamarkaði er hugmyndafræði feðraveldisins um „rétt eignarhald“ haldlaus vörn fyrir hagsmuni almennings. Og eðlilega fóru „viðvaranir“ yfirmanns Seðlabankans sem bar formlega ábyrgð á fjármálastöðugleika fyrir ofan garð og neðan þar sem þær snerust um einstaklinga og hegðun þeirra í stað þess að innihalda faglegar og efnislegar tillögur og ábendingar um viðbrögð stofnana og eftirlitskerfisins. Umræða um fjárfestingu einkaaðila í atvinnulífi og jarðnæði þar sem þjóðerni fjárfestisins er í forgrunni fremur en þeir almannahagsmunir sem í húfi gætu verið og hvernig þeir eru tryggðir er af sama meiði. Geti landeigandi brotið gegn hagsmunum eða réttindum almennings í krafti eignaréttar sinnar er það sjálfstætt úrlausnarefni óháð þjóðerni eigandans.

Í stað þess að greina hvaða áhrif þjóðerni fjárfestis hefur á skilgreinda almannahagsmuni yfirskyggja rökin um að viðkomandi eigi að vera „einn af okkur“ á stundum röklega umræðu. Þegar á reynir gætu þjóðernis- eða fjölskyldutengsl reynst hagsmunum almennings haldlítil vörn séu almenn lög og reglur ekki til staðar. Hér ætti sagan af bankahruninu að hafa kennt okkur eitthvað.

Áherslan á „rétta fólkið“ frekar en hinar almennu og gagnsæju leikreglur tekur á sig alvarlegastar myndir hjá þeim sem telja sig hafa rambað á sannleikann og réttlætið eða þykjast eiga sjálfsagt og eðlilegt tilkall til valda í samfélaginu. Er hagsmunum náttúrunnar betur borgið með því að „réttsýnn“ umhverfisráðherra hafi geðþóttavald til að stöðva eða leyfa tilteknar framkvæmdir eða með faglegu umhverfi á borð við rammaáætlun um vernd og nýtingu þar sem Alþingi setur að lokum ramma? Er eðlilegt að vera með löggjöf með altækum bönnum en um leið víðtækt vald ráðherra til að veita algerar undanþágur sem beita má í nafni hins réttláta heimilisföður.

Átökin um aðild að Evrópusambandinu skiptast í grófum dráttum eftir sömu línum. Þeir sem vilja tryggja opið samfélag, samkeppni og hagsmuni almennings með almennum gagnsæjum leikreglum sem gilda jafnt fyrir alla sjá ESB ekki sem ógn. Fulltrúar feðraveldishugsunar vilja dyrnar að sínu heimili luktar og ríkja að baki þeim óáreittir.

# Erfðabreytt matvæli og afneitun áhættunnar

Erfðabreyttar lífverur

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi



Í grein sinni í Fbl. 1. des. sl. heldur Jón Hallsson áfram umræðu okkar um erfðabreytt matvæli og reynir að kasta rýrð á rannsókn franska vísindamannsins G.E. Seralini o.fl. frá 2009 sem ég vísaði til í grein 23. nóv. Niðurstaða Seralini var að gögn sem líftæknirisinn Monsanto afhenti ESB í því skyni að afla ræktunarleyfis á erfðabreyttum Bt-maís væru ótraust. Engan þarf að undra þótt Monsanto og EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu sem annast áhættumat fyrir framkvæmdanefnd ESB) hafi hafnað niðurstöðum Seralini. EFSA er nefnilega ekki eins „óháð“ og Jón heldur fram.

Stofnunin hefur sætt vaxandi gagnrýni fyrir gallaðar aðferðir og skort á sjálfstæði. Samkvæmt athugun Corporate Europe Observatory, sem notar viðmið OECD, höfðu meir en helmingur (12 af 21) fulltrúa í sérfræðiráði EFSA um erfðabreyttar lífverur hagsmunatengsl við líftækniiðnaðinn þegar ráðið tók hina umdeildu ákvörðun 2009 um að mæla með ræktun á erfðabreyttum kartöflum. Ungverjaland hefur nú stefnt ESB fyrir Evrópudómstólinn fyrir að leyfa ræktun erfðabreyttra kartaflna á grundvelli gallaðs áhættumats. Austurríki, Lúxembúrg, Pólland og Frakkland gerðust aðilar að kærunni.

Jón kvartar undan því að Greenpeace hafi fjármagnað rannsóknir Seralini o.fl. sem ég vísaði til. Hér fatast Jóni því hann ruglar saman tveimur aðgreindum rannsóknarverkefnum. Sænska landbúnaðarstofnunin ásamt Greenpeace o.fl. fóru í mál fyrir þýskum rétti til að knýja Monsanto til þess að opinbera gögn sem fyrirtækið beitti til að fá ræktunarleyfi á Bt-maís í Evrópu. Eftir sigur í því máli bauðst Greenpeace til að styrkja vísindalega úttekt á þessum gögnum. Seralini var falið að stýra henni sakir sjálfstæðis hans, þekkingar og hæfni á sviði sameindalíffræði.

Jón lætur ekki þar við sitja og spyr hvort stuðningur Greenpeace við rannsóknina „hafi haft áhrif á niðurstöður Seralini o.fl.“ Gættu þín Jón að herma nú ekki um of eftir hegðun líftækniiðnaðarins sem þú segist ekki vilja láta spyrða þig við. Franski líftækniiðnaðurinn undir forystu Marc Fellous, forseta franska plöntulíftæknisambandsins, hleypti af stokkunum herferð til ófrægingar á Seralini, sem brást við með því að höfða meiðyrðamál á hendur Fellous fyrir frönskum rétti. Seralini vann málið í janúar á þessu ári.

Umkvörtun Jóns um endurtekin ósannindi ætti hann fremur að beina til líftækniiðnaðarins í stað þess að beina henni að mér. Ekki er rúm til umfjöllunar um allar staðhæfingar sem iðnaðurinn hamrar á um erfðabreyttar afurðir og reynst hafa ósannar. Ein slík síbylja er að erfðabreyttar plöntur dragi úr eiturefnanotkun. Svonefndar Ht-plöntur eru plöntur sem erfðabreytt var til að þola eiturefni svo unnt sé að eyða samkeppni frá illgresi og öðrum plöntum. Svonefndar Bt-plöntur eru þær sem erfðabreytt var til að framleiða Bt-eitur sem drepur skordýr sem sækja í viðkomandi plöntur.

Eftir því sem illgresi myndar ónæmi fyrir illgresiseyði og skordýr verða ónæmari fyrir Bt-eitri þurfa bændur að grípa til meiri og öflugri eiturefna til að ráða niðurlögum ofurillgresis og ofurskordýra.

Rannsóknir Dr. C. Benbrook staðfesta, á grundvelli opinberra talnagagna, að ræktun erfðabreyttra plantna hefur haft í för með sér gríðarlegra aukningu á eiturefnanotkun í bandarískum landbúnaði. Þannig er talið að eiturefnanotkun hafi verið 144.000 tonnum meiri á fyrstu 13 árum erfðabreyttrar ræktunar (1996-2008) en verið hefði, ef erfðabreyttar Ht- og Bt-plöntur hefðu ekki verið ræktaðar. Á þeim tíma var árleg aukning á notkun glyphosates (illgresiseiturs) 18% í bómullarrækt, 10% í sojaræktun og 4% í maísræktun.

Ræktun erfðabreyttra lífvera hefur aukið eiturefnanotkun sem

> Ekki er rúm til umfjöllunar um allar staðhæfingar sem iðnaðurinn hamrar á um erfðabreyttar afurðir og reynst hafa ósannar. Ein slík síbylja er að erfðabreyttar plöntur dragi úr eiturefnanotkun.

kann að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lýðheilsu. Rannsókn sem gerð var á vegum Sherbrooke háskólasjúkrahússins í Kanada greindi þrjár tegundir eiturefna sem tengjast ræktun erfðabreyttra plantna í blóðsermi kvenna. Glyphosate og gluphosinate sem notuð eru til illgresiseyðingar í ræktun Ht-plantna og Bt-eitur úr Bt-plöntum fundust í blóðsermi óþungaðra kvenna. Þá fannst Bt-eitur í blóðsermi ófrískra kvenna og fóstra þeirra.

Þetta varpar skugga á áhættumat EFSA sem jafnan hefur haldið því fram að Bt-eiturprótein brotni niður við meltingu erfðabreyttra matvæla. Kanadíska rannsóknin bendir til þess að próteinið í heild, ekki bara brot af DNA, komist í gegnum meltingarveginn og inn í blóðið. Nú er mikilvægt að EFSA endurskoði aðferðir sínar við áhættumat og að sjálfstæðir vísindamenn verði fengnir til að rannsaka heilsufarsáhrif þess að glyphosate, glufosinate og Bt-eitur berist í blóð neytenda.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



54 **LEIKARINN STEVE BUSCEMI** er 54 ára.
*„Um tíma hélt ég að gæti ekki leikið í kvikmyndum. Að þær væru bara fyrir alvöru leikara.“*



## 85 ára afmæli

**Þorgerður Guðmundsdóttir**
*Eyrarholti 6, Hafnarfirði,*

*er 85 ára í dag, 13. desember. Af því tilefni tekur hún og fjölskyldan á móti ættingjum og vinum í Haukahúsinu á Ásvöllum í Hafnarfirði í dag kl. 17-20.*

**ÞETTA GERÐIST:** 13. DESEMBER 1577

## *Drake leggur upp í hnattferð*



Sir Francis Drake (um 1540 – 28. janúar 1596) var enskur stjórnmálamaður á Elísabetartímanum. Hann var fyrsti Englendingurinn sem sigldi umhverfis jörðina og lagði upp í ferðina á þessum degi árið 1577. Henni lauk um 1580 og var Drake sleginn til riddara við heimkomu.

Drake var varaaðmíráll yfir enska flotanum sem sigraði Flotann ósigrandi árið 1588. Athafnir hans áttu þátt í að auka vald breska flotans á Atlantshafinu og brjóta á bak aftur einokun Spánverja á verslun og flutningi góðmálma frá Nýja heiminum.

Hann var þó allt annað en engill í lifanda lífi, stundaði sjórán með leyfi drottningar og herjaði á spænsk skip í Karíbahafi.

Drake lést þar úr blóðkreppusótt eftir ósigra gegn Spánverjum.

*Heimild: wikipedia.org*



**SIGURVEGARAR** Fremsta röð frá vinstri: Sigríður Sigþórsdóttir (Basalt), Svava Þorleifsdóttir (Landslag) og Rósa Dögg Þorsteinsdóttir (Verkís). Miðröð: Hildigunnur Sverrisdóttir (Basalt), Guðjón L. Sigurðsson og Kristín Ósk Þórðardóttir (Verkís). Aftasta röð: Hallmar Sigurðsson (Basalt) og Reynir Jóhannesson (Verkís). FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VERKÍS:** SIGRAÐI Í LÝSINGARHÖNNUNARKEPPNINNI NORDIC URBAN LIGHT DESIGN

# Sætur en óvæntur sigur

„Þetta er auðvitað mikill heiður. Staðfesting á því að íslenskir lýsingarhönnuðir séu á heimsmælikvarða, þó að hönnun á skipulagi lýsingar sé ennþá nokkuð ný af nálinni hérlendis,“ segir Guðjón L. Sigurðsson, lýsingarhönnuður hjá verkfræðistofunni Verkís sem í samstarfi við arkitektastofurnar Basalt og Landslag bar sigur úr býtum í norrænu lýsingarhönnunarkeppninni Nordic Urban Light Design nú á dögunum.

Þetta er í fyrsta skipti sem keppnin fer fram, en hún var haldin að undirlagi NUDA, Nordic Urban Design Association. Markmiðið er að skapa vitund um margbreytileika borgarlýsingar og samspil hennar við hönnun borgarskipulags og arkitektúr. Eins að varpa ljósi á áskoranir sem koma upp þegar þörf er á þverfaglegu samstarfi til að skapa sem besta heildarlausn í umhverfislýsingu og borgarskipulagi. Að þessu sinni fengu þátttakendur það verkefni í hendur að hanna lýsingu hverfis í austurhluta Stafangurs í Noregi.

NUDA setti í upphafi strangar keppniskröfur, sem gerðu það að verkum að nokkur erlend stórfyrirtæki hættu við þátttöku að sögn Guðjóns. Hann segir það því hafa komið mörgum á óvart að íslenskt fyrirtæki skyldi láta slag standa og senda inn tillögu. Verkís atti kappi við fjórtán tillögur fyrirtækja víðs vegar að frá Norðurlöndunum og stóð að lokum uppi sem sigurvegari eins og áður segir.

Spurður hvað í tillögunni hafi ráðið úrslitum í keppninni þakkar Guðjón sigurinn meðal annars góðri hugmyndavinnu, mikilli vinnu og samstilltum hópi. „Undirstaðan að velgengni í svona samkeppnum er góð samsetning á hæfileikaríku fólki. Við förum af stað með því hugarfari að sigra og lögðum gríðarlegan metnað og vinnu í verkefnið, sem tók marga mánuði í undirbúningi,“ segir hann. Viðurkennir hann þó að sigurinn hafi komið svolítið á óvart, enda sé þetta í fyrsta sinn sem lýsingateymi Verkís taki þátt í keppni af þessu tagi.

Guðjón getur þess að þótt tillagan hafi orðið hlutskörpust í keppni sé enn óráðið hvort og þá hvenær af sjálfum framkvæmdunum verði. „Það á bara eftir að koma betur í ljós, enda er þetta jú hönnunarkeppni. Sem stendur er þetta enn á teikniborðinu og því allt saman í skoðun.“ Hann segist bara sáttur að sinni við sigurinn, enda gefi hann ótvírætt til kynna hversu framarlega Íslendingar standi á sviði lýsingarhönnunar og styrki stöðu þeirra í alþjóðlegu tilliti. roald@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Sveinsson**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 29. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

**Ásdís Sigurðardóttir og fjölskylda.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og mágur,*

**Steingrímur Guðjónsson**
Stigahlíð 81, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 26. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hrefna Karlsdóttir**
**Kristinn Karlsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Karl Jensen Sigurðsson**
frá Djúpavík á Ströndum,

lést föstudaginn 9. desember.

**Nanna Hansdóttir**
**Annþór Kristján Karlsson**
**Þórunn Anna Karlsdóttir**
**Friðrik Jensen Karlsson**
**Arnfríður Wíum Sigurðardóttir**
**tengdabörn og barnabörn**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Matthíasar Á. Mathiesen.**

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans.

**Sigrún Þ. Mathiesen**
**Árni M. Mathiesen** **Steinunn K. Friðjónsdóttir**
**Halldóra M. Mathiesen** **Frosti Bergsson**
**Þorgils Óttar Mathiesen**
**Matthías Árni, Bergur, Sigrún, Kristín Unnur, Halla Sigrún, Einar Páll og Arna Steinunn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Karl Brynjólfsson**
Háabarði 10, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu sunnudaginn 11. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Rósa Karlsdóttir** **Björn Rúnar Lúðvíksson**
**Magnús Karlsson**
**Ólafur Halldórsson** **Auður Sigurðardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Anna Guðlaugsdóttir**

lést á Landspítalanum Fossvogi hinn 4. desember. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Pálína Steinarsdóttir** **Stefán Björnsson**
**Alda Elvarsdóttir** **Paul Hansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Tæplega helming** krabbameinstilfella í Bretlandi má rekja til lífsstíls, að því er ný rannsókn leiðir í ljós. Reykingar eru stærsti áhættuþátturinn en auk þess skortur á ávaxta- og grænmetisneyslu, áfengisneysla, ofþyngd, sólböð og skaðlegar vinnuaðstæður.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

Eirberg



Gefðu góða gjöf

**Endurnærandi iljanudd**
Kröftugt Shiatsu fótanudd.
Gefðu gjöf sem vermir fætur og bætir líðan. Endurnærandi iljanudd með infrarauðum hita.

**13.890 kr.**

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**JÓLAGJÖFIN**
hennar og hans
Verð 24.000.-

Vinsælu kuldaskórnir
með mannbroddunum

OLANG

BASLER

**Skipholti 29b • S. 551 0770**

*Í topp um jólin*



**Fallegir og klæðilegir toppar.**
**Margir litir.**
**Verð 6.900 kr.**
**Munið gjafakortin**

Ríta

Bæjarlind 6
S. 554 7030

Eddufelli 2
S. 557 1730

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir er í meistaranámi í sálfræði og segist komin á rétta hillu í lífinu.

# Námshestur en engin ofurkona

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessum málefnum og verið dugleg að vinna í sjálfri mér, enda kannski sjálf efni í lokaritgerð í sálfræði,“ segir Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir spurð hvað hafi valdið því að hún söðlaði um og hóf að læra sálfræði. Ragnheiður komst í sviðsljósið árið 2001 þegar hún var kjörin fegurðardrottning Íslands og starfaði síðan í sjónvarpi um skeið. Sjónvarpsvinnan átti reyndar sinn þátt í því að hún fór

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



5.900.-



5.900.-



Golla 4.950.- 4 litir



5.900.-



5.900.-

Kringlan 4 - 12
Reykjavík s: 588 - 1705

Galla Buxnabúðin
Sendum í póstkröfu

Hafnarstræti 106, göngugötunni
Akureyri s: 463 - 3100

Ljósmyndari Heida.is



**Appelsínuhúð** er áferð á húðinni sem minnir á appelsínubörk í útliti. Þessi áferð stafar af byggingu vefja í undirhúðinni. Þar er um að ræða afbrigði af fituvef sem ásamt bandvef myndar bylgjur. Erfðir skipta mestu þegar kemur að myndun appelsínuhúðar.

Framhald af forsíðu



Hef alltaf verið í námi," segir Ragnheiður, sem auk 80% náms vinnur 80% vinnu og sinnir tveimur börnum og heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í sálfræðina. „Það sem ýtti mér endanlega út á þessa braut var það að ég tók þátt í því að setja á stofn sjóðinn Þú getur, sem hefur það hlutverk að styrkja fólk með geðraskanir til náms. Mín aðkoma að því máli kom reyndar til í gegnum vinnuna í sjónvarpinu, því ég hafði tekið viðtal við Ólaf Þór Ævarsson geðlækni og við upp úr því orðið góðir vinir. Hann hafði gengið með þessa hugmynd í mörg ár og við ákváðum að hrinda henni í framkvæmd. Eftir það varð ekki aftur snúið og ég byrjaði í sálfræði í HÍ haustið 2008."

Sálfræðinámið var þó engan veginn fyrsta námið sem Ragnheiður fór út í. „Ég hef alltaf verið í námi," segir hún. „Er mikill námshestur þótt ég sé alls ekkert séní, mér finnst bara svo gaman að læra. Ég tók einkaþjálfarann og síðan mannauðsstjórnun í endurmenntuninni og fann þá hvað mér fannst óskaplega gaman að vinna með fólki. Ég hafði líka lagt mikla áherslu á að rækta líkamlegu heilsuna en andlega heilsan skiptir ekki síður máli og það er óskaplega erfitt að funkera ef annað hvort er ekki í lagi."

## „Ég hef alltaf verið dugleg að vinna í sjálfri mér, enda kannski sjálf efni í lokaritgerð í sálfræði"

Ragnheiður valdi félags- og vinnusálfræði sem sérgrein í meistaranáminu. „Það svið er meira rannsóknartengt og felst í því að vinna með hópa af fólki. Í staðinn fyrir að taka klínísk viðtöl, sem er örugglega krefjandi og áhugavert líka, þá býður þetta nám að mínu mati upp á meiri möguleika á að vinna með fleira fólki og ólíkum hópum og kanna til dæmis fylgni og orsakasambönd, sem mér finnst mjög áhugavert." Ragnheiður vinnur með náminu í 80% starfi sem stuðningsfulltrúi og ráðgjafi í endurhæfingu á geðsviði Landspítalans. „Já, ég sótti um þessa vinnu þegar ég kláraði BS-námið, bara svona til þess að prófa, og var svo heppin að fá að kynnast þessari hlið á starfinu."

Auk þess að vera í vinnu og námi er Ragnheiður tveggja barna móðir. Er hún ein af þessum margumtöluðu ofurkonum? „Ja, það dugar mér að minnsta kosti aldrei að vera í einhverju einu," segir hún og hlær. „Ég veit ekki hvort ég er nein ofurkona en maður allavega keyrir sig í gegnum þetta. Það væri hins vegar ekki hægt ef maður ætti ekki góða að, það er alveg á hreinu. Mamma er algjörlega mín hægri hönd í þessu öllu saman."

Ragnheiður segist sannfærð um að hún sé nú komin á rétta hillu í lífinu og hlakkar til að takast á við verkefni á sviði sálfræðinnar í framtíðinni. „Ég myndi segja að þetta væri mín jafnvægishilla í lífinu, já. Svo kemur auðvitað margt af því sem ég lærði áður mér til góða í þessu starfi, eins og þjálfunin og mannauðsstjórnunin. Þetta vinnur allt saman."

Einhver sérstök framtíðaráform? „Ég er alveg ákveðin í að klára þetta nám, á eftir tvö og hálft ár, en annars er markmiðið bara að lifa lífinu lifandi. Ég hlakka mikið til að uppskera það sem ég hef verið að sá og hef fulla trú á því að uppskeran verði góð."

*fridrikab@frettabladid.is*



















# jólagjöfin hennar

ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER 2011




NORDICPHOTOS/GETTY






Þessi brúni klassíski klikkar seint. Einfaldleikinn gerir það að verkum að persónulegt handbragð fær hvað best notið sín og er hægt að skreyta hann með teikningum, límmiðum, lifandi blómum og blúndum svo dæmi séu nefnd. Við hann er fallegast að nota snæri upp á gamla mátann.



Það er eitthvað freistandi við dinglandi skraut utan á pakkanum. Lítið hjarta breytir öllu.



Ekki má gleyma merkimiðanum eða kortinu sem fylgir. Þar er hægt að koma kærleikanum í orð.



Karamellupakkningin er sígild. Hér er pappírsvalið vandað og þá þarf ekki mikið meira til.



Flestum hlýnar um hjartað við að fá pakka í fallegum umbúðum sem nostrað hefur verið við.



Þessi er nú sætur! Kaupið nokkrar jólakúlur og festið á pakkann. Toppið með englahári!






# Umbúðirnar skipta máli

**Gjöfin handa elskunni er komin í hús og hægt að varpa öndinni léttar! Henni er síðan skutlað í gjafapoka eða nurlað inn í snjókarlajólapappír með stjörnum korter í jól … eða hvað? Þó að það sé eflaust krúttlegt að fá krumpaðan pakka með allt of miklu límbandi hlýnar flestum um hjartað við að fá pakka í fallegum umbúðum sem nostrað hefur verið við. Vitanlega er hægt að kaupa þá þjónustu í verslunum en með því að föndra upp á eigin spýtur verður gjöfin persónulegri og meiri líkur á að hún hitti í hjartastað.**



● **GOTT VEÐUR Í JÓLAPAKKANN** Á frostköldum desemberkvöldum reikar hugurinn oft til heitari landa. Í ár er útlit fyrir hvít jól um allt land og því væri ekki leiðinlegt að fá gott veður í jólagjöf. Slíkri gjöf þyrfti þó að huga að með fyrirvara og leggja fyrir nokkrar krónur, því farmiði á suðlægar slóðir kostar sitt. Þá þyrfti einnig að gista á þokkalega góðum stað. Tólf dagar eru nú til jóla og því stuttur tími til að safna fyrir ferð, en þá má bara hugsa til næstu jóla.






# AÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR HANA

**Code**
Code er dularfullur og tælandi ilmur frá Giorgio Armani.
Klassískur og fágaður ilmur eins og Giorgio Armani er þekktur fyrir.

**Gjafaaskja** með Edp. 30 ml. ilmi og 75 ml. body lotion.
Algengt verð 7.980 kr.




**Acqua Di Gioia**
er frísklegur og nautnafullur viðar- og sítrusilmur frá Giorgio Armani.
Ilmur gleðinnar.

**Gjafaaskja** með Edp. 30 ml ilmi og 75 ml. Body lotion.
Algengt verð 6.980 kr.




**IDOLE d´Armani**
dömuilmurinn frá Giorgio Armani er blómailmur með ívafi ríkra krydd-tóna. Einfaldur og stílhreinn eins og önnur hönnun Giorgio Armani.

**Gjafaaskja** með Edp. 50 ml., Body lotin 75 ml. og GA kvöldtösku.
Algengt verð 7.980 kr.



**Gjafaaskja** með Edp 30 ml ilmi og 75 ml. Body lotion.
Algengt verð 5.960 kr.










Paris Hilton splæsti á sig nýjum Bentley í jólagjöf og Mariah Carey fékk Rolls-Royce. Sienna Miller fékk demantshring frá vandræðagripnum Jude Law.



Snobb-kryddið fékk sérhannaða Birkin-tösku.

# Demantar ennþá bestu vinirnir

***Jólin 2010 tóku eiginmenn og elskhugar í Hollywood gjafaskyldur sínar hátíðlega og hrúguðu demöntum og lúxusbílum yfir ástkonur sínar og eiginkonur.***

Stjörnurnar í Hollywood fá jólagjafir eins og við hin og þær eru yfirleitt ekki neitt glingur. Um jólin í fyrra virtust eiginmenn og elskhugar stjarnanna keppast við að slá hver annan út í dýrum gjöfum. Það eru engir náttkjólar eða iPadar undir jólatrénu hjá þeim Victoriu Beckham, Siennu Miller og Mariuh Carey, hvað þá hjá Paris Hilton.

David Beckham gaf Victoriu konu sinni Hermés-tösku sem kostaði litla 129.000 dali. Taskan var sérstaklega búin til fyrir snobbkryddið og skreytt með hundruðum demanta.

Eiginmaður Mariuh Carey, Nick Cannon, gaf henni Rolls-Royce Phantom með einkanúmerinu „mommyMC", en í fyrra eignuðust þau hjónakornin tvíburana Moroccan og Monroe.

Þrátt fyrir að á ýmsu hafi gengið í sambandi þeirra Jude Law og Siennu Miller gerði kappinn sér lítið fyrir og keypti handa henni demantshring með safírum og faldi hann í nýuppgerðum klassískum flygli. Hringurinn kostaði 200.000 dali en ekki fylgir sögunni hvað flygillinn kostaði.

Paris Hilton þarf engan kærasta eða eiginmann til að gleðja sig um jólin. Hún keypti eitt stykki Bentley Continental GT í jólagjöf handa sjálfri sér. Sérpantaðan bleikan bíl með demantsskreyttu mælaborði. Hún sló öllum strákunum við og greiddi heila 285.000 dali fyrir gripinn.



Kynning - AUGLÝSING

# Heilnæmt nudd besta jólagjöfin

**Hjónin Margrét Sæberg nuddari og Guðmundur Hallbergsson kynntust þýska Maxiwell-nuddpúðanum fyrir fimm árum. Þau féllu strax fyrir einstakri virkni púðans og stofnuðu í framhaldinu fyrirtækið Logy ehf., sem fer með einkaumboð á sölu nuddpúðans á Íslandi og í Færeyjum.**

Ég kynntist púðunum þegar ég var í starfsnámi í iðjuþjálfun á endurhæfingardeild í Danmörku. Ég féll algerlega fyrir virkni púðans og varð mér úti um einkaumboð á Íslandi og í Færeyjum. Þetta eru fimmtu jólin sem við kynnum púðann í Kringlunni,“ segir Margrét Sæberg nuddari, þar sem hún býður viðskiptavinum Kringlunnar að prófa Maxiwell III nuddpúðann eftir lýjandi innkaupaferð.

Hún segir púðann koma fólki á óvart. „Það sem aðgreinir Maxiwell III frá öðrum nuddpúðum er að inni í honum er svokallaður jaðisteinn sem mótaður er í kúlur. Steinninn leiðir hitann djúpt inn í vöðvann og nuddið verður mun dýpra en í öðrum nuddpúðum,“ segir Margrét.

Tvær stillingar eru á nuddinu í púðanum og tvær hraðastillingar. Þá er ýmist hægt að hafa hita og nudd saman eða ekki. Púðinn er 12 volt og er til dæmis hægt að stinga honum í samband við sígarettukveikjara í bíl. Þá er öryggisstýring á púðanum svo hann slekkur sjálfkrafa á sér eftir 15 mínútur. Tveggja ára ábyrgð er á púðanum sem hannaður er í Þýskalandi.

„Þeir sem fjárfesta í nuddpúðanum eru að láta sig heilsu sína varða,“ segir Margrét. „Karlmenn kaupa púðann mjög gjarnan handa konunni sinni í jólagjöf en það geta í rauninni allir í fjölskyldunni notað púðann. Hvað er betra en að horfa á þann sem maður elskar sitja með heitt kakó og nudd á aðfangadagskvöld? Þetta er besta jólagjöfin.“




Margrét Sæberg nuddari segir Maxiwell III púðann koma fólki á óvart. Hægt er að prófa hann á 1. hæð í Kringlunni í desember og er hann á jólatilboði á 34.900 krónur. MYND/STEFÁN

Hægt er að nota Maxiwell III á allan líkamann. Margrét útskýrir að púðinn nýtist vel gegn fótapirringi, gigt og jafnvel mígreni.

„Ég veit til þess að púðinn hefur hjálpað fólki með mígreni og fólki sem lent hefur í aftanákeyrslu þar sem höfuðið kastast aftur og fram. Sjálf er ég flogaveik og púðinn hefur alveg bjargað mér því vöðvarnir stífna mikið upp í flogaköstum. Fólk með gigt í höndum getur lagt hendurnar á púðann og fengið bæði hitann og hreyfinguna í liðina. Undir iljarnar fæst gott svæðanudd og einnig er gott að setja púðann undir kálfana og fá sogæðanudd á þreytta vöðva. Margir sjúkraþjálfarar hafa einnig keypt púðann og nota í meðferðum hjá sér,“ segir Margrét.

Hugulsamir eiginmenn eru þó ekki þeir einu sem kaupa nuddpúðann. Margrét og Guðmundur ferðast um allt land og kynna púðann, meðal annars á vinnustöðum, en Margrét segir atvinnurekendur fjárfesta í forvörnum með því að kaupa púðann fyrir starfsfólk. „Starfsfólk þarf þá síður til sjúkraþjálfara eða í nudd vegna vöðvabólgu.“

Hægt er að panta kynningar heim og í fyrirtæki í síma 661 2580 og er frí heimsending á púðanum á höfuðborgarsvæðinu. Púðinn kostar 43.000 krónur en er á sérstöku jólatilboði í desember, **34.900** krónur. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.logy.is.

# Dekraðu við **þína** heittelskuðu

**Ilmkerti, mjúkir inniskór og krem eru tilvaldar gjafir fyrir konur sem vilja láta dekra við sig.**

Karlar þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að finna jólagjöf handa sinni heittelskuðu enda eru konur svo margslungnar að margt kemur til greina, hvort sem það er rómantískt eða ekki.

● Í fyrrnefndu deildinni er þó ótalmargt að finna sem konum líkar, góður ilmur eða krem fyrir andlit, hendur og fætur, fallegt ilmkerti, mjúkir inniskór eða satínsloppur, að ógleymdum fallegum nærfötum. Konum þykir svo notalegt að dekra við sig.

● Konum líkar einnig við harðari pakka þar sem stirnir á innihaldið, eins og silfur- og gullskartgripi. Slíkar gjafir eru líka oft tákn um djúpa væntumþykju.

● Það er ekki satt sem karlmenn halda oft fram að konur eigi nóg af töskum og skóm. Kona á aldrei nóg af slíku! Þetta eru því tilvaldar jólagjafir, sérstaklega ef þær eru vandaðar og einstakar. Sama má segja um hönnun, bæði blómstrandi íslenska sem og erlenda.

● Leðurhanskar koma líka sterkir inn og ættu karlar að gefa gaum að brúnum tónum og gráum, sem hafa dálítinn karakter. Með hönskum getur verið smart að gefa loðtrefil um hálsinn og í sömu tónunum. Hvort tveggja lífgar upp á gamlar kápur og úlpur.

Þá eru karlmenn svalir sem gerast svo djarfir að kaupa fatnað á konuna sína eða kærustu því fatakaup eru vitnisburður um góða þekkingu og smekk viðkomandi.



**Sumir halda því fram að konur eigi aldrei nóg af fallegum töskum og skóm.**



**Margir gæfu mikið fyrir vandaðan og þægilegan slopp.**

**● VANDAÐU VALIÐ**

Heimilistæki eiga ekkert erindi í jólapakkann hennar. Heimilisverkin eru sjaldnast í uppáhaldi hjá eiginkonum og því hafa þær ekki gaman af að opna stóran pakka til þess eins að finna í honum ryksugu eða hrærivél. Þó skal forðast að gefa eiginkonu smíðaverkfæri til þess eins að sýnast ekki karlremba, hana gæti þá grunað að þig hafi sjálfan langað í verkfærið og nýtt „tækifærið“ til að kaupa það fyrir jólin. Veldu jólagjöf sem samræmist áhugamálum hennar og vertu vakandi fyrir litlum vísbendingum sem felast í samtölum ykkar á milli í desember.
















Þó nokkurt úrval er til af púðum í verslunum, bæði innlendri hönnun og erlendri.

# Fötin eru ekki bara mjúk

**Mjúkir pakkar eru líklega jafn vel metnir hjá þeim sem eldri eru og þeir eru stundum illa séðir hjá yngstu kynslóðinni, sem vonast helst eftir leikföngum, bókum og öðru sem hart er. Ýmislegt annað en fatnað má setja í mjúka pakkann.**

● Teppi tilheyra þessari árstíð og eru gjöf sem er nokkuð víst að verður notuð, hvort sem er heima, í sumarbústaðnum eða til skrauts. Klassísk ullarteppi henta íslenskum aðstæðum vel en ekki má gleyma veggteppum, rúmteppum og vönduðum baðmullarteppum. Margir eiga bara eitt rúmteppi og gaman er að eiga fleiri til skiptanna.

● Sokkar geta verið jafn smart gjöf og hún getur verið púkaleg. Þannig eru hvers kyns mjúkir



Tauservíettum er gaman að blanda saman í litum.

silkisokkar æðislegir, sem og gæðalegir og þykkir lopasokkar.

● Sjöl og klútar eru áberandi um þessar mundir, bæði íslensk hönnun sem erlend. Prjónaðar hyrnur, lauflétta silkiklúta og allt þar á milli er hægt að fá víða, bæði í klassískum litum sem og í heitum spænskum litatónum.

● Í mjúkum pökkum getur verið ýmislegt sem hentar heimilinu. Má þar stinga upp á púðum í sófann, litlum blúndukaffidúkum, löberum, tauservíettum, alvöru kokkasvuntum á alla fjölskyldumeðlimi og þykkum og flottum diskamottum. Þá eru til alls kyns hitaplattar í dag, úr þæfðri ull til að mynda.

● Af stærri mjúkum pökkum má nefna vinsælt og mjög svo þægilegt fyrirbæri sem kallast baunapoki og er hægt að fá í smart útgáfum. Einnig er í ýmsum verslunum hægt að fá stærri mjúka púða sem nota má til að liggja og sitja á.



Ullarsokkar eru jafn klassísk gjöf og kerti og spil.

## Gaman saman

● **MARGIR KVARTA** undan því að eiga aldrei nægan tíma saman og því gæti verið heillaráð að fjárfesta í auknum samvistum fyrir komandi ár.

Þannig er í boði fjöldi námskeiða sem leggja áherslu á mismunandi aðferðir til að styrkja sambönd para í sambúð eða hjónabandi, efla og bæta fjölskyldulífið eða ástarlífið svo dæmi séu nefnd.



Pör geta skellt sér saman á ýmiss konar námskeið til að styrkja sambandið.

Matreiðslunámskeið eru ekki síður kjörin til að efla samskiptin heldur en að bæta við kunnáttuna í eldhúsinu, enda er oft talað um að eldhúsið sé hjarta heimilisins.

Þá er varla hægt að hugsa sér betri aðferð en dansnámskeið til að færa pör saman. Margir dansskólar bjóða styttri eða lengri námskeið fyrir pör á öllum aldri þar sem áhersla er á einn eða fleiri dans. Fleiri dansar eru yfirleitt kenndir á lengri námskeiðum og einn flóknari á þeim styttri.

# Gjöfin sem sló í gegn

**Jólagjöfin handa betri helmingnum getur vafist fyrir mörgum. Við forvitnuðumst hjá nokkrum tónlistarmönnum og rithöfundum hvað þeir gáfu konu sinni í jólagjöf í fyrra og hvaða gjöf hefði slegið hvað mest í gegn í gegnum tíðina.**

## ● HELGI BJÖRNSSON TÓNLISTARMAÐUR

Hvað gafstu konunni þinni í jólagjöf í fyrra?

„Ég gaf henni eitt og annað smálegt. Ég gef henni alltaf bók í jólagjöf og svo fékk hún rosa flott stígvél og kápu."

Hvaða gjöf hefur slegið í gegn frá þér?

„Eitt sinn gaf ég henni óskaplega fallegan hring sem hún hafði verið að dást að í antíkbúð í Berlín. Hann var rándýr og ég hafði auðvitað ekkert efni á honum. En þess vegna bjóst hún ekki við honum og hann kom því á óvart og vakti mikla gleði. Ég er ekki búinn að ákveða gjöfina í ár en er með nokkra hluti í sigtinu. Veit til dæmis að hana vantar hlýja húfu."



**Helgi Björnsson sló í gegn með antíkhring í jólapakkanum.**

## ● SIGTRYGGUR BALDURSSON TÓNLISTARMAÐUR



**Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður á það til að hlaupa eftir jólagjöfum á Þorláksmessukvöld.**

Hvað gafstu konunni þinni í jólagjöf í fyrra?

„Úff, ég bara man það ekki, svei mér þá. Hún er nú bókaormur svo ég hlýt að hafa gefið henni doðrant. Svo fórum við Eyrún dóttir mín og fundum eitthvað fallegt með."

Hvaða gjöf hefur slegið í gegn frá þér?

„Ég hef átt nokkur góð útspil gegnum tíðina en það var afmælisgjöfin í fyrra sem sló í gegn. Ég gaf henni feita dúnsæng fyrir veturinn sem hún varð mjög ánægð með. Ég er ekki búinn að finna gjöfina í ár, ég er hálfgerður „Þorláksmessukall" og kaupi jólagjöfina oftast bara rétt fyrir jól. Það er auðvitað hættulegt að bíða svona með það og kaupa svo kannski köttinn í sekknum."

## ● SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

Hvað gafstu konunni þinni í jólagjöf í fyrra?

„Ég gaf henni ferð til Spánar. Hún var virkilega ánægð með það," segir Sigga hlæjandi. „Þetta var 12 daga ferð til Marbella á Spáni og við fórum saman um páskana, þegar mesta jólatörnin og stressið var búið."

Hvaða jólagjöf hefur slegið í gegn frá þér?

„Ætli það sé ekki bara þessi ferð. Það verður allavega erfitt að toppa hana. Ég er ekki búin að finna gjöfina í ár, ætli það verði ekki bara að vera ferð til tunglsins."



**Sigríður Beinteinsdóttir söngkona sló í gegn um síðustu jól þegar hún gaf sinni heittelskuðu ferð til sólarlanda.**

## ● BJARNI BJARNASON RITHÖFUNDUR



**Bjarni Bjarnason rithöfundur notaði jólagjöfina sem upphitun fyrir bónorðið.**

Hvað gafstu konunni þinni í jólagjöf í fyrra?

„Ég gaf henni mynd eftir Bjargeyju Ólafsdóttur sem hafði birst í ljóðabók eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur, sem fjallaði um brúðkaup. Þetta var upphitun fyrir bónorð. Hún tók vel í gjöfina svo ég mannaði mig upp í bónorðið. Ég bað hennar svo eftir tíu daga og þá hékk myndin fyrir ofan okkur. Það er hægt að nota jólagjöfina til að þreifa sig áfram um hvar maður stendur í sambandinu."

Hvaða jólagjöf hefur slegið í gegn frá þér?

„Ég myndi segja að það væri þessi gjöf, ég er allavega mjög ánægður með árangurinn en nú eigum við von á tvíburum. Ég treysti mér ekki til að toppa þetta. Ég er reyndar búinn að ákveða gjöfina í ár en er að velta fyrir mér fjármögnun. Ég hugsa stórt í þessum málum, það þýðir ekkert annað."





Mikið úrval gjafakorta
í heilsurækt, snyrti og nuddmeðferðir



World Class ICELAND
www.worldclass.is
LAUGAR
www.laugarspa.is
Nánari upplýsingar á vefsíðum okkar og í síma 553 0000

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI
Á HVERJUM
MORGNI!




vísir



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## PHILIPS Sonicare

**rafmagnstannburstar fyrir börn og fullorðna**



**PHILIPS**

**Philips HX5350**
Sonicare tannbursti með hleðslu.

**TILBOÐ**
**6.995**
FULLT VERÐ 7.995



**PHILIPS**

**Philips HX6311**
Sonicare tannbursti fyrir krakka. 2 misstórir hausar fylgja og burstinn hjálpar við að gera burstun lengri og betri með hljóðmerkjum.

**TILBOÐ**
**9.995**
FULLT VERÐ 14.995



**HealthyWhite**
Gerir tennur hvítari.

**PHILIPS**

**Philips HX6711**
Sonicare tannbursti með hleðslu. Stillingar fyrir 2ja mín. hreinsun með 30 sek. hvítun.

**TILBOÐ**
**11.995**
FULLT VERÐ 17.995

NO.1 RECOMMENDED SONIC TOOTHBRUSH BRAND BY DENTAL PROFESSIONALS WORLDWIDE #1



**PHILIPS**

***Sonicare tæknin léttir og bætir tannhirðu***

**Sonicare** tæknin er einkaleyfisvarin og gerir burstun auðveldari, hreinsar vel og fer vel að tönnum og góm.

## VANDAÐAR HEILSUVÖRUR

**MEDISANA®**
*made for Life*



**Medisana 88503/02/03**
Lítið og vandað nuddtæki með LED lýsingu. Fjórir nudd hausar. Slakandi víbrings nudd kemur blóðflæði af stað.

**VERÐ**
**1.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Medisana 51067**
Einfaldur blóðþrýstingsmælir á úlnlið. Sýnir blóðþrýsting og púls. Lætur vita um óreglulegan hjartslátt.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Medisana 60167**
Þægilegur hitapúði fyrir háls og bak. 3 hitastillingar. Slekkur á sér eftir 90 mín. Má handþvo. 100w. 42 x 68 sm.

**VERÐ**
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

*3ja ára ábyrgð!*



Medisana 88934
Nuddsæti með 5 nuddsvæði. Hita eiginleiki. Fjarstýring. 12v straumbreytir fylgir. Hægt að nota í bíl. Slekkur sjálfkrafa á sér eftir 15 mín. 3ja ára ábyrgð.

**VERÐ**
**12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## MIKIÐ ÚRVAL AF VÖFFLUJÁRNUM



MELISSA

**Melissa 643214**
1000w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 5 hjartalaga vöfflur.

**VERÐ**
**4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



wilfa

**Wilfa WAS519**
1000w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 5 hjartalaga vöfflur. Húðun á járni til að koma í veg fyrir að vafflan festist. Ljós kviknar þegar vaffla er til.

**VERÐ**
**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



wilfa

**Wilfa WAS623B**
Stórt og öflugt 1400w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 6 hjartalaga vöfflur. Tvöföld húðun á járni til að koma í veg fyrir að vafflan festist. Ljós kviknar þegar vaffla er til.

**VERÐ**
**12.995**
FRÁBÆRT VERÐ



ÅVIKEN

**Aviken 904**
1000w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 4 hjartalaga vöfflur. Húðun á járni til að koma í veg fyrir að vafflan festist. Ljós kviknar þegar vaffla er til.

**VERÐ**
**14.995**
FRÁBÆRT VERÐ



ÅVIKEN

**Aviken 906**
1600w 2ja sneiða vöfflujárn með hitastilli sem gerir 4 hjartalaga vöfflur. Húðun á járni til að koma í veg fyrir að vafflan festist. Ljós kviknar þegar vaffla er til.

**VERÐ**
**19.995**
FRÁBÆRT VERÐ




***OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA***

**Heimilistæki** ht.is

***UMBOÐSMENN UM LAND ALLT***

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




**Næturljós í barnaherbergið**
Saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 11-18, lau 11-16 Sími 517-8060. ditto.is



**Hillur í verslun**
Til sölu frístandandi raufapanill/hillur, tilvalið í verslun fyrir vörur. Á einnig á vegg. Gott verð. Einnig krókar, skúffur og fl.S:6643177

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

4 innihurðir, baðvaskur+skápur, Upphengt salerni, ískápur. Hyundai H100 árg. 95 selst ódýrt uppl. 697 5850

**Til sölu**
Lokaður djúpsteikingarpottur sem ekki þarf frásog, er með filter. sjá www.perfectfry.com Berto's tvöfalt grill, sjá. www.bertos.com ,örbylgjuofn,hitari/dæla fyrir heitar sósur t.d fyrir ísbúðir. 892-0807.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Verslun






Flott föt á flottar konur.Tökum vel á móti þér. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafenis: 588-9925 emilia.is




**Líkamsræktartöðvar og Íþróttahús ATH!**
Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Jólagjöf nuddarans. Nokkrir ferðanuddbekkir til sölu á 50 þ.kr. S. 891 6447, Óli.

Nudd í 101 Reykjavík. Uppl. síma 869 6415

## Þjónusta



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 03. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

## HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

**Húsgagnalökkun**

**Sprautulökkum: innhurðir, eldhús og baðinnréttingar, stóla og borð, skápa og skenka.**

**Smiðjuborg ehf Smiðjuvegi 11 S:8941867**

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Hestaflutningar**
Ferð Akureyri-Reykjavík á fimmtudag. Reykjavík-Akureyri á föstudag. Uppl. í s. 896 4316 Jósep.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Íbúð til leigu**
2 herbergja íbúð 78fm ný og falleg íbúð í Vatnsendahverfi frábært útsýni, leiga 110þús + hússj leigist frá 1.feb 2012 uppl síma 896-3362 Agnes sýnir íbúðina.

Hálf-stúdíó eða herbergi til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið . S. 869 2618.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

30fm,stúdíó íbúð í 111 til leigu.Bað, Eldunaraðs,sér inng.6990263-8933263

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Herbergi í miðbæ Rvk til leigu. Húsgögn fylgja , aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. V. 55þús. S. 895 0482 e. kl 13

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir rafvirkjum í fullt starf í Noregi Kvinherad Elektro AS óskar eftir rafvirkjum með reynslu í skiparafmagni (Supply skipum) til starfa sem allra fyrst. Okkur vantar einnig rafvirkja með reynslu í húsa og iðnaðarrafmagni. Umsækjendur þurfa að geta tjáð sig annaðhvort á Norsku, Dönsku eða Ensku Kvinherad Elektro AS er staðsett i Rosendal, um það bil 2,5 tíma frá Bergen (Vestur Noregur). Laun eftir kjarasamningum. Við aðstoðum viðkomandi aðila með að fá húsnæði. Nánari upplýsingar fást hjá Erling Enæs í síma +47 905 80 799 eða á e-póst ebe@k-el.no og Johannes Hauso, Sími +47 950 32 666 e-póst joh@k-el.no www.kvinnheradelektro.no

Óska eftir smiðum í gipsvinnu. Uppl í s. 844 0454

SÖLUFÓLK! Ég er með frábært tækifæri handa ykkur. Hentar fólki á öllu aldri! s. 8411448

## TILKYNNINGAR

## Einkamál




## Atvinna

# Lager og akstur.

**Rauði kross Íslands óskar eftir að ráða í fullt starf starfsmann í fataflokkunarmiðstöð sína í Skútuvogi 1B.**

Starfið felst í að hlaða og afhlaða gáma, vinnu á lyftara og sendibíl ásamt ýmsum öðrum störfum í miðstöðinni. Starfsmaðurinn er í miklum samskiptum við sjálfboðaliða.

Þarf að hafa réttindi á lyftara og til að aka sendibíl. Sveigjanleiki og góð samskipti eru skilyrði.

Umsóknir sendist á netfangið fataflokkun@redcross.is **fyrir 21. desember næstkomandi.**

Upplýsingar um starfið veitir Örn Ragnarsson í síma 894-1953.

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

## Þjónusta

# Leiguumsjón
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leigulíðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

Endurgreiðsluleikur Orkunnar í desember




# Endur-greiðsla eða 100.000 kr.

Í endurgreiðsluleik Orkunnar fær einn viðskiptavinur á dag í desember **áfyllingu sína endurgreidda** og 3 viðskiptavinir fá **100.000 kr. inneignarkort** í lok mánaðar.







Handhafar Orkulykils, Orku- og Afsláttar-korts, Orkufrelsis og Staðgreiðslukorts Skeljungs eru sjálfkrafa með!

Dregið verður á föstudögum úr öllum áfyllingum vikunnar og fá 7 viðskiptavinir áfyllingu sína endurgreidda. Endurgreiðslan er í formi inneignarkorts með sömu upphæð og dælt var fyrir.

Allir viðskiptavinir með Orkulykil, Orkukort, Afsláttarkort (skráð á kennitölu), Orkufrelsi eða Staðgreiðslukort Skeljungs geta vænst þess að fá áfyllingu sína endurgreidda, hvort sem þeir hafa tekið eldsneyti á bensínstöðvum Orkunnar eða Shell. Óþarfi er að skrá sig sérstaklega til leiks.

Fylgstu með á Orkan.is og á Facebook.

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM49308



*Elskuleg móðir mín, dóttir okkar, systir og mágkona,*

**Jónína Ásmundsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 6. desember. Jarðarförin fer fram frá Útskálakirkju mánudaginn 19. desember kl. 11. Bestu þakkir eiga umönnunarstarfsmenn D-deildar.

Maríanna Sif Jónsdóttir
Kristín Ögmundsdóttir — Sigurjón Kristinsson
Ásmundur Leifsson — Petra Stefánsdóttir
Pálína Ásmundsdóttir — Jón Ásmundur Pálmason
Bára Inga Ásmundsdóttir — Jón Sveinn Björgvinsson
Kristinn Þór Sigurjónsson — Jóhanna Sigurjónsdóttir



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Dan Þórhallsson**

fyrrverandi skipstjóri,
Garðatorgi 7, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi 10. desember sl. Útförin auglýst síðar.

Anna Heiðdal
Sigurður Heiðdal Hauksson — Anna Kristín Hreinsdóttir
Þórhallur Hauksson — Fanney Helga Hannesdóttir
Jóhanna Hauksdóttir — Sigurður Skúli Bárðarson
Knútur Grétar Hauksson — Sigrún Bragadóttir
Anna Hauksdóttir — Vignir Jakob Sveinsson
Jóhanna Kristín Hauksdóttir — Örlygur Örn Oddgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Gestur Stefánsson**

Snorrabraut 42,

er lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi 5. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 15. desember kl. 13.00.

Hermóður Gestsson — Anna María Arnardóttir
Henný Bára Gestsdóttir
Harpa Hrönn Gestsdóttir — Runólfur Hjalti Eggertsson
S. Lúther Gestsson — Valgerður Kristín Guðbjörnsdóttir
Ína Sigurborg Stefánsdóttir
Karl Stefánsson
og fjölskyldur.



*Elsku hjartans maðurinn minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Alfreð Sigurlaugur Konráðsson (Silli)**

frá Hrísey, Kirkjuvegi 14, Dalvík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 4. desember, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á heimsforeldra UNICEF.

Valdís Þorsteinsdóttir
Þórdís Alfreðsdóttir — Steingrímur Sigurðsson
Konráð Alfreðsson — Agnes Guðnadóttir
Sigurður Alfreðsson — Sólborg Friðbjörnsdóttir
Sigurjón Alfreðsson — Margrét Kristmannsdóttir
Blængur Alfreðsson — Þórdís Þorvaldsdóttir
Kristín Alfreðsdóttir — Ásgeir Stefánsson
afabörn og langafabörn.



**STUÐ** Jólastemning verður á útgáfutónleikum Blússveitar Þollýjar á Rosenberg í kvöld.

# Útgáfutónleikar Blússveitarinnar

Blússveit Þollýjar hefur hljóðritað sína fyrstu breiðskífu og mun fagna útgáfunni með tónleikum á Café Rosenberg í kvöld. Auk þess að flytja lögin af nýja diskinum mun sveitin flytja sitt árlega jólaprógramm.

Blússveitina skipa: Þollý Rósmunds söngur, Magnús Axel Hansen gítar, Jonni Richter bassi og Benjamín Ingi Böðvarsson trommur.

Sérstakir gestir á þessum tónleikum verða Sigurgeir Sigmundsson sem leikur á dobró og lap steel og Sigurður Kafteinn Ingimarsson munnhörpuleikari.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

# Jólakötturinn 2011 er persneskur

Persneski kötturinn Max er jólaköttur ársins 2011, en hann var valinn úr hópi þréttán katta af nokkrum tegundum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um helgina. Það voru gestir garðsins sem skipuðu köttunum í sæti, en annað sætið hreppti Notalegi Nonni sem er norskur skógarköttur og í því þriðja varð Amanda sem er af sömu tegund.

Jólakötturinn Max er hvítur og grár á litinn með mikinn og fallegan feld sem er vel við haldið af eigandanum Önnu Maríu Moestrup. Max minnir lítið á jólaköttinn sem flestir kannast við og hefur lifað í manna minnum í kvæðum Jóhannesar úr Kötlum. Hann er nefnilega mjög vandlátur á mat og drykk og drekkur til að mynda eingungis vatn úr hvítvínsglasi að sögn Önnu Maríu.

Þrír efstu kettirnir fengu kattamat frá Murr og Villiketti frá Freyju í verðlaun en Max fékk auk þess myndatöku hjá ljósmyndara.



**MEINLAUS** Jólakötturinn ásamt eiganda sínum, Önnu Maríu Moestrup.

# Jólasöngvar á Háskólatorgi

Kvennakór Háskóla Íslands heldur létta jólatónleika á Háskólatorginu og í aðalbygginu Háskólans í hádeginu fimmtudaginn 15. desember klukkan 12.10. Jólasöngvar Kvennakórs Háskóla Íslands eru orðnir að árvissum viðburði en lög verða sungin á hvorum stað og eru áheyrendur hvattir til að taka undir.

Meðal þeirra jólalaga sem eru á dagskrá kórsins eru Hin fyrstu jól, Laudate Dominum, Í dag er flatt í döprum hjörtum og Hvít jól. Stjórnandi kórsins er Margrét Bóasdóttir.



**TÓNLEIKAR** Kvennakór Háskóla Íslands heldur jólatónleika á Háskólatorginu og í aðalbyggingu Háskólans á fimmtudag.



*Ástkær eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,*

**Soffía Guðmundsdóttir**

tónlistarkennari,

lést fimmtudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 19. desember kl. 13.

Jón Hafsteinn Jónsson
Guðmundur Karl Jónsson
Olga Björg Jónsdóttir
Nanna Ingibjörg Jónsdóttir
Jón Ingvar Jónsson — Brigitte M. Jónsson



*Elskuleg móðir okkar,*

**Elín Jóhannesdóttir Arnholtz**

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 12. nóvember síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey frá Fossvogskapellu 21. nóvember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hrafnistu í Reykjavík.

Edda Arnholtz
Inger Marie Arnholtz
og fjölskyldur.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Jón Steingrímsson**

verkfræðingur,
Suðurlandsbraut 58, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 9. desember. Jarðsungið verður frá Áskirkju föstudaginn 16. desember kl. 15.00. Blóm eru afþökkuð en þeim sem minnast vilja hins látna er bent á líknarstofnanir.

Steingrímur Jónsson — Guðrún Olga Einarsdóttir
Þóra Jónsdóttir — Júlíus Lennart Friðjónsson
Vigdís Löve Jónsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðbjörg Sigrún Guðmundsdóttir**

Bjarnarvöllum 8, Keflavík,

lést þann 9. nóvember síðastliðinn. Útförin fór fram hinn 22. nóvember í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Jón Wheat
Jón Óskar Jónsson Wheat — María Kristinsdóttir
Benjamín Jónsson Wheat — Elva Dögg Guðbjörnsdóttir
og barnabörn.




**Evrópa frá 29.900 kr.***
eða 24.000 Vildarpunktar og 15.000 kr.*

**USA frá 52.900 kr.***
eða 44.000 Vildarpunktar og 25.000 kr.*

Jólapakkatilboðið gildir til London, Manchester, Glasgow, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Osló, Helsinki, Amsterdam, Frankfurt og Parísar í Evrópu og til New York, Boston, og Seattle í Bandaríkjunum.

Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2012 (síðasti ferðadagur).
Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld Icelandair.

+ Kauptu jólapakka á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er frá 24. nóv. til 24. des. 2011 kl. 18.00. Bókunartímabil jólafargjalda er frá 22. des. 2011 til og með 13. jan. 2012. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánar á icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000-16.200 Vildarpunkta. Jólafargjöld eru ekki endilega í boði í hverju flugi og sætaframboð er takmarkað.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund, **6.** hljóm, **8.** flinkur, **9.** þukl, **11.** hætta, **12.** bani, **14.** brestir, **16.** holskrúfa, **17.** sjáðu, **18.** keyra, **20.** ryk, **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** drykkur, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** málshöfðun, **10.** ágæt, **13.** viðmót, **15.** báru að, **16.** flan, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kalk, **6.** óm, **8.** fær, **9.** káf, **11.** vá, **12.** ólífi, **14.** snark, **16.** ró, **17.** sko, **18.** aka, **20.** im, **21.** snuð.

**LÓÐRÉTT: 1.** kókó, **3.** af, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** málsókn, **10.** fín, **13.** fas, **15.** komu, **16.** ras, **19.** au.




# Organdi blaðabossar

**BAKÞANKAR**
**Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Stök bleyja, svífandi út af fyrir sig á sporbaug um jörðu, þvælist alltaf fyrir vitum mér þegar geimfara ber á góma. Júrí Gagarín sem fór fyrstur út í geiminn, Neil Armstrong, sem steig fyrstur á tunglið og risableyjan sem geimfarinn Lisa Nowak setti á sig fyrir 1.600 kílómetra leið frá Texas til Flórída (til að þurfa ekki að stoppa til að fara á klósettið) drakk í sig hugmynd mína um geimfara. Tilgangur þeirrar ferðar var að ræna keppinaut sínum í ástarmálum og var hún dæmd fyrir tilraun til mannráns. Ég hef aldrei getað horft á geimfara eftir þá uppákomu án þess að spá í því hvort hann sé búinn að gera í bleyjuna sína.

**MÉR** varð hugsað til Nowak þegar frétt þess efnis birtist að leikskólakennarar og Félag stjórnenda á leikskólum teldu þörf á að grípa til aðgerða til að draga úr hávaða á leikskólum, sem er víða yfir hættumörkum. Hvernig væri það ef vinnustaðurinn breyttist skyndilega í leikskóla og hingað kæmu starfsmenn keyrandi í vinnuna með bleyju á bossanum og hæfu daginn á því að syngja jólalög í autotune þegar sest væri við skrifborðið. Það yrði eflaust fjör en fjör til lengdar getur líka reynt á, sem og margt annað sem fylgir leikskólastarfinu.

**ÞANNIG** yrði það óhjákvæmilega partur af dagsverkinu að klæða fólkið áður en það færi út í reyk. Setja trefil á Kjartan og standa svo í miðjunni að gefa eld. Stoppa áflog blaðamanna sem væru að slást um skúbb og hver ætti að taka til í kringum kaffivélina, rúllandi um gólfið í slag. Auðvitað þyrfti að þrífa alla vel eftir mat og jafnvel spúla suma sem gleyma að fara í sturtu. Enda andans menn sem skrifa um djúpvitra hluti og hugsa lítið um útlitið. Þegar allt væri síðan komið á suðupunkt og rifrildin komin yfir á Facebook yrði eina leiðin að slökkva á ráternum í stjórnstöðvunum. Eftir langan dag sæti maður með þrjá grátandi blaðamenn í fanginu sem fengu fréttirnar sínar ekki á forsíðuna.

**HÁVAÐAFRÉTTIN** rifjaði upp fyrir mér annað mál sem kom upp fyrir nokkrum vikum. Var það eitthvert stórmál að borga leikskólakennurum aukaálagið fyrir að aðstoða börnin okkar meðan þeir reyna sjálfir að matast? Ef minn hálftíma matartími færi í það að ganga á milli með tómatsósubrúsann og setja smekkinn á fréttastjórann kæmi mér til hugar að setja bara á mig bleyjuna og skjóta mér út um gluggann.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Vinsælasta tónlistin í dag




Páll Óskar & Sinfó - Stórtónleikarnir í Hörpu




KK & Ellen - Jólin




Stebbi og Eyfi - Fleiri notalegar ábreiður




Helgi Björns í Hörpunni - Syngur íslenskar dægurperlur ásamt gestum




Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands




Ingimar Eydal - Allt fyrir alla




Papar og gestir - Jameson




Gleðileg jól - Bestu jólalögin fyrir alla fjölskylduna




Justin Bieber - Under the Mistletoe




Pottþétt 56 - 40 pottþétt lög




Dikta - Trust Me




Björgvin Halldórsson - Gullvagninn




Hjálmar - Órar




Baggalútur - Áfram Ísland




Partípopp - 18 vinsæl popplög




FÁANLEGAR Í NÆSTU VERSLUN

sena

# menning
menning@frettabladid.is

**LÚSÍUHÁTÍÐ Í SELTJARNARNESKIRKJU** Sænska félagið á Íslandi stendur fyrir Lúsíuhátíð með tónleikum í Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan 18.30. Stjórnandi kórs og hljómsveitar frá 1991 er Maria Cederborg, sem kallar saman hóp barna og fullorðinna á hverju hausti til að undirbúa Lúsíuhátíðina. Að loknum tónleikum geta tónleikagestir keypt sér kaffi, piparkökur og „lussekatte", sem er sænskt jólabrauð. Miðaverð er 2.500 krónur og eru allir velkomnir. Frítt er á tónleikana fyrir börn yngri en tólf ára.

Bækur ★★★

**Myrknætti**

Ragnar Jónsson

**Veröld**

## Spennusaga úr norðlenskum veruleika

Myrknætti er þriðja spennusaga Ragnars Jónssonar um lögreglumanninn Ara. Sá starfar á Siglufirði og stígur þar fyrstu skrefin í nýju lífi og nýju starfi. Ragnari hefur farið fram með hverri bókinni og hefur náð ágætis tökum á spennusagnaforminu. Myrknætti er hans besta bók, en áður hafa komið út Fölsk nóta og Snjóblinda.



Ragnar leikur sér mikið með umhverfið og Siglufjörður er áberandi í sögum hans; nánast eins og ein persónan. Það tekst honum vel. Óþarflega mikið gerir hann þó stundum úr áhrifum umhverfisins, sem virðist á stundum svo þrúgandi að Ari geti um fátt annað hugsað.

Helsti gallinn á sögum Ragnars er söguhetjan. Ari er uppburðarlítill og virðist mikla fyrir sér hinar hversdagslegustu aðstæður. Því er vel að Ari fær minni sess í þessari bók en þeim fyrri og jafnvel hillir í að önnur sögupersóna, fréttakonan Ísrún, skipi stærri sess í næstu bókum. Það hljómar vel, í það minnsta þarf Ari að fara að taka sér tak og sýna smá manndóm eigi maður að nenna að fylgjast áfram með rannsóknum hans.

Stíll Ragnars er ágætur og textinn flæðir vel áfram. Fléttan er fín, Ragnari tekst að búa til sannferðuga sögu úr íslenskum veruleika. Það er helst að lýsingar hans á starfi fréttamannsins einkennist af vel þekktum mýtum um það starf. Það er hins vegar smáatriði þegar kemur að heildarmynd sögunnar.

Ragnari tekst vel að flétta mörgum sögum saman í Myrknætti og ljóst er að hann nær æ betri tökum á því formi sem hann hefur valið sér. Það verður því spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni, hvort sem verður í sögum af Ísrúnu eða Ara, sem vonandi verður þá uppburðarmeiri.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Sannferðug saga úr samtímanum. Ragnar hefur náð góðum tökum á spennusögunni.



**SÚ ÞRIÐJA BESTA** Plata Önnu Þorvaldsdóttur, Rhizoma, var valin þriðja besta klassíska plata ársins af vefritinu Time Out.

# Rhizoma Önnu valin ein besta plata ársins

Hljómplata Önnu Þorvaldsdóttur, Rhizoma, er þriðja besta klassíska plata ársins að mati vefritsins Time Out. Í umsögn vefritsins segir að Anna sé kraftmikið tónskáld sem skeri sig úr; það sýni plata hennar sem sé safn dulúðugra verka fyrir kammer- og hljómsveitir.

Anna Þorvaldsdóttir tónskáld er búsett í San Diego í Bandaríkjunum. Rhizoma er fyrsta plata hennar og kom út í október síðastliðnum á vegum útgáfufyrirtækisins Innova Recordings. Á plötunni eru þrjú stærri verk fyrir hljómsveit og kammerhljómsveit auk fimm stuttra kafla fyrir slagverksleikara sem leikur á innviði flygils.

Anna hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrr á árinu fyrir besta tónverkið, Hrím, sem er að finna á plötunni.






# Stefnir á Íslandsferð að ári

**Nýverið kom út sjálfsævisaga norska rithöfundarins Margit Sandemo, Lífsgleði, á íslensku. Sandemo er kunnust hér á landi fyrir sögurnar sínar um Ísfólkið, sem komu fyrst út hér á landi á níunda áratugnum. Útgefandi Sandemo telur að upplag bóka hennar á íslensku sé hátt í hálf milljón eintaka.**



**MARGIT SANDEMO** Stefnir á að koma til Íslands á næsta ári og hitta íslenska aðdáendur sína.

Margit Sandemo hóf feril sinn sem rithöfundur þegar hún var fertug að aldri en nú, 46 árum síðar, hefur hún skrifað 176 bækur. Sú nýjasta heitir Lífsgleði og er sjálfsævisaga skáldkonunnar, sem fæddist í Toten í Noregi árið 1924. Spurð hvers vegna hún hafi afráðið að setja saman ævisöguna segir hún að útgefandi sinn í Noregi hafi um tuttugu ára skeið falast eftir ævisögu hennar.

„Ég sagði alltaf nei, fannst ég ekki vera nógu seníl til að muna æskuna. Fannst það einnig vera hámark hégómans að trúa að fólk vildi lesa um líf mitt. En það er öðru nær, bókin komst á metsölulista í þeim löndum þar sem hún var gefin út í í fyrra," segir Sandemo, sem átti einkar átakamikla æsku sem hún átti lengi vel erfitt með að horfast í augu við. Henni var nauðgað tvisvar en hún varðist þriðju nauðgunartilrauninni, drap ofbeldismanninn með steini. Í bókinni segir Sandemo að það hafi tekið hana 50 ár að segja frá þessu atviki, en hún ýtti líkinu ofan í gjótu og ekki komst upp um verknaðinn.

Sandemo segir hafa verið erfitt að skrifa ævisöguna en einnig skemmtilegt. „Ég þurfti oft að leita á náðir systkina minna og barna til að muna smáatriðin. Ég sé eftir að hafa ekki skrifað þetta meðan maðurinn minn sálugi, Asbjørn, var á lífi, hann mundi allt mun betur en ég."

Eins og áður sagði hóf Sandemo að skrifa þegar hún var fertug. Hún segir að þegar hún hafi farið að lifa af skrifum sínum hafi ósk hennar ræst, að vera rithöfundur sé skemmtilegasta atvinna sem til sé þó að hún sé jafnframt mjög einmanaleg.

Bækur Sandemo hafa selst í bílförmum og segir Sandemo að á tímabili hafi hún fengið tugi þúsunda bréfa frá lesendum. „Nú er mun rólegra, en ég fæ ennþá mörg bréf frá lesendum. Ég hef líka nokkrum sinnum fengið bæði hringingar og bréf frá Íslandi og svo stoppar fólk mig á götu þegar ég er á Íslandi og vill spjalla. Ég fer vonandi til Íslands á næsta ári til að árita ævisöguna mína, ef heilsan leyfir. Ég hlakka mikið til því að síðast þegar ég var á Íslandi að árita bækur í Pennanum komu 100 manns sem óskuðu eftir áritun," segir Sandemo að lokum.

**sigridur@frettabladid.is**

### VINSÆL Á ÍSLANDI




Sigrún Halldórs, útgefandi Margit Sandemo á Íslandi, segir hátt í 200.000 bækur eftir Sandemo hafa selst undir merkjum útgáfu hennar, Jentas, en hún telur að alls hafi selst hátt í hálf milljón eintaka af bókum Sandemo hér á landi. Víst er að hún á marga aðdáendur hér á landi, en þegar hún kom og áritaði bækur hér á landi árið 2007 flykktust aðdáendur í Eymundsson til að fá áritaða bók.

Meðal bóka Sandemo eru bækurnar um Ísfólkið, en í þeim flokki eru alls 47 bækur. Þær voru fyrst útgefnar á níunda áratugnum hér á landi en Jentas gaf þær allar út á nýjan leik fyrir nokkrum árum. Meðal annarra bókaflokka eftir Sandemo eru Galdrameistarinn og Ysra. Sigrún segir að bráðum verði bókaflokkurinn Ríki ljóssins gefinn út, en sá flokkur hefur aldrei komið út á íslensku í heild sinni. Sigrún segir að Sandemo sitji nú við skriftir á sex bóka röð sem gerist á Írlandi.

# Jólatónleikar blásarakvintettsins

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar halda sína árlegu aðventutónleika undir heitinu „Kvöldlokkur á jólaföstu" í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan átta. Að venju verða hljómfagrar serenöður fyrir átta blásara á dagskránni. Beethoven og Mozart eiga hvor sína kvöldlokkuna, auk þess sem þeir félagar leika helstu slagarana úr Töfraflautunni sem enn hljóma í eyrum þeirra sem heyrðu uppfærslu Íslensku óperunnar í Hörpu nýlega.

Í lokin leikur blásaraoktettinn hina undurfögru mótettu Mozarts „Ave verum corpus".

Tónleikarnir taka rúma klukkustund og aðgangseyrir er 1.500 krónur en 1.000 krónur fyrir nema og eldri borgara.



**JÓLATÓNAR** Blásarakvintettinn á jólatónleikum á aðventunni í fyrra.

# „Skemmtileg bók. Maður les bara heillaður.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

Töfrandi minningabók
Sigurðar Pálssonar



SIGURÐUR PÁLSSON

*Bernskubók* kallast á
við *Minnisbók* Sigurðar
sem hlaut Íslensku
bókmenntaverðlaunin 2007

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2007




2. PRENTUN VÆNTANLEG

JPV ÚTGÁFA

★★★★½

*„... óskaplega fallegt og lætur lesandanum líða betur. Og gerir okkur þar með að aðeins betri manneskjum.“*

JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON / EYJAN.IS

★★★★

*„Einstök bók sem hentar öllum aldursflokkum ... Upplifunin er frábær og eftirbragðið stórkostlegt.“*

REYNIR TRAUSTASON / DV

*„... það langmerkilegasta sem Sigurður hefur gert í prósa.“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

★★★★

*„... ein sú albesta bók sem ég hef lesið um uppvöxtinn og leiðina til þroska ... víddir sem vandfundnar eru í æviminningum.“*

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

*„Sigurður fékk bókmenntaverðlaun fyrir fyrri Minningabók sína 2007. Mér finnst þessi bók betri.“*

SVAVAR GESTSSON / SVAVAR.IS

*„Það eru heillandi frásagnir í þessari bók.“*

EGILL HELGASON / KILJAN

*„Stíllinn er þannig að hann tekur mann með sér ... Með hans bestu verkum.“*

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN



*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*  *1 kr. sendingargjald til 15.12.11*



**600.000** **KRÓNA CHANEL-VESKI** leikkonunnar Lindsay Lohan var stolið á dögunum. Lohan var í teiti á Havaí og varð afar reið þegar upp komst um þjófnaðinn.



**RITSTJÓRNIN** Hjónin Ari Magg og Auður Karitas og Einar Geir Ingvarsson stolt með nýja blaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fagnað með Geysi

**Tímaritið Geysir kom inn um lúgur landsmanna á laugardaginn, en þau Ari Magg, Auður Karitas og Einar Geir Ingvarsson skipa ritstjórn blaðsins. Í tilefni af útgáfunni var blásið til hófs í Geysisbúðinni á Skólavörðustíg á föstudag. Margir lögðu leið sína í Geysi og skáluðu í lok vinnuvikunnar.**



Grafíski hönnuðurinn Hjalti Axel Ingason, leikstjórinn Þorbjörn Ingason og ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson létu sig ekki vanta.



Greipur Gíslason verkefnisstjóri var ánægður í Geysi.



Marta Eiríksdóttir, Hildur Backman og Eiríkur Pétursson skemmtu sér.



Hanna Guðlaugsdóttir, Guðlaugur Jóhannsson, Andrea Sif og Berglind Oddgeirsdóttir mættu.



Þær Anna Kristín Guðmundsdóttir og Bára Mjöll Þórðardóttir voru glaðar.



**Í SKÝJUNUM MEÐ SIGURINN** Berglind Ýr Karlsdóttir hlaut flest atkvæði þjóðarinnar í þættinum Dans dans dans á laugardagskvöldið, en hún hefur þjáðst af hjartagalla síðan hún var ellefu ára gömul og ætlaði að hætta að dansa í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ætlaði að hætta að dansa vegna langvinnra veikinda

**Berglind Ýr Karlsdóttir hlaut flest atkvæði þjóðarinnar og stóð uppi sem sigurvegari í sjónvarpsþættinum Dans dans dans um helgina. Hjartagalli Berglindar gerði það að verkum að hún ætlaði að leggja dansskóna á hilluna síðastliðið vor.**

### ÆSKUVINKONUR OG AFREKSKONUR

Berglind Ýr og Annie Mist Þórisdóttir, heimsmeistari í Crossfit 2011, eru frænkur og bestu vinkonur. Stúlkurnar hafa fylgst að síðan þær voru litlar og byrjuðu þær saman í fimleikum. „Svo fór ég í dans en Annie vildi meiri átök," segir Berglind og bætir við að þær hafi ávallt stutt við bakið hvor á annarri. Berglind hefur farið á byrjendanámskeið í Crossfit hjá Annie Mist og líkaði vel. „Annie er svo góður kennari að það gekk vel. Ég fór með henni út á heimsmeistaramótið í Los Angeles í sumar og studdi hana þar. Hún er besta vinkona mín og mér mikill stuðningur."



„Þetta kom mér svo mikið á óvart og ég vil koma á framfæri óendanlegu þakklætu til þjóðarinnar fyrir stuðninginn," segir Berglind Ýr Karlsdóttir, en hún fór með sigur af hólmi í þættinum Dans dans dans á laugardagskvöldið.

Berglind Ýr er á samtímadansbraut í Listaháskólanum en hún hefur stundað dans og fimleika síðan hún var kornung. Berglind sýndi frumsamið nútímadansverk á laugardagskvöldið og heillaði áhorfendur með einlægum dansi sínum.

„Ég var númer níu í röðinni og var næstum hætt við að fara fram á svið því allir hinir voru með svo flott atriði. Þetta var hörkukeppni og mjög skemmtilegt í alla staði," segir Berglind Ýr, en hún hlaut eina milljón króna í verðlaunafé sem hún ætlar sér að nýta í eitthvað tengt dansinum.

„Ég ætla að nota það til að afla mér frekari menntunar, annað hvort fara á sumarnámskeið næsta sumar eða skoða áframhaldandi nám erlendis eftir útskrift."

Í vor íhugaði Berglind að leggja dansskóna alfarið á hilluna þar sem langvinn veikindi hennar settu strik í reikninginn. Berglind hefur þjáðst af gollurshúsbólgu, sem er bólga í bandvefshulstri kringum hjartað, síðan hún var ellefu ára gömul. Berglind er á lyfjum og sterum til að halda sjúkdómnum í skefjum en lyfjunum fylgja slæmar aukaverkanir, sérstaklega þegar dans er manns ær og kýr.

„Lyfin hafa slæm áhrif á líkamann, til dæmis á beinin og vöðvana. Í vor var ég orðin langþreytt á að þurfa ítrekað að byrja aftur á byrjunarreit og langaði að snúa mér að öðru. Svo sá ég auglýsingar fyrir þáttinn og ákvað að gefa allt í dansinn í eitt ár í viðbót," segir Berglind, sem er í skýjunum með sigurinn og lítur á hann sem skilaboð um að halda áfram á þessari braut.

Athyglin á dansheiminum hér á landi hefur aukist í kjölfar þáttanna og Berglind hefur orðið vör við bæði jávætt og neikvætt umtal í kjölfar sigursins. „Maður er að fylgjast með á netinu og það er ómetanlegt að fá allan þennan stuðning. Því miður hef ég líka orðið vör við að fólk haldi að ég hafi sigrað út af vorkunnsemi en ég vona ekki. Ég vona að ég hafi unnið út á dansinn minn."

**alfrun@frettabladid.is**

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is



Kannski er jólagjöfin í Lyfju



Jólin eru tími til að gefa.
Í Lyfju finnurðu úrval af gjafavöru í pakkana til þeirra sem þér þykir vænst um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

YAMAHA



# YAMAHA RESTIO
## – Einstök hljómfegurð



Restio er ný upplifun í hljóði og hönnun frá Yamaha. Restio vekur fyrst athygli fyrir flott útlit og síðan fyrir frábæran hjómburð þegar tónlistin er sett í gang.

Fæst í fjórum litum:

**Verð: kr. 149.995**

- iPod / iPhone vagga
- Geislaspilari
- FM útvarp
- Vekjaraklukka
- Hægt að tengja MP3 spilara
- USb 2.0 tengi

**Restio getur staðið á gólfi eða hangið á vegg.**

Hátækni

PIPAR\TBWA · SÍA · 113034



**FRÁBÆR PLATA** Þriðja plata Helga Hrafns Jónssonar er sterk suða þess augljósa og óvænta, að mati gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Helgi tekur stóra stökkið

Tónlist ★★★★★

**Helgi Hrafn Jónsson**
Big Spring

Helgi Hrafn Jónsson á sér rætur í sígildri tónlist en skipti klassíkinni út fyrir poppið, og básúnunni fyrir gítarinn, um miðjan síðasta áratug. Tvær fyrri breiðskífur hans, Glóandi frá 2005 og For the Rest of my Childhood frá 2008, voru á margan hátt hálfkveðnar vísur, áheyrilegar í hálfum hljóðum, en fólu þó í sér loforð um mikla hæfileika sem biðu þess aðeins að blómstra. Því er mikið ánægjuefni að Big Spring sé jafn mikið réttnefni á þriðju plötu Helga sem raun ber vitni, því á henni tekur hann sannarlega risastórt stökk, lætur vaða af fjaðradýnunni og lendir þráðbeinn á fjölinni sem hann var vís til að finna.

Býsna langt er síðan undirritaður hefur fallið jafn kylliflatur fyrir íslenskri afurð og fyrir því eru margar ástæður, eins og gefur að skilja. Veigamest er líklega sú hversu vel Big Spring gengur upp



sem heild (fágæti á þessum iTunestímum) og samspil hinna ýmsu þátta er viðeigandi. Jafnvægið sem Helgi Hrafn nær fram er með öðrum orðum til fyrirmyndar og hvorki er orði eða nótu ofaukið né vannýtt.

Margar laga- og textasmíðanna eru dramatískar en þó um leið einfaldari en áður hefur heyrst frá Helga, sem setur fegurðina kirfilega í forgrunn. Á það sérstaklega við um rólegri lög með ljúfsárum textum á borð við upphafslagatvennuna Melting Point of … Salt, The Pond og ekki síst Lonely Birds, ótrúlegt lag sem fetar stigu gamals standards eða jafnvel barnagælu í byrjun en tekur u-beygju og lýkur með einkar aðlaðandi eftirspili. Einnig er tekið á rás í nokkrum afbragðsgrípandi popprokklögum eins og Darkest Part of Town og Passport No Passport, sem bæði leiða hugann að því huggulegasta sem breska tölvupoppið í eitís skildi eftir sig, og reggíkenndum þægindum í Stuck in Traffic (með ó-ó-ó-ó kafla og allt, sem sveigir þó snyrtilega framhjá því að verða hallærislegur).

Þá er ótalin björt og örlítið brothætt söngrödd Helga, sem er afar heillandi fyrir vikið og til þess fallin að draga hlustendur að sér. Að mörgu má dást varðandi hljóðfæraleik og útsetningar og engu yfir að kvarta. Big Spring er sterk suða þess augljósa og óvænta, verður betri við hverja hlustun og framreidd af listamanni sem virðist búa yfir óbilandi trú á það sem hann gerir. Frábær plata og mikil synd ef hún nær ekki eyrum eins margra og hún á skilið.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Gríðarlega heillandi plata frá Helga Hrafni, sem verður bara betri og betri.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 13. desember**

### → Tónleikar

**18.00** Nýtt tónverk eftir Þóru Björk Þórðardóttur verður flutt á vetrartónleikum tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Auk þess munu þau **Sigríður Soffía Hafliðadóttir** og **Sveinn Enok Jóhannsson** syngja, og **Leif Kristján Gjerde** spila á píanó. Aðgangur er ókeypis.

**18.30** Sænska félagið á Íslandi stendur fyrir **Lúsíuhátíð** í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi kórs og hljómsveitar er Maria Cederborg. Miðaverð er kr. 2.500. Frítt fyrir yngri en 12 ára.

**20.00** **Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar** halda sína árlegu aðventutónleika í **Fríkirkjunni í Reykjavík**, undir heitinu Kvöldlokkur á jólaföstu. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**20.00** Aðventutónleikar **Söngsveitarinnar Fílharmóníu** með yfirskriftinni Hin fegursta rósin er fundin verða haldnir í Langholtskirkju. Miðaverð er kr. 2.900 og kr. 1.000 fyrir 12 ára og yngri.

**20.30** **Skálmöld** og Angist leika á tónleikaröðinni Kaffi, kökur & rokk & ról!!! í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7, betur þekkt sem Vonarhús SÁÁ. Kaffi og kökur í boði fyrir tónleikagesti. Aðgangseyrir er kr. 500.

### → Leiklist

**20.00** Leikhópurinn Fullt Hús sýnir leikverkið Póker eftir **Patrick Marber** í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 3.400.

### → Tónlist

**21.00** **Blússveit Þollýjar** verður með útgáfutónleika á **Café Rosenberg** í tilefni af útgáfu disksins My Dying Bed. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### → Listamannaspjall

**20.00** **Myndlistarfélagið**, Gestavinnustofan og **Flóra** standa fyrir listamannaspjalli í Flóru í **Listagilinu** á Akureyri. **Sigrún Guðmundsdóttir**, starfandi listamaður í Rotterdam, hefur umsjón með spjallinu. Aðgangur er ókeypis.

### → Uppákomur

**14.00** **Séra Sigurvin Jónsson**, æskulýðsprestur í Neskirkju, fer með aðventuhugvekju áður en **Lay Low** stígur á stokk á aðventuhátíð í félagsmiðstöðinni Aflagranda 40. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Málstofa verður haldin í fundarsal **Seðlabankans**, Sölvhóli þar sem framsögumaður verður **Arnaldur Sölvi Kristjánsson**. Rætt verður um erindið Þróun á skattgreiðslum og skattbyrði á Íslandi: Greining áhrifaþátta 1997-2009.

**20.00** Kex hostel býður á Kexmas 2011. **Óttar Norðfjörð** mun lesa upp úr bókinni Lygarinn og **Snorri Helgason** mun leika lög af nýrri plötu sinni, Winter Sun. Aðgangur er ókeypis.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**TALAR VIÐ BRAD** Angelina Jolie viðurkennir að hún eigi ekki margar vinkonur sem hún getur talað við. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á fáa vini

**Leikkonan Angelina Jolie viðurkennir að hún eigi ekki marga vini sem hún getur talað við. Þetta kom fram í viðtali leikkonunnar við tímaritið Marie Claire. „Ég tala við fjölskylduna mína og Brad en ég veit ekki, ég á ekki svo marga vini sem ég tala við. Brad er sá eini sem ég tala við,“ segir Jolie sem þó skellti sér út á lífið með 15 vinkonum í New York á dögunum. „Ég hef gott af því að eyða tíma með vinkonum en ég á ekki svo margar og sérstaklega ekki úr kvikmyndabransanum.“**

**Angelina Jolie er stödd í New York núna til að kynna mynd sína In the Land of Blood and Honey sem hún leikstýrir.**




# Belgískur læknir með rokkveislu á Gauknum

**Wim Van Hooste hefur fylgst með íslenskri tónlist síðustu 25 ár. Hann heldur upp á afmæli sitt á Gauknum á næsta ári.**




**ÍSLANDSVINUR** Wim Van Hooste kemur reglulega til Íslands og ætlar að halda upp á afmælið sitt á Gauknum á næsta ári.

„Ég komst ekki til Íslands í ár þannig að ég hlakka mikið til að koma á næsta ári," segir belgíski læknirinn Wim Van Hooste.

Van Hooste hefur gríðarlegan áhuga á íslenskri tónlist og heldur m.a. úti tónlistarblogginu Icelandicmusic.blogspot.com. Hann hyggst halda upp á 41 árs afmælið sitt á Íslandi á næsta ári, nánar tiltekið á Gauki á Stöng, og ætlar um leið að setja af stað sérstaka keppni þar sem hann leitar að bestu ábreiðunum af lögum úr heimildarmynd Friðriks Þórs, Rokk í Reykjavík. „Á næsta ári verða 25 ár liðin frá því ég byrjaði að fylgjast með íslensku tónlistarsenunni," segir Van Hooste. „Það verða líka 30 ár frá því að Rokk í Reykjavík kom út. Mér fannst það vera áhugaverð hugmynd að heyra hljómsveitir dagsins í dag flytja gömul og klassísk lög úr myndinni."

Lögin hyggst hann setja á netið og búa þannig til nokkurs konar Rokk í Reykjavík 2. Þá vonast hann til að þau geti einnig komið út á geisladiski. „Bestu myndböndin verða svo sýnd í afmælinu mínu 24. maí á næsta ári," segir hann. „Og hljómsveitirnar með bestu ábreiðurnar verða beðnar um flytja lagið á sviði Gauksins."

Wim Van Hooste er á meðal duglegri Íslandsvina. Hann reynir að heimsækja landið árlega og mætti til dæmis á sex Airwaves-hátíðir í röð ásamt því að hafa mætt tvisvar á Aldrei fór ég suður. „Ég bjó og starfaði á Akureyri fyrir rúmum áratug og fór þá einu sinni í mánuði til Reykjavíkur til að kíkja út á lífið," segir hann. „Þannig að ég hlakka mikið til að koma með föður mínum í maí og hitta góða vini. Ég vonast til að sjá bæði gamlar og góðar og nýjar íslenskar hljómsveitir á tónleikum."

atlifannar@frettabladid.is






SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR Ótextuð | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali | kl. 10:10 | 3D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| TOWER HEIST | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:45 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:40 Í 3D og 2D | | L |
| VERY HAROLD & KUMAR XMAS ÓTXT. | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR Ótextuð | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 6 | 3D | L |
| A VERY HAROLD AND KUMAR CHRISTMAS | kl. 8 - 10 | 3D | 16 |
| HAPPY FEET TWO | kl. 6 | 2D | L |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 2D | 12 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| PUSS IN BOOTS m/ísl.tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| HAROLD AND KUMAR Án texta | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| BANGSÍMON m/ísl.tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 7 | 2D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TOWER HEIST | kl. 5:50 - 8 - 10.20 | 12 |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| WHAT'S YOUR NUMBER | kl. 8 | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 16 |

FLOTT Í SKÓINN VOUCHER Í BÍÓ

KAUPTU Á NETINU OG FÁÐU SENT Í TÖLVUPÓSTI SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 2D | KL. 3.30 | L |
| PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA | KL. 8 | L |
| PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA LÚXUS | KL. 8 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 | L |
| BLITZ | KL. 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE RUM DIARY | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| BLITZ | KL. 6 | 16 |
| MONEYBALL | KL. 8 - 10.20 | L |
| JACK AND JILL | KL. 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM ÍSLENSKT TAL 950 KR. Í 3D IMMORTALS 950 KR. Í 3D

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE RUM DIARY | 8, 10.30 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 6 |
| PUSS IN BOOTS 3D ENS TAL | 6, 8 - ÓTEXTUÐ |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 6 |
| BLITZ | 8, 10 |
| IMMORTALS 3D | 10.15 |




## NIRVANA OG LITTLE MIX KEPPA UM EFSTA SÆTIÐ

Stúlknabandið **Little Mix**, sigurvegari X-Factor, og **Kurt Cobain** og félagar í Nirvana eru talin líkleg til að berjast um að eiga vinsælasta smáskífulagið um jólin. **Bítlarnir** eru eini flytjandinn sem hefur átt fjögur topplög um jólin.





# Spennandi kapphlaup um vinsælustu jólasmáskífuna

**Í Bretlandi hafa menn keppst um það í áratugi að eiga vinsælasta lagið yfir jólatímann. Eins og undanfarin ár er sigurvegari X-Factor talinn líklegastur.**

Kapphlaupið um vinsælasta jólasmáskífulagið í Bretlandi hefur verið í fullum gangi að undanförnu. Mörg lög hafa verið kölluð til en aðeins eitt mun standa uppi sem sigurvegari síðustu vikuna fyrir jóladag.

Líklegasta lagið til að bera sigur úr býtum í ár, eins og undanfarin ár, er fyrsta lag sigurvegarans í raunveruleikaþættinum X-Factor. Í þetta sinn vann stúlknabandið Little Mix keppnina og telja veðbankar sveitina afar líklega til að ná toppsætinu. Margir Bretar eru reyndar orðnir þreyttir á þessari þróun og vilja önnur lög á toppinn. Til að mynda var Killing in the Name með rokksveitinni Rage Against the Machine vinsælast árið 2009 eftir mikinn kosningaáróður á Facebook. Núna hafa þrýstihópar einnig notað Facebook til að koma Smells Like Teen Spirit með Nirvana á toppinn í tilefni 20 ára afmælis plötunnar Nevermind.

Auk Little Mix og Nirvana telja veðbankar og tónlistarsérfræðingar líklegt að kór skipaður eiginkonum breskra hermanna muni blanda sér í baráttuna þessi jólin með laginu Wherever You Are.

Kapphlaupið um besta jólasmáskífulagið í Bretlandi á sér langa sögu. Fyrsti opinberi smáskífulistinn þar í landi leit dagsins ljós árið 1952 og síðan þá hefur það skipt miklu máli hvaða lag nær toppi listans áður en jólin ganga í garð. Oftast eru það góðgerðalög eða jólalög sem ná toppsætinu, enda fólk komið í blússandi jólaskap á þessum tíma.

Bítlarnir eru eini flytjandinn sem hefur átt fjögur lög á toppnum um jólin, þar af þrjú í röð frá árunum 1963 til 1965. Árin 1963 og 1967 tókst þeim líka að eiga bæði vinsælasta lagið og það næstvinsælasta. George Michael endurtók þann leik 1984 þegar hann var hluti af góðgerðahópnum Band Aid og dúóinu Wham! með lögin Do They Know It´s Christmas? og Last Christmas.

Sir Paul McCartney hefur nokkrum sinnum átt vinsælasta lagið yfir jólatímann og Cliff Richard hefur átt fjögur topplög, þar af tvö sem sólótónlistarmaður, en það eru Mistletoe and Wine og Saviours Day. Kryddpíunum tókst svo á síðasta áratug að jafna met Bítlanna með því að eiga topplag þrjú ár í röð frá 1996 til 1998. Bohemian Rhapsody með Queen er aftur á móti eina lagið sem hefur náð efsta sætinu tvívegis, árin 1975 og 1991. **freyr@frettabladid.is**

### EITT JÓLATOPPLAG FRÁ HVERJUM ÁRATUG

**1957** Harry Belafonte – Mary´s Boy Child
**1963** Bítlarnir – I Want to Hold Your Hand
**1973** Slade – Merry Xmas Everybody
**1985** Shakin´ Stevens – Merry Christmas Everyone
**1996** Spice Girls – 2 Become 1
**2006** Leona Lewis – A Moment Like This


LYFJA – Lifið heil

www.lyfja.is

+20% afsláttur

Strepsils Cool

36 stk. Áður: ~~1.599 kr.~~ Nú: 1.279 kr.

24 stk. Áður: ~~1.249 kr.~~ Nú: 999 kr.




Tilboðið gildir í desember.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 57415 11/11

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: HKL 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 22:00

SL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# möndluleikur
# SAFFRAN

Leynist vinningur í þínum eftirrétt?




Það leynast „möndlur“ í nýja, holla byggalamande jóladesertinum okkar - ef þú finnur eina vinnur þú glæsilega matarkörfu!

Prófaðu líka þennan:

Suðurríkjasælan
Hinn holli BBQ-kjúklingur!
Aðeins um helgar
1690 kr.



SAFFRAN saffran.is
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP. / ÁRTÚNSBREKKU

Opnunartími um hátíðarnar: Lokað 24/12, 25/12, 26/12 og 31/12 á öllum stöðum.
Nýársdagur 1/1/2012: Lokað á Dalvegi og Saffran Express en OPIÐ Í GLÆSIBÆ

# sport

sport@frettabladid.is



**EYGLÓ ÓSK GÚSTAFSDÓTTIR** úr Ægi er komin með tíunda besta tímann í Evrópu á árinu í 200 metra baksundi eftir að hafa tryggt sér Norðurlandameistaratitil í greininni um helgina. Eygló bætti sitt eigið Íslandsmet um rétt tæpa sekúndu og synti á 2:07,10 mínútum en gamla metið hennar var frá því á Íslandsmeistaramótinu fyrir fjórum vikum. Eygló vann besta afrek mótsins með þessu frábæra sundi en Anton Sveinn McKee var sá annar stigahæsti eftir að hafa sett nýtt Íslandsmet í 1.500 metra skriðsundi.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Eimskipsbikarinn*

**Grótta - FH** **18-28 (10-15)**

**Mörk Gróttu (skot):** Hjálmar Þór Arnarsson 5 (7), Þráinn Orri Jónsson 3 (10), Þórir Jökull Finnbogason 2/1 (4/1), Þorgrímur Smári Ólafsson 2 (9), Aron Valur Jóhannsson 1 (1), Ágúst Birgisson 1 (1), Benedikt R. Kristinsson 1 (3), Ólafur Ægir Ólafsson 1/1 (3/1), Árni Benedikt Árnason 1 (4), Kristján Orri Jóhannsson 1 (5), Friðgeir Elí Jónasson (1),
**Varin skot:** Lárus Helgi Ólafsson 16 (41/6, 39%), Kristján Ingi Kristjánsson 4 (7/1, 57%),
**Hraðaupphlaup:** 1 (Þórir)
**Fiskuð víti:** 2 ( Þórir, Friðgeir Elí)
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Mörk FH (skot):** Þorkell Magnússon 10/7 (12/7), Baldvin Þorsteinsson 4 (6), Sigurður Ágústsson 3 (3), Ari Magnús Þorgeirsson 3 (4), Örn Ingi Bjarkason 3 (4), Ólafur Gústafsson 3 (8), Halldór Guðjónsson 1 (5), Andri Berg Haraldsson 1 (9), Hjalti Þór Pálmason (5),
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 18 (31/1, 58%), Pálmar Pétursson 2 (7/1, 29%),
**Hraðaupphlaup:** 9 (Þorkell 2, Baldvin 2, Sigurður 2, Ari, Örn Ingi, Ólafur)
**Fiskuð víti:** 7 (Sigurður 4, Örn Ingi, Ólafur Atli Rúnar Steinþórsson)
**Utan vallar:** 12 mínútur.

**Í undanúrslitunum eru:** Haukar, Fram, HK og FH.

### *Powerade-bikarinn í körfu*

**Valur-Snæfell** **77-95 (32-44)**

**Stig Vals:** Garrison Johnson 24, Igor Tratnik 17 (17 frák.), Austin Magnus Bracey 11, Ragnar Gylfason 11, Birgir Björn Pétursson 10 (15 frák.), Alexander Dungal 4.
**Stig Snæfells:** Jón Ólafur Jónsson 33, Quincy Hankins-Cole 22, Marquis Sheldon Hall 16, Ólafur Torfason 8, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Guðni Sumarliðason 3, Þorbergur Helgi Sæþórsson 3, Sveinn Arnar Davidsson 3, Hafþór Ingi Gunnarsson 2.

**Dregið** verður í 16 liða úrslitin í dag en í pottinum eru: Fjölnir, Tindastóll, Keflavík, KR, Grindavík, Njarðvík, Hamar, Stjarnan, KFÍ, Breiðablik, Þór Akureyri, Njarðvík-b, Höttur, Skallagrímur, Þór Þorlákshöfn og Snæfell.

### *Enska úrvalsdeildin*

**Chelsea - Manchester City** **2-1**

0-1 Mario Balotelli (2.), 1-1 Raúl Meireles (34.), 2-1 Frank Lampard, víti (82.).

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man.City** | **15** | **12** | **2** | **1** | **49-15** | **38** |
| Man. United | 15 | 11 | 3 | 1 | 35-14 | 36 |
| **Chelsea** | **15** | **10** | **1** | **4** | **33-18** | **31** |
| Tottenham | 14 | 10 | 1 | 3 | 30-18 | 31 |
| **Arsenal** | **15** | **9** | **2** | **4** | **31-23** | **29** |
| Liverpool | 15 | 7 | 5 | 3 | 18-13 | 26 |
| **Newcastle** | **15** | **7** | **5** | **3** | **21-19** | **26** |
| Stoke | 15 | 6 | 3 | 6 | 16-24 | 21 |
| **Aston Villa** | **15** | **4** | **7** | **4** | **18-19** | **19** |
| Norwich | 15 | 5 | 4 | 6 | 24-28 | 19 |
| **Swansea** | **15** | **4** | **5** | **6** | **16-20** | **17** |
| Everton | 14 | 5 | 1 | 8 | 15-18 | 16 |
| **QPR** | **15** | **4** | **4** | **7** | **15-26** | **16** |
| Fulham | 15 | 3 | 6 | 6 | 16-18 | 15 |
| **West Bromwich** | **15** | **4** | **3** | **8** | **14-23** | **15** |
| Sunderland | 15 | 3 | 5 | 7 | 18-18 | 14 |
| **Wolves** | **15** | **4** | **2** | **9** | **16-28** | **14** |
| Wigan | 15 | 3 | 3 | 9 | 14-29 | 12 |
| **Blackburn** | **15** | **2** | **4** | **9** | **22-34** | **10** |
| Bolton | 15 | 3 | 0 | 12 | 20-36 | 9 |

# FH SÍÐAST INN Í UNDANÚRSLITIN

**FH-ingar unnu öruggan tíu marka sigur á Gróttu á útvelli í átta liða úrslitum Eimskipsbikarsins í gær og eru því komnir áfram í undanúrslit bikarsins í þriðja sinn á síðustu fjórum árum.**

**HANDBOLTI** FH tryggði sér sæti í undanúrslitum bikarsins með sannfærandi tíu marka sigri á botnliði N1-deildarinnar, Gróttu, 28-18 á útivelli í gær. FH-ingar hafa ekki komist í bikarúrslitin í mörg ár en komust þarna í undanúrslitin annað árið í röð og í þriðja sinn frá 2009.

Grótta hélt í við FH framan af leik með mikilli baráttu og fínum leik. FH var þó alltaf með frumkvæðið í leiknum og virtist geta slitið sig frá Gróttu án mikillar fyrirhafnar. FH-ingar virkuðu kærulausir framan af leik og fóru til að mynda illa með fjögurra mínútna leikkafla einum fleiri um miðbik fyrri hálfleiks.

„Við vorum mistækir í upphafi og nýttum okkur ekki þegar við vorum einum fleiri. Þegar við fórum að gera færri feila og refsa betur þá fór þetta að ganga betur, frábær markvarsla sem við fengum hjálpaði til," sagði Baldvin Þorsteinsson, leikmaður FH, eftir leikinn.

### Spýttu í lófana í seinni hálfleik

Gestirnir úr Hafnarfirði tóku sig þó saman í andlitinu er leið á fyrri hálfleik og náðu fimm marka forystu fyrir leikhlé 15-10.

Gróttu tókst aldrei að gera leikinn spennandi í seinni hálfleik. Daníel Andrésson fór á kostum í marki FH fyrir aftan öfluga vörnina og FH jók muninn jafnt og þétt þrátt fyrir að hvíla lykilmenn lengst af hálfleiknum.



**ÖRUGGT** Baldvin Þorsteinsson og félagar í FH unnu góðan sigur á Gróttumönnum á Seltjarnarnesi í gærkvöldi og fóru áfram í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við rúlluðum á mörgum mönnum. Það hjálpaði til. Við gátum leikið á óþreyttum leikmönnum í seinni hálfleik og gerðum færri mistök. Við spýttum í lófana og kláruðum þetta vel," sagði Baldvin að lokum.

Guðfinnur Kristmannsson, þjálfari Gróttu, tekur margt jákvætt út úr leiknum þótt Grótta sé fallin út úr bikarnum.

„Ég er mjög ánægður með baráttuna hjá strákunum. Við vorum að skapa okkur færi og meira getur maður ekki beðið um. Nú er bara að nýta þau," sagði Guðfinnur sem sagði muninn á liðunum í gær hafa verið einfaldan.

### Áttum að vera yfir í hálfleik

„Við skoruðum ekki úr dauðafærum. Við áttum að vera yfir í hálfleik. Seinni hálfleikur var svipaður. Við vorum reyndar orðnir svolítið þreyttir í restina og þegar munurinn verður mikill þá verða menn ennþá þreyttari," sagði Guðfinnur sem lék á mörgum mönnum líkt og FH-ingar.

„Ég var með annan flokkinn inn á stóran hluta af leiknum, það er annað en þeir. Þeir kaupa bara gamla karla og þora ekki að nota sína ungu leikmenn," sagði Guðfinnur að lokum. **- gmi**

Chelsea fyrsta liðið til að vinna Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í vetur:

# Lampard ískaldur á punktinum

**FÓTBOLTI** Frank Lampard kom inn á sem varamaður og tryggði Chelsea 2-1 sigur á toppliði Manchester City á Brúnni í gærkvöldi en þetta var fyrsta tap City-liðsins í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. City er nú „bara" með tveggja stiga forskot á Manchester United og nú er Chelsea komið upp í þriðja sætið, sjö stigum á eftir toppliðinu.

Þetta var ekki bara mikilvægur sigur fyrir Chelsea-liðið og stjóra þeirra, André Villas-Boas, heldur var þessum úrslitum örugglega fagnað vel á Old Trafford.

Sigurinn sýnir það líka svart á hvítu að Chelsea-menn ætla að vera með í toppbaráttunni á þessu tímabili þrátt fyrir að ekki hafi litið út fyrir það fyrir aðeins nokkrum vikum. Villas-Boas stóð af sér gagnrýnina og Chelsea-liðið er nú komið á skrið.

Chelsea-menn voru manni fleiri frá 58. mínútu þegar Gael Clichy fékk að líta sitt annað gula spjald fyrir brot á Ramires á 58. mínútu.

Daniel Sturridge var maðurinn á bak við bæði mörk Chelsea í leiknum. Það fyrra skoraði Raúl Meireles á 34. mínútu eftir stoðsendingu hans og það síðara skoraði Lampard úr víti eftir að skot Sturridge var varið með hendi.

Chelsea lék manni fleiri síðustu 32 mínútur leiksins og nýtti sér það. City-liðið fékk draumabyrjun með marki Mario Balotelli eftir eina og hálfa mínútu en Chelsea-menn komu til baka og tryggðu sér sinn fjórða sigur í röð í deild og Meistaradeild.

„Við urðum að vinna til að halda okkur inni í toppbaráttunni. Það hefði verið slæmt að missa þá þrettán stigum á undan okkur en sem betur fer við komum í veg fyrir það. Ég hafði það á tilfinningunni í seinni hálfleiknum að þetta yrði okkar kvöld. Ég var samt feginn þegar ég horfði á eftir vítinu mínu í netið," sagði Frank Lampard, hetja Chelsea, en hann skoraði sigurmarkið aðeins níu mínútum eftir að hann hafði komið inn á sem varamaður. Fernando Torres sat hins vegar allan tímann á bekknum í gær. **- óój**



**FRANK LAMPARD** Fagnar hér sigurmarki sínu í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Núna og aldrei aftur!

## Kauptu næstum nýjan bíl á dúndurverði í dag

Nýttu tækifærið!
Dúndurafsláttur í boði kaupir þú fyrir 16. des.
Thrifty bílaleiga þarf að rýma fyrir veturinn.

**Kauptu fyrir 16. des. og þú færð dúndurafslátt**

**Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík.**
**Opið 9-17, laugardag 12-16.**




Brimborg sér um söluna fyrir Thrifty bílaleigu.
Talaðu við ráðgjafa Brimborgar fyrir viðkomandi bílmerki.

**Kynntu þér hagstæða bílafjármögnun Landsbankans hjá ráðgjöfum Brimborgar eða á www.landsbankinn.is**

***Skoðaðu fleiri Ford dæmi***



**Dæmi: 560.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.**

**Ford Kuga Trend AWD árg. 2011**
2,0 dísil, sjálfskiptur, 5 dyra. Upphitanleg framrúða, hraðastillir, málmlitur o.fl.
EBD03. Skrd. 5/2011. Ek. 27.000 km.
Verð áður 5.550.000 kr.
**Dúndurafsláttur 560.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 4.990.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 57.831 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.45%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

***Skoðaðu fleiri Citroën dæmi***



**Dæmi: 150.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.**

**Citroën C3 SX árg. 2010**
1,6 dísil, beinskiptur, 5 dyra.
EXT96. Skrd. 7/2010. Ek. 39.000 km.
Verð áður: 2.140.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 150.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 1.990.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 23.232 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.84%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

***Skoðaðu fleiri Mazda dæmi***



**Dæmi: 190.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.**

**Mazda 3 Advance árg. 2010**
1,6i bensín, beinskiptur, 5 dyra.
MKN87. Skrd. 7/2010. Ek. 44.000 km.
Verð áður: 2.440.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 190.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 2.250.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla: 26.231 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.77%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

***Skoðaðu fleiri Volvo dæmi***



**Dæmi: 420.000 kr. Dúndurafsláttur fyrir 16. des. nk.**

**Volvo S40 Kinetic árg. 2010**
2,4i bensín, sjálfskiptur, 4 dyra.
Hraðastillir, málmlitur o.fl.
KRZ33. Skrd. 6/2010. Ek. 33.000 km.
Verð áður: 4.160.000 kr.
**Dúndurafsláttur: 420.000 kr.**
**Dúndurverð með afslætti: 3.740.000 kr.**
**Dúndur mánaðargreiðsla 43.415 kr.***
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10.52%
***Tilbúinn á götuna, skoðaður, í ábyrgð og á vetrardekkjum. Takmarkað magn.***
***Settu gamla bílinn upp í.***

*Skoðaðu fleiri dæmi á* ***notadir.brimborg.is***

*Tveir sýningarsalir Brimborgar, Bíldshöfða 6 og 8.*
***Muna að kaupa fyrir 16. des. og þú færð afsláttinn!***

**2 sýningarsalir Brimborgar**
**Bíldshöfða 6 og 8, Reykjavík**
Sími 515 7000 I notadir.brimborg.is

**Thrifty** *Bílaleiga*

*Mánaðargreiðsla er miðuð við 70% fjármögnun. Óverðtryggður bílasamningur til 7 ára, á föstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Tilboð gildir til 16. des. 2011. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni.

# STELPURNAR EIGA ENN MIKIÐ INNI

**Ágúst Jóhannsson, þjálfari stelpnanna okkar, fór yfir sögulegt heimsmeistaramót í Brasilíu í samtali við Sigurð Elvar Þórólfsson. „Með fullri virðingu fyrir íslensku deildinni þurfa fleiri leikmenn að komast í betri deildir, spila fleiri erfiða leiki og bæta sig á öllum sviðum,“ segir Ágúst. Íslenska liðið vann þrjá af sex leikjum sínum á fyrsta heimsmeistaramóti íslensks kvennalandsliðs frá upphafi.**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FYRSTI SIGURINN Í HÖFN** Ágúst Jóhannsson fagnar hér gríðarlega eftir að íslensku stelpurnar höfðu komið öllum á óvart og tryggt sér sigur á Svartfjallalandi í fyrsta leik sínum á HM í Brasilíu.

**HANDBOLTI** „Fyrir þetta mót vonaðist ég eftir kannski einum sigri. Og það var kannski stór ákvörðun að ætla sér upp úr riðlinum en það var raunhæft. Ég er bara mjög ánægður með útkomuna, glæsilegur árangur að ná þremur sigrum í riðlinum og vera í 16 liða úrslitum. Þetta er glæsilegt hjá stelpunum,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, í gær í Barueri.

Ágúst hefur ásamt „Stelpunum okkar“ fangað athygli íslensku þjóðarinnar með frábærum árangri á fyrsta heimsmeistaramóti liðsins frá upphafi. Liðið vann 3 leiki og tapaði 3 og var nálægt því að ná öðru sætinu í A-riðli en endaði í því fjórða.

### Byrjaði allt í Tékkaleikjunum

Hvernig útskýrir þú þá stemningu sem myndaðist í íslenska liðinu á þessu móti?

„Það gaf okkur mikið að vinna Svartfjallaland í fyrsta leik. Þetta byrjaði eiginlega með leikjunum gegn Tékkum á Íslandi. Það var mikill stígandi í þeim leikjum og ég fann að stelpurnar fengu meira sjálfstraust eftir því sem leið nær heimsmeistaramótinu. Það er frábær liðsheild í þessum hópi.“

„Tapleikurinn gegn Angóla er eftir á að hyggja ekkert óeðlileg úrslit. Angóla er bara með hörkulið og við vorum kannski aðeins of hátt uppi andlega eftir sigurinn gegn Svartfjallalandi.“

Er eitthvað hægt að gera betur í undirbúningi liðsins fyrir svona stórmót – þarf liðið meiri tíma til æfinga?

„Ég held að undirbúningurinn hafi verið góður. Liðið kom ekki of snemma saman fyrir þetta mót, ég vildi hafa þetta svona. Það er ekki gott að vera of lengi saman, það eru lið á þessu móti sem voru saman í nokkrar vikur fyrir mótið og það gaf þeim ekki neitt. Þetta var 10 daga undirbúningur, með allt liðið, 2 æfingaleikir á Íslandi og einn í London á leiðinni út. Þetta plan gekk upp og ég er sáttur.“

### Hrósar HSÍ og aðstoðarmönnunum

Ágúst hrósar starfsfólki HSÍ og aðstoðarmönnum sínum á þessu móti.

„Öll umgjörð liðsins er til fyrirmyndar, ég get ekki kvartað. Það er allt gert til þess að láta hlutina ganga upp. Allur aðbúnaður fyrir okkur þjálfarana og leikmenn er fyrsta flokks.“

Þjálfarinn hefur margoft lýst því yfir að það sé mikilvægast fyrir íslenskar handboltakonur sem ætli sér að verða betri að komast að hjá liðum í sterkari deild en á Íslandi. „Með fullri virðingu fyrir íslensku deildinni þurfa fleiri leikmenn að komast í betri deildir, spila fleiri erfiða leiki og bæta sig á öllum sviðum. Við sjáum það á þessu móti að við eigum enn mikið inni á mörgum sviðum. Við þurfum að fá fleiri leikmenn sem geta þolað mikið álag á stuttum tíma. Það gerist aðeins í lyftingasalnum og á aukaæfingum,“ segir Ágúst.

### Þær þurfa að gera meira

„Þetta á við um alla leikmenn á Íslandi í kvennaboltanum. Þær þurfa að gera meira til að verða betri. Möguleikarnir eru til staðar og leikmenn þurfa ekki endilega að fara til liða í efstu deild í Noregi, Danmörku eða Þýskalandi. Það er hægt að bæta sig í næstefstu deild í þessum löndum. Á þessu móti spilum við 5 leiki á 7 dögum og það er nánast jafnmikið og margir leikmenn á Íslandi hafa leikið í deildarkeppninni. Það eru góðir þjálfarar á Íslandi og tæknilega stöndum við samhliða mörgum af þessum sterku þjóðum. Við þurfum hins vegar að vinna betur með líkamsstyrk og hlaupagetu. Það geta leikmenn gert sjálfir með aðstoð fagfólks.“

Hvað finnst þér um handboltann sem þú hefur séð hér á HM í Brasilíu? Er eitthvað nýtt undir sólinni að koma fram á þessu móti? Nýjar áherslur og leikstílar?

„Nei, það finnst mér ekki. Það er ekki mikið sem hefur komið á óvart. Noregur og Rússland eru með sín sérkenni og halda þeim áfram. Spánn hefur reyndar komið mér á óvart og það er framþróun í þeirra leik. Ég er hrifinn af því sem Spánn er að gera. Það sem hefur komið mest á óvart á þessu móti er hve slakir Þjóðverjarnir voru. Það er í raun ótrúlegt hve lítið kom út úr þessu liði miðað við þau gæði sem eru í leikmannahópnum.“

### Í erfiðasta riðlinum

A-riðillinn sem leikinn var í Santos, var það erfiðasti riðillinn á þessu móti þegar uppi er staðið?

„Já, það er samdóma álit þeirra sem eru að fylgjast með þessu móti. Það var ekkert lélegt lið í riðlinum, nánast allt hörkuleikir. Það var mikið afrek hjá okkur að fara með 6 stig út úr riðlinum.“

Ísland var með í fyrsta sinn á stórmóti í handbolta kvenna í desember fyrir ári á Evrópumeistaramótinu í Danmörku. Ísland hefur nú þegar leikið tvo leiki í riðlakeppninni fyrir það mót og árangurinn hefur ekki verið nógu góður. Tap gegn Spánverjum og Úkraínu. „Við erum ekkert í sérstakri stöðu í riðlinum og í vor verða þrír leikir í þessum riðli. Við þurfum bara að vinna alla þessa leiki gegn Spánverjum, Úkraínu og Sviss til þess að eiga möguleika. Það er ekkert annað sem kemur til greina en að stefna á að vera inni á næstu stórmótum,“ sagði Ágúst Jóhannsson.

## Eins og að missa Ólaf Stefánsson



Rakel Dögg Bragadóttir var ekki með á þessu heimsmeistaramóti vegna meiðsla, en hún sleit krossband í hægra hné rétt fyrir mótið. Ágúst þekkir vel til Rakelar enda er hann þjálfari Levanger í Noregi þar sem Rakel hefur leikið undanfarin ár. Ágúst segir að hann hafi ekki viljað ræða mikið um fjarveru Rakelar meðan á mótinu stóð en hann veltir því fyrir sér líkt og margir aðrir hvernig liðinu hefði gengið á HM ef Rakel hefði verið með.

„Það átta sig ekki allir á því hvað það er stórt að missa Rakel út. Það er bara eins og að Ólafur Stefánsson væri ekki með karlalandsliðinu. Rakel er okkar besti leikmaður heilt yfir, gríðarlega mikilvæg fyrir þetta lið. Liðið þjappaði sér saman eftir að þetta varð ljóst 10 dögum fyrir mót. Rakel tók að sér ýmis hlutverk með liðinu, hún ræddi við leikmenn og kom þeim upp á réttum tíma. Hún á stóran þátt í þessum árangri og hún er sannur leiðtogi í þessu liði,“ sagði Ágúst.





**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson**
**fjalla um HM í Brasilíu**
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is


## Stelpurnar okkar sem sköruðu fram úr í tölfræðinni í heimsmeistarakeppni kvenna í handbolta í Brasilíu



### Flest mörk:

| | |
|---|---|
| **Karen Knútsdóttir (að ofan)** | **28** |
| Stella Sigurðardóttir | 22 |
| Dagný Skúladóttir | 17 |
| Hrafnhildur Ósk Skúladóttir | 14 |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | 12 |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir | 12 |
| Rut Jónsdóttir | 11 |
| Arna Sif Pálsdóttir | 7 |



### Flestar stoðsendingar:

| | |
|---|---|
| **Rut Jónsdóttir (að ofan)** | **16** |
| Hrafnhildur Ósk Skúladóttir | 12 |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | 12 |
| Stella Sigurðardóttir | 11 |
| Karen Knútsdótttir | 10 |

### Flest sköpuð mörk:

| | |
|---|---|
| **Karen Knútsdóttir** | **38** |
| Stella Sigurðardóttir | 33 |
| Rut Jónsdóttir | 27 |
| Hrafnhildur Ósk Skúladóttir | 26 |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | 24 |



### Flest fiskuð víti

| | |
|---|---|
| **Anna Úrsúla Guðmundsd. (að ofan)** | **9** |
| Stella Sigurðardóttir | 4 |
| Karen Knútsdóttir | 4 |
| Dagný Skúladóttir | 3 |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir | 3 |

### Flestir stolnir boltar

| | |
|---|---|
| **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir** | **6** |
| Dagný Skúladóttir | 3 |
| Hanna Guðrún Stefánsdóttir | 2 |



### Flest hraðaupphlaupsmörk

| | |
|---|---|
| **Dagný Skúladóttir (að ofan)** | **10** |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir | 7 |
| Stella Sigurðardóttir | 2 |
| Rut Jónsdóttir | 2 |

### Flest mörk með langskotum

| | |
|---|---|
| **Hrafnhildur Ósk Skúladóttir** | **9** |
| Karen Knútsdótttir | 8 |
| Rut Jónsdóttir | 7 |
| Stella Sigurðardóttir | 4 |



### Flestar spilaðar mínútur

| | |
|---|---|
| **Guðný Jenný Ásmundsd. (að ofan)** | **310:57** |
| Dagný Skúladóttir | 289:13 |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | 256:35 |
| Stella Sigurðardóttir | 250:53 |
| Þórey Rósa Stefánsdóttir | 244:49 |

### Flest varin skot

| | |
|---|---|
| **Guðný Jenný Ásmundsdóttir** | **87/0** |
| Sunneva Einarsdóttir | 9/2 |

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**6-12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**

# AFSLÁTTARDAGAR

**TÖKUM GAMLA RÚMIÐ UPPÍ NÝTT!**

**BYLTINGARKENNDIR ÍTALSKIR HEILSUKODDAR Á JÓLATILBOÐI - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

> **Stöð 2 kl. 20.25**
**Modern Family**

***Besta gamanþáttaröðin í sjónvarpi. Þriðja þáttaröðin byrjaði með stæl í síðustu viku og fjörið heldur áfram í kvöld. Mitchell og Cameron eru með stórar fréttir en þær gætu fallið í grýttan jarðveg.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HLUSTAR

# *Velkomnir vinir og önnur lög*

Aðventan er að mörgu leyti yndislegur tími, finnst mér. Hvað er neikvætt við mömmu- og loftkökur með kaldri mjólk? Marglit jólaljós segja myrkrinu stríð á hendur. Þetta árið hefur meira að segja verið veður við hæfi. Kuldinn og snjórinn eru velkomnir gestir. Það sama má segja um tónlistina sem fylgir þessum tíma.



Ég hlusta á útvarp í bílnum. Það fylgir því daglegu amstri að fimm til tíu jólalög eru dagskammturinn. Gamlir vinir heilsa þessa dagana. Maður brosir út í annað og fær hlýtt í hjartað. Sérstaklega þegar fjögurra ára gamall sonur minn situr í aftursætinu. Þar er sungið af list, hvort sem textinn er kunnuglegur eður ei.

Raggi Bjarna og Er líða fer að jólum. Snilld. Pálmi Gunnars og Gleði- og friðarjól. Fallegt og boðskapurinn við hæfi, svo tvö dæmi séu tekin.

Svo eru það hin. Þessi sem enginn getur heyrt án þess að langa til að reka hníf inn í eyrað á sér. Er þorandi að biðja um frí frá Jólahjólinu? Eða að saminn verði nýr texti við lagið Ef ég nenni?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ofar tungum **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.28 Tóti og Patti** (36:52) (Toot and Puddle)
**17.39 Þakbúarnir** (35:52) (Höjdarna)
**17.51 Skúli skelfir** (18:52) (Horrid Henry)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.30 Laus og liðugur** (17:20) (Gary Unmarried)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Íþróttaannáll 2011**
**20.40 Krabbinn** (2:13) (The Big C)
**21.15 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Millennium - Karlar sem hata konur I** (1:6) (Millennium) Sænsk þáttaröð byggð á sögum eftir Stieg Larsson um hörkutólið Lisbeth Salander og blaðamanninn Mikael Blomkvist. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.55 Sönnunargögn** (11:13) (Body of Proof) (e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.25 Picture This**
**10.00 The House Bunny**
**12.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts**
**14.00 Picture This**
**16.00 The House Bunny**
**18.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts**
**20.00 Funny People**
**22.25 Land of the Lost**
**00.05 Find Me Guilty**
**02.05 To Love and Die**
**04.00 Land of the Lost**
**06.00 Lakeview Terrace**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (76:175)
**10.15 Hawthorne** (7:10)
**11.05 Borgarilmur** (2:8)
**11.45 Hot In Cleveland** (9:10)
**12.10 Wonder Years** (1:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (16:24)
**13.25 So you think You Can Dance** (23:23)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.52 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (14:25)
**19.55 My Name Is Earl** (13:27)
**20.25 Modern Family** (2:24)
**20.50 Mike & Molly** (14:24)
**21.20 Chuck** (13:24)
**22.05 Terra Nova** Glæný og spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Stevens Spielberg um venjulega fjölskyldu sem fær að að taka þátt í mikilvægu tilraunaverkefni sem gæti bjargað mannkyninu. Þau ferðast 85 milljónir ára aftur í tímann til að byggja upp nýtt samfélag en hætturnar eru á hverju strái. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu þeirra í bandarísku sjónvarpi.
**22.55 Community** (10:25)
**23.20 Daily Show: Global Edition**
**23.50 The Middle** (8:24)
**00.15 Cougar Town** (20:22)
**00.40 Hawthorne** (5:10)
**01.25 Medium** (7:13)
**02.05 Satisfaction**
**02.10 Satisfaction**
**04.30 Chuck** (13:24)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 HM í handbolta** (Danmörk - Japan)
**17.00 Spænsku mörkin**
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Match Against Poverty** (Stjörnuleikur gegn fátækt) BEINT
**20.00 HM í handbolta** (Danmörk - Japan)
**21.25 HM í handbolta** (Svíþjóð - Frakkland)
**22.50 Spænski boltinn** (Real Madrid - Barcelona)
**00.35 Box: Amir Khan - Lamont Peterson**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Man. City**
**14.25 Norwich - Newcastle**
**16.15 Chelsea - Man. City**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Sunderland - Blackburn**
**20.50 Stoke - Tottenham**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Liverpool - QPR**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (3:175)
**20.10 Bones** (9:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Glee** (8:22)
**22.50 Covert Affairs** (10:11)
**23.35 Twin Peaks** (8:8)
**00.25 My Name Is Earl** (13:27)
**00.45 Bones** (9:22)
**01.30 The Doctors** (3:175)
**02.10 Sjáðu**
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Parenthood** (17:22) (e)
**16.05 Rachael Ray**
**16.50 Dr. Phil**
**17.35 Saturday Night Live** (2:22) (e)
**18.25 Málið** (3:4) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (35:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (10:25)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (13:24) (e)
**20.10 Outsourced** (14:22)
**20.35 Mad Love** (6:13)
**21.00 Charlie's Angels** (2:8) Sjónvarpsþættir byggðir á hinum sívinsælu Charlie's Angels. Englarnir villa á sér heimildir og smokra sér inn í innsta hring tískuheimsins eftir að fyrirsæta hverfur.
**21.50 Nurse Jackie** (11:12) Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie. Jackie er í launalausu leyfi vegna þess að hún er grunuð um að hafa stolið pillum af spítalanum.
**22.20 United States of Tara** (11:12)
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Mad Dogs** (3:4) (e)
**00.25 Tobba** (12:12) (e)
**00.55 Falling Skies** (8:10) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (10:25) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Dubai World Championship (1:4) **12.10** Golfing World **13.00** The Franklin Shootout (2:4) **15.00** The Franklin Shootout (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Dubai World Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**08.10** The Inspector Lynley Mysteries **09.45** Come Dine With Me **10.35** The Inspector Lynley Mysteries **11.20** EastEnders **11.50** The Inspector Lynley Mysteries **12.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **13.20** Come Dine With Me **14.10** Dalziel and Pascoe **15.50** Top Gear **16.45** Come Dine With Me **17.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** QI **18.50** QI **19.20** Top Gear **20.15** Top Gear **21.05** Live at the Apollo **21.50** QI **22.20** School of Comedy **22.50** School of Comedy **23.45** The Graham Norton Show

## DR 1

**12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.05** Jamie Olivers familiejul **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Miss Marple. Liget i biblioteket **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Price og Blomsterberg **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.45** Sporten med VM håndbold **21.05** Den skyldige **22.45** McFusk& Co

## NRK 1

**12.35** Ut i nærturen **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Buddha på brett **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Det søte liv **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Folk **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Mellom tonene finnes hemmelighetene **21.30** Bare Egil **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

## svt1

**10.00** Fråga doktorn **10.30** Plus **11.30** Anslagstavlan **11.40** Kören **12.40** Tjejer i sulkyn **13.10** Som natt och dag **14.50** En hjärtvärmande historia **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Delfinpojken **22.00** Dag **22.25** Nikita

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# „... SÖGUMAÐUR AF GUÐS NÁÐ ... SKEMMTIR, VEKUR UMHUGSUN OG SKILUR EFTIR ÖRLÍTINN HROLL Í SÁLINNI ... FULLKOMIÐ VALD Á FORMINU.“

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ




ÓLAFUR GUNNARSSON




**2. PRENTUN VÆNTANLEG**

„Tónninn í þessum sögum er fallegur, hann er manneskjulegur, launkíminn ... ákaflega þægileg lesning.“

*PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN*

„Þetta form leikur í höndunum á [Ólafi] ...“

*KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN*

„... sannkallaður nautnalestur.“

*ÁGÚST BORGÞÓR / DV.IS*

„*Hlákan* [er] algjört masterpiece. Ein besta íslenska smásaga sem ég hef lesið.“

*EGILL HELGASON / KILJAN*

„Ég hef aldrei séð [Ólaf] svona góðan ... *Meistaraverkið* er með fallegustu smásögum sem ég hef lesið.“

*SVAVAR GESTSSON / SVAVAR.IS*

„Meistari að verki.“

*INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / BOKMENNTIR.IS*

★★★★

„Höfundi tekst vel að draga persónurnar skýrum dráttum, gæða þær lífi þótt sögurnar séu stuttar; að vekja samkennd lesandans með þeim.“

*EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ*

★★★★

„... hér eru kjarnyrtar og hugsaðar smásögur á ferð.“

*PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN*



*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

*1 kr. sendingargjald til 15.12.11*

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Tónlistin úr Drive hefur gert ágætishluti síðustu dagana í vinnunni. Í eyrunum á hlaupum er það svo eurotechno af verstu gerð sem er varla mönnum bjóðandi.“*

Kári Steinn Karlsson, verkefnisstjóri hjá Icelandair og langhlaupari.

# Kveðjupartí Game of Thrones á Fjörukránni

Fimm mánaða löngu tökutímabili hjá tökuliði Game of Thrones lauk á laugardaginn og af því tilefni var skellt upp mikilli veislu á sunnudeginum. Staðsetningin var varla tilviljun, víkingastaðurinn Fjörukráin í Hafnarfirði. „Þeir lögðu staðinn undir sig en þetta var mjög þægilegt og gott fólk sem var auðvelt að vera með,“ segir Jóhannes Viðar Bjarnason, vert á Fjörukránni.

Jóhannes bauð tökuliðinu upp á þjóðlega íslenska rétti og íslenskt jólahlaðborð. Stærstur hluti tökuliðsins er frá írskum armi HBO og þegar tveir trúbadorar stigu á stokk söng tökuliðið hástöfum með. „Það er gott að halda partí á Fjörukránni,“ segir annar trúbadorinn, Ólafur Bjarnason. Hann spilaði og söng í næstum tvo tíma og þegar komið var að kveðjustund vildu gestirnir ekki fá neitt diskótek heldur heimtuðu meira kassagítarstuð. „Þeir þekktu lögin mjög vel og voru duglegir að skála,“ segir Ólafur. Mestu athyglina vakti auðvitað Kit Harington, sjálfur Jon Snow, sem leyfði hverjum sem vildi að mynda sig með sér. Tökuliðið svaf síðan úr sér á gistiheimilinu og hafði sig loks á brott eftir tæplega þriggja vikna dvöl hér á landi.

Síðustu tökurnar fóru fram við Höfðabrekkuheiði á laugardaginn og lék blindbylur tökuliðið grátt. Sumum íslensku statistunum stóð hreinlega ekki á sama þegar veðrið var sem verst en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins náðist hins vegar að klára allar tökur. Íslensku statistarnir urðu hins vegar á móti veðurtepptir og neyddust því til að gista á Vík yfir nóttina. **- fgg**



**MIKIÐ STUÐ** Jóhannes Viðar Bjarnason skellti upp mikilli veislu á Fjörukránni fyrir tökulið Game of Thrones, en fimm mánaða vinnu við þættina lauk formlega hér á landi á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




MUGISON: ÞESSI GREIÐSLUMATS-SKVÍSA GERÐI MANNI SENNILEGA GREIÐA

# Þrífyllti Hörpuna en komst ekki í gegnum greiðslumat

„Þessi greiðslumats-skvísa hefur nú sennilega verið að gera manni meiri greiða en maður gerir sér grein fyrir,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, Mugison.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að Mugison hyggst þakka rækilega fyrir viðtökurnar á plötunni Haglél sem hefur selst eins og heitar lummur. Hann býður þjóðinni upp á sjö ókeypis tónleika; þrenna í Hörpunni og ferna úti á landi. Þrátt fyrir þessa miklu gjafmildi og rokna sölu komst tónlistarmaðurinn ekki í gegnum greiðslumat hjá bankanum sínum, en hann hafði augastað á fallegu húsi í miðborg Reykjavíkur.

Mugison flutti í bæinn í haust eins og Fréttablaðið greindi frá og hefur dvalið, ásamt fjölskyldu sinni, í stúdíóíbúð í Vesturbænum. Fjölskyldan vildi stækka örlítið við sig og rakst á fallega eign í 101. Bankinn sagði hins vegar nei en Mugison erfir það ekki við hann, þvert á móti, þeir hafi örugglega bara gert honum greiða og þau hjónin urðu að endingu sammála um það. „Ég var að keyra framhjá Byko um daginn og sá þá svona 40 fermetra skúr, er ekki bara spurning um að finna bara einhverja lóð nálægt Melaskóla og planta honum þar? Maður þarf ekki mikið pláss, tvö börn, kona, Playstation og málið dautt.“

Mugison gefur plötur sínar út sjálfur og er því sjálfs sín herra. Hins vegar stóð honum til boða að láta lögin sín í hendur FL Group á sínum tíma og tryggja sér þannig öruggt skjól. „Ég fór á þrjá fundi og þar stóð, með stóru letri, að þeir ættu sálina í mér, það kom auðvitað aldrei til greina.“

Platan Haglél hefur slegið í gegn hjá íslenskum tónlistarunnendum og selst hreinlega í bílförmum. Platan hefur engu að síður sett nokkurt strik í reikning tónlistarmannsins því upphaflega planið var: „Að gefa út þessa sætu, rólegu íslensku plötu, fara í próf og eiga kósý-desember,“ eins og Mugison lýsir því, en hann er skráður í Listaháskóla Íslands. „En nú er maður búinn að skrópa sig út úr öllum kúrsum. Haglél er annaðhvort búin að eyðileggja fyrir mér námið eða koma mér á rétta braut, þetta fer allt eftir því hvernig maður lítur á samhengið.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**SÁTTUR** Þrátt fyrir að hafa ekki komist í gegnum greiðslumatið hjá bankanum sínum er Örn Elías bara sáttur með það, bankinn hafi sennilega verið að gera honum og fjölskyldunni meiri greiða heldur en hitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dagur Kári skiptir um lið

Baltasar Kormákur og fyrirtækið hans, Blueeyes, mun framleiða næstu kvikmynd Dags Kára Péturssonar. „Myndin er á íslensku og Dagur Kári er að skrifa handritið núna,“ segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið, en hann er staddur í Frakklandi að kynna væntanlega kvikmynd sína, Djúpið.

Þetta verður fyrsta mynd Dags Kára á móðurmálinu frá því að Nói albínói sló eftirminnilega í gegn. Hann hefur í millitíðinni gert Voksne Mennesker, sem var á dönsku, og The Good Heart með þeim Brian Cox og Paul Dano í aðalhlutverkum, en hún var á ensku.

Fréttablaðið reyndi án árangurs að ná sambandi við Dag Kára í gær. Kvikmyndaleikstjórinn hefur gert sínar þrjár myndir í samstarfi við ZikZak og Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi þar á bæ, segir flutninginn vera í fullri sátt. „Ég held að hann hafi bara viljað breyta aðeins til. Og það var ekkert vandamál af okkar hálfu, við ræddum þetta bara í fullri vinsemd og engum hurðum var skellt,“ segir Þórir Snær. **- fgg**



**SKIPTIR UM LIÐ** Dagur Kári er genginn til liðs við Baltasar Kormák eftir að hafa gert þrjár kvikmyndir undir merkjum ZikZak.



# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.




**13 ÞRAUTIR JÓLASVEINANNA**
Þrauta- og litabók fyrir krakka
á öllum aldri fylgir frítt með öllum
pöntunum fram að jólum á meðan
birgðir endast.

58·12345 | dominos.is

stefánsson

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Logi snýr aftur til Lemgo

Stuðningsmenn Lemgo geta tekið gleði sína á ný því **Logi Geirsson** snýr þangað aftur á næstunni. Lag hans, Komdu með, mun nú hljóma á heimaleikjum liðsins samkvæmt upplýsingum frá Einari Bárðarsyni, en Logi hefur lengi daðrað við tónlistargyðjuna. Kveðjustund Loga Geirssonar og forráðamanna þýska liðsins var alls ekki á góðum nótum en aðdáendur þess héldu hins vegar mikið upp á íslenska landsliðsmanninn. Telja má víst að þeir muni taka vel undir þegar lagið tekur að hljóma í þýsku úrvalsdeildinni.



### Þingkona á rapptónleikum

Það var nóg um að vera hjá þingkonunni **Siv Friðleifsdóttur** um helgina. Á föstudagskvöld skellti hún sér á jólauppistand grínhópsins Mið-Íslands í Þjóðleikhúskjallaranum ásamt lögreglumanninum Gylfa Hammer Gylfasyni. Þau héldu ekki rakleiðis heim á leið að gríninu loknu heldur ráku meðal annars nefið inn á Prikið, þar sem liðsmenn norðlensku rapphljómsveitarinnar Skyttanna voru við það að stíga á svið. Á sunnudaginn tók ekki verra við, því að þá var komið að árlegri marsipankeppni fjölskyldunnar, þar sem Siv gerði mola sem líktust formönnum stjórnmálaflokkanna en þurfti að lúta í lægra haldi fyrir bróður sínum, sem gerði mola í líki norskrar krónu.



**- fgg, sh**

## Mest lesið vísir


1. Ók fram á umferðarslys án þess að stansa
2. Grafalvarlegt mál ef menn yfirgefa slysavettvang
3. Aðstandendur Skaupsins í vandræðum vegna Gillz
4. Ormur sem lyktar eins og rotin egg orðinn plága …
5. Ísbirnir éta ungviði í meira mæli








Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin



**Proflex stillanlegt rúm.**
Gott stillanlegt rúm á frábæru verði.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 399.900 kr.**
**Nú 379.900 kr.**

**10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)






**Board Wallhugger stillanlegt rúm.**
Eitt vinsælasta stillanlega rúmið.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 549.900 kr.**
**Nú 529.900**



**Saga/Freyja hágæða heilsudýna.**
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr. Nú 119.900 kr.**

**Þór hágæða heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr. Nú 139.900 kr.**

**20% afsláttur**
**Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.**





**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr. Nú 169.900 kr.**
**Íslenskur höfuðgafl 94.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**20% afsláttur**
**Jólagjöfin þín í ár. Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali. Frá 8.900 kr. Nokkrar stærðir**





**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta. 169.900 kr.**
**BOAS leður hægindastóll. 79.900 kr.**
**BOAS rafmagns lyftu stólar. 149.900 kr.**



**Mikið úrval af svefnsófum**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is